# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 1. FEBRÚAR 2018

„Ég finn fyrir ómældu þakklæti og auðmýkt fyrir þessari vegsemd og heiðri sem ég hef hlotið," segir Þorgerður Ingólfsdóttir, kórstjóri og nýr heiðursborgari Reykjavíkur. Hún hlaut nafnbótina við athöfn í Höfða í gær. „Ég er snortin, að öguðu uppeldisstarfi með listrænu ívafi sé gefinn gaumur. Þakklæti mitt er fyrst og fremst til þeirra sem hafa unnið með mér í fimmtíu ár. Ég er bara fulltrúi og samnefnari þeirra." Sjá síðu 32 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fréttablaðið í dag


SKOÐUN Hanna Katrín Friðriksson ræðir ofneyslu ávanabindandi lyfja. 16

SPORT Böðvar Böðvarsson er á leiðinni í pólsku deildina. 26

MENNING Vetrarhátíð sett við Marshallhúsið í kvöld. 38


PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● KONUR Í ATVINNULÍFINU

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Föngum á Litla-Hrauni skipt upp vegna hótana

**Hótanir fanga í verkfalli í garð forstöðumanns Litla-Hrauns hafa verið tilkynntar til lögreglu. Tveir fangar sem höfðu sig mest í frammi, hótuðu og ógnuðu samföngum, voru fluttir í annað fangelsi. Félag fanga segir hópinn vera að róast.**

**FANGELSISMÁL** Tveir fangar, sem hafa haft sig hvað mest frammi í svokölluðu verkfalli á Litla-Hrauni, hafa verið fluttir á Hólmsheiði, meðal annars vegna hótana og ógnana í garð starfsmanna fangelsisins og samfanga. Hótanirnar hafa til að mynda beinst gegn Halldóri Vali Pálssyni, forstöðumanni Litla-Hrauns, og verið tilkynntar lögreglu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Fangarnir ákváðu í upphafi viku að mæta hvorki til skóla né starfa eftir að íþróttasal Litla-Hrauns var lokað, en það var gert í kjölfar árásar á átján ára hælisleitanda í salnum. Segja fangarnir að um sé að ræða hóprefsingu og fara fram á að slíkum refsingum verði hætt tafarlaust. Þá eru þeir ósáttir við umfjöllun um árásina þar sem fram hafi komið að ráðist hafi verið á piltinn sökum kynþáttafordóma, en þeir segja þær ásakanir úr lausu lofti gripnar.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, segir að útlit sé fyrir að ró sé að færast yfir hópinn og að einhverjir séu farnir að mæta til skóla og vinnu. Hann tekur á sama tíma fram að félagið standi ekki að baki mótmælunum, en að verið sé að miðla málum í samvinnu við fangelsismálayfirvöld. Aðspurður segist hann ekki kannast við meintar hótanir en segir það miður ef rétt reynist.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir að verið sé að vinna í málinu. „Það er mikilvægt að fangar geti sótt vinnu og stundað nám í fangelsinu og það er okkar verkefni að tryggja það. Við höfum átt samskipti við Afstöðu og það er sameiginlegur vilji til að láta þessa hluti ganga upp," segir Páll, sem vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Heimildir blaðsins herma að um tiltekinn hóp fanga sé að ræða og aðrir fangar hafi ekki átt annars úrkosta en að taka þátt í aðgerðum hópsins, þrátt fyrir að hafa viljað mæta í skóla eða vinna. Þeir vilji síður setja sig upp á móti umræddum föngum, sem eru þekktir og margdæmdir ofbeldismenn.

Halldór Valur, forstöðumaður Litla-Hrauns, vildi ekki svara fyrirspurnum fjölmiðla þegar eftir því var leitað. **– sks**

## Ninna Karla vill gefa eggin sín

**LÍFIÐ** „Ég átti börnin mín mjög auðveldlega og mér þykir mjög leiðinlegt að allir geti ekki eignast börn sem vilja það," segir Ninna Karla Katrínardóttir, sem vill gefa eggin sín til kvenna í frjósemisvanda. Eggjagjafarferlið getur tekið tvær til þrjár vikur og Ninna vonast til þess að geta gefið tveimur konum egg. Þess má geta að núna bíða 78 konur eftir eggi hjá LIVIO Reykjavík, sem áður hét IVF-klínikin.

**– gha / sjá síðu 48**

## Bíða fregna af loðnukvótanum

**SJÁVARÚTVEGUR** Ákvörðunar er beðið um hvort loðnukvóti verði aukinn á vertíðinni, á meðan niðurstöður mælinga um stærð stofnsins liggja ekki fyrir. Flestar útgerðir hafa dregið úr sókn á meðan, enda ekki mikið eftir af upphaflegum loðnukvóta. Ákvörðunin verður tekin á næstu dögum. **– kij / sjá síðu 14**

## Veður




Austlæg átt og bjartviðri allvíða á landinu en vaxandi suðaustanátt með snjókomu um sunnan og vestanvert landið þegar líður á daginn. Suðaustan stormur með snjókomu og síðan slyddu og rigningu í kvöld.
SJÁ SÍÐU 34

**Sunna vill betri heilbrigðisþjónustu.** MYND/UNNUR BIRGISDÓTTIR

# Sunna flutt á betra sjúkrahús

**SAMFÉLAG** Utanríkisráðuneytið ásamt Sjúkratryggingum Íslands vinnur að því ásamt ræðismanni Íslands á Spáni að fá Sunnu Elviru Þorkelsdóttur, sem slasaðist alvarlega í Malaga fyrir hálfum mánuði, flutta á annað sjúkrahús á Spáni til að tryggja henni betri heilbrigðisþjónustu. Jón Kristinn Snæhólm, talsmaður fjölskyldunnar, vonast til að af þeim flutningi geti orðið í dag.

Utanríkisráðuneytið hefur verið Sunnu og fjölskyldu innan handar frá því slysið varð þann 17. janúar og hefur komið á sambandi milli fjölskyldunnar og ræðismanns Íslands á staðnum sem hefur aðstoðað fjölskylduna frá fyrsta degi. Þá hefur ráðuneytið einnig haft milligöngu um samband milli Landspítalans og heilbrigðisyfirvalda á Spáni vegna læknisþjónustu og umönnunar Sunnu, auk samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands um leiðir til að bæta líðan hennar á meðan hún er á Spáni meðal annars með aukinni aðstoð og fyrrgreindum flutningi á annað sjúkrahús.

Ráðuneytið getur hins vegar ekki beitt sér fyrir afhendingu vegabréfs Sunnu eða haft önnur afskipti af þeirri lögregluranns ókn sem flækir heimkomu hennar.

Enn hafa engin svör fengist frá lögregluyfirvöldum á Spáni um hvenær vænta megi að hún fái vegabréfið afhent, en því er haldið hjá lögreglunni á Spáni vegna rannsóknarhagsmuna. – aá

# Komu til dyranna eins og þær eru klæddar

Í gær klæddust konur svörtu til stuðnings #metoo-byltingunni. Átakinu var hrint af stað af Félagi kvenna í atvinnurekstri og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Heilu vinnustaðirnir voru undirlagðir fólki, reyndar af báðum kynjum, í svörtum fötum. Það var til að mynda svart um að litast í höfuðstöðvum Íslandsbanka, innan um rauðan einkennislit bankans, þar sem þessi hópur kvenna klæddist svörtu frá toppi til táar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Helga hætt hjá Birtíngi

**FJÖLMIÐLAR** Fjölmiðlakonan Helga Arnardóttir hefur látið af störfum hjá útgáfufélaginu Birtíngi. Hún var ráðin yfirritstjóri félagsins í desember síðastliðnum þar sem hún meðal annars ritstýrði tímaritinu Mannlífi, en tilkynnt var um ráðningu hennar þann 11. desember.

Helga ritstýrði fjórðu útgáfu Mannlífs sem kom út síðastliðinn föstudag og lét hún af störfum þann sama dag.

Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Birtíngs, segir að um hafi verið að ræða ákvörðun beggja aðila og að ekki sé búið að ráða annan í hennar stað. Helga starfaði áður á RÚV þar sem hún var annar af tveimur umsjónarmönnum Kastljóss. – sks

Helga Arnardóttir

# Indverski sendiherrann býður þjóðinni í jóga

**Indverski sendiherrann ver fjörtíu mínútum á dag í öndunaræfingar og finnst Íslendingar þurfa að greiða alltof mikið til að sækja jógatíma. Sendiherrann réð því jógakennara alla leið frá Indlandi sem kennir frítt og býður þjóðinni í jóga.**

**SAMFÉLAG** Sendiherra Indlands á Íslandi tók upp jóga eftir að forsætisráðherra heimalandsins lagði til að alþjóðlegur jógadagur yrði haldinn hátíðlegur. Hann fer ekki í gegnum daginn án þess að taka frá klukkustund í jógaæfingar. „Jóga er þúsund ára gömul iðja en við höfum aldrei hugsað um hana sem bara okkar, heldur viljum við deila henni með mannkyninu," segir Rajiv Kumar Naqpal, sendiherra Indlands á Íslandi, sem býður upp á ókeypis jógatíma í sendiráði Indlands við Túngötu. Hann stundar æfingarnar sjálfur daglega, en finnst jógatímar of dýrir hér á landi.

„Það er mikill áhugi fyrir jóga hér á landi og mörg stúdíó sem bjóða upp á jóga en þar getur tíminn kostað tvö til þrjú þúsund krónur sem mér finnst frekar í dýrara lagi," segir sendiherrann. „Svo okkur datt í hug að bjóða upp á þessa þjónustu ókeypis og fá jógakennara hingað til lands. Jóga er gott fyrir bæði andlega og líkamlega heilsu og okkur finnst að það ætti að vera frítt."

Sjálfur hóf sendiherrann að stunda jóga fyrir um fjórum árum, eða eftir að forsætisráðherra Indlands óskaði eftir því hjá Sameinuðu þjóðunum að 21. júní yrði gerður að alþjóðlegum degi jóga. Nú gerir Naqpal jógaæfingar í klukkustund á dag og segist einbeita sér mest að önduninni.

„Við gerum þetta öll í sendiráðinu. Ég ver um fjörutíu mínútum bara í öndun sem hjálpar mikið við andlega heilsu enda anda allir í heiminum. Það bætir andlega heilsu og maður finnur fyrir breytingunni að innan," segir hann.

Starfsfólk sendiráðsins stundar jóga af miklum móð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ég ver um fjörutíu mínútum bara í öndun sem hjálpar mikið við andlega heilsu enda anda allir í heiminum.**
>
> Rajiv Kumar Naqpal, sendiherra Indlands á Íslandi

Jógakennarinn kom frá Indlandi til Íslands í desember og mun starfa hjá sendiráðinu í tvö ár, en eftir þann tíma stefnir Naqpal á að ráða nýjan kennara.

Eins og stendur er boðið upp á fjóra tíma á dag í sendiráðshúsinu við Túngötu, og nú þegar hafa tæplega fimmtíu manns skráð sig á námskeið, þrátt fyrir að þau hafi lítið sem ekkert verið auglýst. Mætingin er þó misjöfn eftir dögum og suma daga er það lítill hópur sem æfir jóga í kjallara sendiráðsins. Naqpal kveðst þó vera búinn að skoða þann möguleika að flytja námskeiðin í stærra húsnæði ef mæting yrði meiri en húsnæðið þolir – enda yrði hann himinlifandi ef öll þjóðin myndi byrja að stunda jóga. bryndissilja@frettabladid.is

Kringlan

30 ára

ÚTSÖLU LÝKUR 4. FEBRÚAR

# ÚTSÖLULOK

OPIÐ TIL
21
Í KVÖLD

## GÖTUMARKAÐUR OG ÓTRÚLEG VERÐ

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is



Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ræða átti gerla á fjölmiðlafundi

**VEITUMÁL** Halldór Halldórsson og Marta Guðjónsdóttir, varamenn Sjálfstæðisflokksins í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, segja margt hafa farið úrskeiðis við að koma upplýsingum til almennings varðandi gerlamengun í neysluvatni er upp kom grunur um slíkt fyrr í þessum mánuði.

„Ljóst er að skerpa þarf á verkferlum um tilkynningaskyldu til almennings þegar um umhverfis- og eða mengunarslys er að ræða," segir í bókun Halldórs og Mörtu í fundargerð stjórnar OR. Fréttatilkynningar hafi ýmist komið of seint eða voru með röngum upplýsingum. „Þegar mengun af þessu tagi kemur upp sem snertir meira og minna alla borgarbúa væri réttast að boða til blaðamannafundar og upplýsa um málið." – **gar**

## Árni Páll til EES

**UTANRÍKISMÁL** Árni Páll Árnason, fyrrverandi ráðherra og formaður Samfylkingarinnar, hefur verið ráðinn varaframkvæmdastjóri skrifstofu Uppbyggingarsjóðs EES í Brussel, að tilnefningu íslenskra stjórnvalda. Hann mun fara með samskipti við EES/EFTA-ríkin, Noreg, Ísland og Liechtenstein, og viðtökuríkin fimmtán. EFTA-ríkin fjármagna í gegnum sjóðinn ýmsar umbætur og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem lakar standa í efnahagslegu tilliti og eru styrkþegaríki sjóðsins öll í Suður- og Austur-Evrópu.

Árni Páll Árnason

Árni Páll er lögmaður með sérhæfingu í Evrópurétti og hefur starfað að Evrópu-, viðskipta og varnarmálum hjá utanríkisráðuneytinu. Hann tekur við stöðu varaframkvæmdastjóra í Brussel í dag. – **sks**

# Móðir lét lögreglu vita af meintum brotum árið 2015

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglu var gert viðvart um meint kynferðisbrot starfsmanns ungmennaheimilis í Reykjavík árið 2015. Þetta var haft eftir móður brotaþola í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Rannsókn á máli mannsins hófst í janúar þrátt fyrir að kæra á hendur honum hafi borist í ágúst á síðasta ári. Hann hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 19. janúar grunaður um að hafa brotið kynferðislega gegn barni um árabil. Frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafa þau svör fengist að rannsókn hafi ekki hafist fyrr vegna manneklu og annríkis.

Brot þau sem maðurinn er kærður fyrir eiga að hafa átt sér stað á árunum 2004 til 2010. Var það annar þáttur í drætti lögreglunnar en lögreglan mat það svo að önnur mál væru meira aðkallandi.

Móðir kæranda segir að hún hafi gert lögreglu viðvart um málið árið 2015 og að þá hafi hún einnig getið starfsvettvangs mannsins.

Mörgum þykir rannsókn hafa farið seint af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hún hafi ekki getað kært málið þar sem sonur hennar var þá orðinn sjálfráða. Samkvæmt heimildum Stöðvar 2 var barnaverndaryfirvöldum einnig gert viðvart um meint brot mannsins. Það var árin 2002 og 2008.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að öll mál kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem eru til rannsóknar, verði yfirfarin á nýjan leik vegna málsins. – **jóe**

# Vísbendingar um að unga fólkið búi lengur hjá mömmu og pabba

**Hlutfall ungs fólks sem býr enn í foreldrahúsum hefur hækkað undanfarin ár. Húsnæðisverð hækkaði í öllum hverfum á síðasta ári. Dregur úr verðhækkunum næstu ár og árið 2020 gæti orðið raunlækkun.**

**VIÐSKIPTI** Árið 2015 bjuggu 57 prósent einstaklinga á aldrinum 20-24 ára í foreldrahúsum. Hlutfallið hefur hækkað umtalsvert síðustu ár en árið 2004 bjuggu rétt um 50 prósent einstaklinga á þessum aldri hjá foreldrum sínum.

Greiningardeild Arion banka segir í nýrri skýrslu um húsnæðismarkaðinn, sem kynnt var í gær, að tölurnar frá 2015 séu nýjustu tiltæku upplýsingarnar en færa megi rök fyrir því að fjölgað hafi í þessum hóp síðustu tvö ár þar sem húsnæðisverð hefur hækkað skarpt. Á móti kemur að hlutfall fyrstu kaupa hefur farið hækkandi.

„Við teljum líklegt að aldur fyrstu kaupenda hafi hækkað og því hafi fjölgun fyrstu kaupa frekar áhrif á eldra aldursbilið, það er að segja 25-29 ára. Eftirspurn á húsnæðismarkaði frá einstaklingum undir 22 ára er því að einhverju leyti tempruð," segir í skýrslunni.

Greiningardeildin segir að húsnæðisverð hafi hækkað verulega umfram undirliggjandi þætti í öllum hverfum Reykjavíkur á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að húsnæðisverð hækki enn. Hækkunin verði um 6,6 prósent í ár, svo verði hún 4,1 prósent á næsta ári og 2,3 prósent árið 2020. Greiningardeildin bendir á að útlit sé fyrir að undir lok spátímans muni raunverð húsnæðis lækka á milli ára. Það yrði í fyrsta sinn frá árinu 2010 sem raunverð húsnæðis lækkar.

Greiningardeildin segir að íbúðum á landinu öllu hafi fjölgað um 1.700 á síðasta ári. Byggja þurfi hátt í níu þúsund íbúðir á landinu fram til ársloka 2020 til að framboð haldi í við fólksfjölgun. Í nýrri greiningu Íbúðalánasjóðs segir reyndar að íbúðum þurfi að fjölga um 17.000 til ársins 2020. Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá Greiningardeildinni, segir að útskýra megi muninn með því að í tölum þeirra sé ekki tekið tillit til þarfarinnar sem þegar hefur safnast upp.

Greiningardeild Arion banka segir að íbúðum hafi fjölgað um 1.700 á síðasta ári. Að mati deildarinnar vantar 9.000 íbúðir til ársins 2020 til að framboð haldi í við fólksfjölgun. Ólíklegt sé að markmiðið náist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erna Björg Sverrisdóttir

Í skýrslunni segir að einstaklingum 22 ára og eldri hafi fjölgað um rúmlega 8.000 árið 2017. Útlit sé fyrir að fólksfjölgun verði nokkuð hröð á næstu árum. Hversu hröð hún verði muni ráðast að miklu leyti af innflutningi vinnuafls, sem aftur ræðst af efnahagsástandinu. Hröð fólksfjölgun kunni að leiða til tímabundinnar umframeftirspurnar á húsnæðismarkaði sem aftur muni þrýsta verðinu upp. **jonhakon@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

BLACK+DECKER DEWALT HITACHI Inspire the Next BLACK+DECKER DEWALT HITACHI Inspire the Next

# VERKFÆRA DAGAR

30% afsláttur

**11.745kr**
~~16.785kr~~
**Fellistigi 4x3 þrep**
Pallur, trappa (1,65 m) og stigi (3,4 m).
Plötur fylgja, burðarþol 150 kg.
5078878

20% afsláttur
Allar áltröppur og stigar

BLACK+DECKER

**12.995kr**
~~18.995kr~~
**Borvél + 100 fylgihlutir**
12V, 2 rafhlöður 1.5Ah, Li-ion, hersla 25Nm.
5245566

32% afsláttur

BAHCO

**6.495kr** 3 stk.
~~9.995kr~~
**Hallamál**
3 stk., 60-120-200 cm.
5014128

35% afsláttur

BLACK+DECKER
**30% afsláttur**
Af öllum Black + Decker rafmagns-verkfærum

HITACHI
**20% afsláttur**
Af öllum Hitachi rafmagns-verkfærum

DEWALT
**20% afsláttur**
Af öllum DeWALT rafmagns-verkfærum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## MÁLNINGARDAGAR

# 25% afsláttur

af allri málningu

Kalkmálning | Mött málning | Veggmálning




Loftamálning | Lakkmálning | Votrýmismálning

VEGGUR: LADY PURE COLOR
6352 **EVENING GREEN**

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á HUSA.IS

Byggjum á betra verði

# Öruggur staður fyrir hinsegin ungmenni

**SAMFÉLAG** Hátt í fimmtíu ungmenni mæta á þriðjudagskvöldum í hinsegin félagsmiðstöð við Suðurgötu. „Við leggjum mikið upp úr því að skapa öruggt umhverfi fyrir krakkana og auðvitað ríkir hundrað prósent trúnaður," segir Hrefna Þórarinsdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar. Hún er rekin er í húsnæði Samtakanna '78.

Samtökin og Reykjavíkurborg framlengdu nýverið fræðslu- og þjónustusamning. Þannig hefur rekstur félagsmiðstöðvarinnar verið tryggður út árið 2020.

Í félagsmiðstöðinni gefst krökkum á aldrinum 13 til 17 ára kostur á að sækja fjölbreytta dagskrá, hvort sem þeir eru hinsegin eða áhugasamir um hinsegin málefni, alla þriðjudaga frá hálf átta til tíu. „Við höfum haldið YouTube-kvöld, bakað, verið með kynfræðslu og alls konar," segir Hrefna. „Þarna gefst þeim tækifæri á að hitta önnur ungmenni sem eru í svipuðum pælingum."

Starfið hófst sem tilraunaverkefni árið 2016 og var þá ætlað fólki á aldrinum 13 til 25 ára. Hlutirnir undu hratt upp á sig og var að lokum ákveðið að hanna starfið eftir hefðbundnum félagsmiðstöðvum og miða að krökkum á aldrinum 13 til 17 ára. Það hefur gengið mjög vel að sögn Hrefnu. – **dfb**

# Hömstruðu lífsins vökva

Íbúar í Höfðaborg, einni af höfuðborgum Suður-Afríku, söfnuðust saman við brunna og vatnsleiðslur borgarinnar í gær til að hamstra vatn. Uppistöðulón skammt frá borginni er við það að þorna upp eftir hátt í þriggja ára þurrk. Að óbreyttu verður borgin í heild vatnslaus innan þriggja mánaða. Stjórnvöld eru nú þegar að undirbúa aukna löggæslu vegna vatnsskortsins en óttast er að vargöld geti hafist við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segist ekki þurfa að hlýða sérfræðiáliti

**Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra kom fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins í gær. Hún segist sjálf sérfræðingur á sviðinu og ekki vera bundin áliti annarra sérfræðinga. Þingmaður Viðreisnar segir kveða við nýjan og athugaverðan tón í máli ráðherrans.**

**STJÓRNSÝSLA** „Ég er sjálf sérfræðingur," sagði Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra á opnum fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar (SoE) þar sem skipan hennar á 15 dómurum í Landsrétt var til umræðu.

Málflutningur ráðherrans tók stefnubreytingu á fundinum þess eðlis að þingið bæri ábyrgð á skipan dómara í Landsrétt þar sem það samþykkti tillöguna og að henni hefði verið nauðugur einn kostur, að hundsa tillögu hæfisnefndarinnar til að málið kæmist í gegnum þingið.

Á fundi nefndarinnar nefndi ráðherrann að það væri í raun þingið sem færi með ákvörðunarvaldið þegar þingið samþykkti þá 15 einstaklinga sem eru nú dómarar við Landsrétt. „Alþingi ber klárlega ábyrgð á skipaninni. Það er Alþingi sem staðfesti þá skipan," sagði Sigríður. Þetta stangast á við það sem hún hefur áður sagt, til að mynda þann 23. janúar síðastliðinn í þingræðu. „Sem ráðherra ber ég að sjálfsögðu ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru, eins og ráðherra gerir ávallt, hann þarf að gera það, auðvitað eftir eigin hyggjuviti."

Fram hefur komið í fjölmiðlum að sérfræðingar ráðuneytisins höfðu uppi sterk aðvörunarorð til ráðherrans. Kysi hún að ganga þá leið sem hún svo gerði, gæti það þýtt dómsmál og sakfellingu. Hins vegar hafa ekki sést ráðleggingar sérfræðinga um að æskilegt væri að fara þá leið sem síðar varð ofan á. Sigríður sagði einnig á þingi þann 23. janúar að hún hefði haft fjölda sérfræðinga sér til aðstoðar. „Að sjálfsögðu voru mér til aðstoðar ýmsir ráðgjafar, meðal annars starfsmenn hæfisnefndarinnar umtöluðu en einnig sérfræðingar í mínu eigin ráðuneyti."

„Málflutningur ráðherrans um að skipanin væri á ábyrgð þingsins kom mér satt að segja mjög á óvart," segir Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar og nefndarmaður í SoE. „Áður hefur hún sagt að þetta væri á sinni ábyrgð og hún myndi standa við hana."

**Sigríður Á. Andersen**

Þegar skipan dómaranna var staðfest var Viðreisn í stjórnarmeirihluta. Aðspurður segir Jón að þingflokkurinn hafi rætt málið eftir að það komst í hámæli síðustu vikur.

„Það hefur valdið mér vonbrigðum að ráðherrann var varaður mjög eindregið við af sérfræðingum að þessi málsmeðferð væri í meira lagi vafasöm," segir Jón. „Það eru vonbrigði að þingið hafi ekki verið upplýst um það. Sérstaklega í ljósi þess að nú virðist hún telja skipanina vera á ábyrgð þess. Í ljósi þess hefði mér þótt henni skylt og eðlilegt að láta þessar upplýsingar koma fram."

SoE hefur ekki ákveðið næstu skref í meðferð málsins. Umboðsmaður Alþingis hefur sent ráðherra bréf vegna málsins og er að skoða hvort ástæða sé til frumkvæðisathugunar. „Embættið tekur ekki til meðferðar mál sem þingið er að skoða svo það er ein breyta sem spilar inn í," segir Jón.

**sveinn@frettabladid.is**
**johannoli@frettabladid.is**

F&F

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

# 70%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

VANTAR ÞIG ALVÖRU JEPPA FYRIR VETURINN?

Til sölu Nissan Pathfinder árg. 2008. **320 hestafla V8 jeppi** keyrður aðeins 160 þús. **Bandarísk útgáfa hlaðin aukaþægindum.** Verð kr. 2,9 millj. Uppl. s: 892 3755.

Hljóðritasjóður

Umsóknarfrestur til **15. mars**

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð.**

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla hljóðritun á íslenskri tónlist. Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist og þannig er stutt við nýsköpun hennar.

Hljóðritin skulu kostuð af íslenskum aðilum en mega einnig vera samstarfsverkefni við erlenda aðila.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, **15. mars og 15. september.**

**Næsti umsóknarfrestur er til 15. mars kl. 17.00.**

**Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.**

Stjórn Hljóðritasjóðs
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Netfang: hljodritasjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT

# Neita að ábyrgjast höfn fyrir tugmilljarða króna

Þýska fyrirtækið Bremenports vill að Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur taki á sig fjárhagslegar ábyrgðir vegna stórskipa- og olíuþjónustuhafnar í Finnafirði. Vill tryggingu fyrir því að óstofnað hafnarfélag geti ekki orðið gjaldþrota.

**Hafa unnið að verkefninu í áratug**




Vísindamenn á vegum Bremenports hafa skoðað aðstæður í Finnafirði. Myndin sýnir teikningu hafnarinnar samkvæmt aðalskipulagi sem byggja á í þremur til fimm áföngum á allt að 30 ára tímabili.

**IÐNAÐUR** Sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur hafa í viðræðum við þýska fyrirtækið Bremenports neitað að taka á sig fjárhagslega ábyrgðir og skuldbindingar vegna fyrirhugaðrar byggingar stórskipa- og olíuþjónustuhafnar í Finnafirði. Bremenports á að leiða fjármögnun og öflun verkefna fyrir höfnina og hefur farið fram á að sveitarfélögin skuldbindi sig og lýst því yfir að settar verði fram kröfur um frekari aðkomu ríkisins varðandi uppbyggingu innviða á svæðinu.

Þetta kemur fram í skýrslu sem lögmenn sveitarfélaganna tóku saman um miðjan janúar og Fréttablaðið hefur undir höndum. Fjallar hún um stöðu Finnafjarðarverkefnisins og lýsir meðal annars ágreiningsefnum sem komu upp í viðræðunum í fyrra. Þar segir að Bremenports virðist telja nauðsynlegt að væntanlegir sérleyfishafar hafnarinnar hafi tryggingu hins opinbera fyrir því að óstofnað hafnarfélag um framkvæmdina geti ekki orðið gjaldþrota.

„Þeirri kröfu um ábyrgð hefur alfarið verið hafnað, enda ómögulegt að verða við slíkri kröfu, auk þess sem engar lagaheimildir eru til staðar til þess að hægt sé að verða við henni," segir í skýrslunni.

Þar er rifjað upp að í janúar í fyrra fékkst samþykki frá pólitískt kjörinni stjórn Bremenports fyrir þátttöku í verkefninu. Fulltrúar þess hafi hitt forsvarsmenn sveitarfélaganna á fjórum fundum á árinu og átt önnur margvísleg samskipti. Stóru línur verkefnisins virðast smám saman farnar að skýrast þrátt fyrir að engir samningar hafi verið undirritaðir.

> **Þeirri kröfu um ábyrgð hefur alfarið verið hafnað, enda ómögulegt að verða við slíkri kröfu, auk þess sem engar lagaheimildir eru til staðar til þess að hægt sé að verða við henni.**
>
> Úr skýrslunni um stöðu Finnafjarðarverkefnisins

Hugmyndir séu uppi um stofnun þriggja sjálfstæðra félaga; þróunarfélags, hafnarfélags og félags landeigenda. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin muni eiga hafnarfélagið að fullu sem verði eigandi hafnarinnar og hafi umsjón með framkvæmdum á og við höfnina. Þróunarfélagið verði einnig í þeirra eigu en að auki Bremenports og utanaðkomandi fjárfesta. Viðræður um skiptingu hlutafjár og útfærslu á réttindum sem tengjast eignarhaldi í því félagi standa nú yfir.

Fréttablaðið greindi í september frá fundi sveitarstjóra Langanesbyggðar með forsvarsmönnum kínverska fyrirtækisins Cosco Shipping, þriðja stærsta skipafélags heims, þar sem áformin um höfnina voru kynnt. Viljayfirlýsing um áframhaldandi samstarf um uppbyggingu hennar var undirrituð í maí 2016 af fulltrúum íslenskra stjórnvalda, sveitarfélaganna, EFLU og Bremenports. Búið er að ráðast í jarðvegsrannsóknir í firðinum og á gróðri og dýralífi.

Ljóst er að ef af framkvæmdum verður mun verkefnið hlaupa á tugum milljarða króna en það hefur verið í undirbúningi í um áratug.

„Helstu ógnanir við verkefnið eru þær að það er afar umfangsmikið og kallar á það að sveitarfélögin stígi varlega til jarðar varðandi allar ákvarðanir sem tengjast mögulegum útgjöldum og eftir atvikum kröfum viðsemjenda um fjárhagslegar ábyrgðir. Í þeim efnum verður að hafa í huga að gildandi sveitarstjórnarlög og önnur ákvæði laga um sveitarfélög takmarka mjög heimildir sveitarfélaga til að takast á herðar fjárhagslegar ábyrgðir eða ráðstafa fé sveitarsjóðs til áhætturekstrar."

haraldur@frettabladid.is

# Bærinn keypti ræktina

**ÍSAFJÖRÐUR** Ísafjarðarbær keypti um áramótin líkamsræktarstöðina Stúdíó Dan á Ísafirði. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, segir að áform séu um að opna nýja líkamsræktarstöð annars staðar í bænum á næsta ári. „Við keyptum hlutafélagið um áramótin og ætlum að endurleigja búnaðinn og húsnæðið til einkaaðila sem mun sjá um reksturinn fyrir okkur. Svo eru áform um að byggja upp nýja og glæsilega líkamsræktarstöð á Torfnesi, við íþróttahúsið sem er þar og vonumst til að geta opnað þar á næsta ári. Það er mikilvægt að það sé starfandi líkamsræktarstöð í bænum, þetta er stór þáttur í lífi fólks og það eru orðnar búsetukröfur að þú getir farið í ræktina."

> **Það er mikilvægt að það sé starfandi líkamsræktarstöð í bænum, þetta er stór þáttur í lífi fólks og það eru orðnar búsetukröfur að þú getir farið í ræktina.**
>
> Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar

Stefán Dan Óskarsson rak Stúdíó Dan. „Við opnuðum fyrir 33 árum, þá var engin líkamsræktarstöð hér og því var þetta algjört frumkvöðlastarf. Þetta hefur þróast, gengið í gegnum tískubylgjur og bankahrun. Ég hafði lært nudd og vantaði aðstöðu. Ég lét svo plata mig út í að kaupa tæki, var svo með ljósabekki og snyrtistofu á tímabili. Svo sprengdu iðkendur bara húsið af sér þannig að ég þurfti að hætta með nuddið og vera bara með líkamsræktina. Í upphafi voru tíu iðkendur en núna eru þetta orðnir 120 manns að meðaltali á dag."

Stefán segir að þetta hafi verið mikið fjölskyldufyrirtæki. „Það er gaman af því að það eru nokkrir iðkendur sem eru með þrjá ættliði þarna í stöðinni. Og eins með starfsfólkið, við erum með þrjá ættliði, ég og konan, svo börn og barnabörn, alvöru fjölskyldufyrirtæki." – aig

**Maðurinn hafði leigt félagslega íbúð síðan 2011.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Of tekjuhár fyrir félagsíbúð

**VELFERÐARMÁL** Kópavogsbæ var heimilt að segja upp leigusamningi við leigjanda félagslegrar íbúðar í bænum. Tekjur mannsins þóttu of háar. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála.

Maðurinn hafði leigt félagslega íbúð af bænum síðan í janúar 2011. Tekjumörk fyrir leigu á slíkri íbúð árið 2016 voru tæpar 4,75 milljónir króna. Maðurinn hafði hins vegar 5 milljónir í tekjur það ár og 10 þúsund krónum betur. Tekjumarkið hækkaði hefði leigjandi barn á sínu framfæri en svo var ekki í tilfelli mannsins.

Maðurinn taldi það brjóta gegn jafnræðisreglu að mismuna einstaklingum svona eftir fjölskyldustærð en á það var ekki fallist af nefndinni. Var uppsögn samningsins því staðfest. – jóe

SMÁRALIND

# GÖTU-MARKAÐUR

1.–5. FEBRÚAR

## ÚTSÖLULOK OG ENN MEIRI AFSLÁTTUR

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

## Puigdemont virtist játa ósigur

**SPÁNN** „Þú gerir þér eflaust grein fyrir því að þetta sé búið. Fólkið okkar hefur fórnað okkur, eða að minnsta kosti mér," sagði í skilaboðum sem Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu, sendi fyrrverandi heilbrigðisráðherranum Toni Comín í gær. Telecinco náði myndum af skilaboðunum.

Vísaði Puigdemont einnig til þingmannsins og aðskilnaðarsinnans Joan Tarda í skilaboðunum. „Þið verðið ráðherrar, vona ég, en mér hefur nú þegar verið fórnað eins og Tarda hefur áður sagt."

Skilaboðin voru send á sama tíma og Puigdemont hvatti til sameiningar á samfélagsmiðlum og greindi frá því að hann ætlaði sér að endurheimta héraðsforsetastólinn.

> **Mér hefur nú þegar verið fórnað.**
>
> Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu

Puigdemont játaði því í gær að skilaboðin væru frá honum en sagði að þrátt fyrir það væri hann best til þess fallinn að leiða Katalóníu. „Ég sem blaðamaður hef alltaf gert mér grein fyrir þeim óskrifuðu reglum sem fylgja starfinu, til að mynda þegar kemur að friðhelgi einkalífsins. Þessar reglur má ekki brjóta," sagði Puigdemont. Bætti hann því við að hann væri einungis mannlegur og að það væri mannlegt að efast. – **þea**

# Þremur sjónvarpsstöðvum var lokað og tilræði við varaforseta

**Allt er á suðupunkti í Keníu. Ríkisstjórnin lokaði þremur fjölmiðlum sem vildu sýna frá táknrænni innsetningarathöfn forsetaframbjóðandans Raila Odinga. Innanríkisráðherra lofar rannsókn á málinu en rekstraraðilar fjölmiðlanna fá engin svör. Fyrrverandi varaforseti segir byssumenn hafa ráðist inn á heimili sitt.**

**KENÍA** Þrjár sjónvarpsstöðvar í Keníu misstu í gær útsendingarleyfi sín eftir að hafa reynt að sýna frá „innsetningarathöfn" stjórnarandstöðuleiðtogans Raila Odinga á þriðjudag. Frá þessu greindi innanríkisráðherra landsins í gær.

Til stóð að stöðvarnar, Citizen TV, KTN og NTV, myndu sýna frá athöfninni en á þriðjudag voru útsendingarnar rofnar. Nú er ljóst að þeim verður ekki hleypt aftur í loftið í bráð. Athöfnina hélt Odinga í óþökk stjórnvalda og var hann kallaður landráðamaður á þriðjudaginn.

Odinga laut í lægra haldi fyrir Uhuru Kenyatta, sitjandi forseta, í forsetakosningum ágústmánaðar. Þær kosningar ógilti hæstiréttur landsins. Kosið var aftur í október en Odinga sniðgekk þær og fór fram á frestun kosninga þar sem honum fyndist að ekki hefði verið ráðist í þær úrbætur sem nauðsyn væri á. Lítur Odinga og stuðningsfólk hans svo á að Kenyatta sé ekki réttmætur forseti og hafði innsetningarathöfnin svokallaða einungis táknrænt gildi.

„Ríkisstjórnin tók ákvörðun um að loka þessum fjölmiðlum og nú verður ráðist í ítarlega rannsókn á málinu," sagði Fred Matiang'i innanríkisráðherra í gær og sakaði fjölmiðla um að hafa með áætlunum sínum brotið lög og stefnt lífi þúsunda Keníumanna í hættu.

Raila Odinga, sem titlar sjálfan sig „forseta fólksins". NORDICPHOTOS/AFP

> **Nú verður ráðist í ítarlega rannsókn á málinu.**
>
> Fred Matiang'i, innanríkisráðherra Keníu

Aukinheldur sagði Matiang'i að athöfnin væri tilraun stjórnarandstöðunnar til að grafa undan lýðræðislega kjörinni ríkisstjórn og leggja línurnar fyrir byltingu.

Fjölmiðlarnir sem um ræðir voru ósáttir við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. „Við fengum ekkert að vita þegar þessi ákvörðun var tekin og við höfum enn ekkert fengið að vita," sagði Wachira Waruru, framkvæmdastjóri Royal Media Services, sem á Citizen TV, við Reuters í gær. Hann sagðist jafnframt íhuga málsókn.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar beinast ekki einungis gegn fjölmiðlum. Reuters greindi frá því í gær að keníska lögreglan hefði handtekið stjórnarandstöðuþingmanninn sem stýrði hinni svokölluðu innsetningarathöfn. Er hann nú sagður gista í fangageymslu lögreglunnar í höfuðborginni Naíróbí.

Svo virðist sem allt sé á suðupunkti í Afríkuríkinu. Auk fyrrnefndra tíðinda sagði Kalonzo Musyoka, stjórnarandstæðingur og fyrrverandi varaforseti, frá því að óþekktir byssumenn hefðu ruðst inn á heimili hans snemma í gærmorgun og reynt að drepa hann. Setja átti Musyoka inn í embætti varaforseta í gerviinnsetningarathöfninni á þriðjudag.

**thorgnyr@frettabladid.is**


# Vilt þú starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn félagsins eftir einstaklingsframboðum í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð.
**Framboðsfrestur er til kl. 12:00 á hádegi, föstudaginn 9. febrúar 2018.**

Um er að ræða annars vegar sjö sæti í stjórn og þrjú til vara. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna einstaklingsframboðs til stjórnar og varastjórnar. Hins vegar er um að ræða listaframboð fyrir 41 sæti í trúnaðarráð.

Til að listi vegna trúnaðarráðs sem borinn er fram gegn lista uppstillingarnefndar sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 328 félagsmanna sem og skriflegt samþykki frambjóðenda á listanum.

Frambjóðendum er bent á **www.vr.is**, þar sem eyðublöð vegna framboða eru aðgengileg og ítarlegri upplýsingar birtar um framboð til stjórnar og trúnaðarráðs. Kjörstjórn VR veitir einnig frekari upplýsingar í síma **510 1700** eða með tölvupósti til **kjorstjorn@vr.is**.

**Framboðum og framboðslistum skal skilað til kjörstjórnar á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.**

1. febrúar 2018
Kjörstjórn VR



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | VR.IS

# CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

## Clinique dagar í snyrtivöru-verslunum Hagkaups dagana 1. – 7. febrúar.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur fyrir 7.900 kr. eða meira*

**Micellar 2-in-1 hreinsigel**
Fjarlægir allan léttan farða á auðveldan hátt, bæði af augum og andliti. Er olíulaus, stíflar ekki húðholur og hentar öllum húðtegundum.

**20% afsláttur af Clinique vörum 1.-4. febrúar**

**Kaupaukinn inniheldur:**
Take the Day Off augnfarðahreinsi 50 ml
Milda andlitssápu 50 ml
Moisture Surge Concentrate gelkennda rakabombu 15 ml
Pretty Easy augnblýant
High Impact maskara
Pep Start varasalva í litnum Cherry
Fallega Marimekko snyrtubuddu

*á meðan birgðir endast

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

# Velkomin á Vetr

Vetrarhátíð verður haldin í sautjánda sinn dagana **1.-4. febrúar 2018**. Þar mun fjöldi listamanna, safna og sundlauga taka þátt í að lýsa upp skammdegið með list og ljósum. Opnunarverki hátíðarinnar, Örævi, verður varpað á olíutankana við Marshallhúsið. Um er að ræða ljósainnsetningu eftir Valdimar Jóhannsson, Ernu Ómarsdóttur, Pierre Alain Giraud og Íslenska dansflokkinn, við tónlist Sigur Rósar. Íbúar og gestir borgarinnar geta notið hátíðarinnar, en ókeypis er á alla viðburði hennar. Kynntu þér dagskrána á **vetrarhatid.is.**

Brandenburg / SIA

# arhátíð

Orkusalan er bakhjarl
Vetrarhátíðar í Reykjavík

orkusalan

# Vogunarsjóður Soros skortseldi fyrir 550 milljónir í Norwegian

Vogunarsjóður heimsþekkta auðjöfursins George Soros hefur skortselt 183 þúsund hlutabréf í norska flugfélaginu Norwegian fyrir alls 42 milljónir norskra króna sem jafngildir um 547 milljónum króna. Frá þessu var greint í norska viðskiptamiðlinum E24 í gær.

Skortstaða hans í flugfélaginu, sem á í harðri samkeppni við íslensku flugfélögin Icelandair og WOW air, er um 0,51 prósent af útgefnu hlutafé Norwegian.

Taki fjárfestir skortstöðu í hlutabréfum félags skapast honum hagnaður við verðlækkun viðkomandi bréfa. Með öðrum orðum veðjar fjárfestirinn á að bréfin lækki í verði.

Bjørn Kjos, forstjóri flugfélagsins, er á meðal þeirra sem hafa lánað hlutabréf sín til fjárfesta sem vilja taka skortstöðu í félaginu. Hann sagðist þó skömmu fyrir jól ætla að

George Soros.

draga úr lánveitingum sínum enda þætti honum gengi bréfanna hafa sveiflast fullmikið.

Hlutabréf í Norwegian hafa lengi verið þau mest skortseldu á hlutabréfamarkaðinum í Ósló. Heildarskortstaða fjárfesta í félaginu nemur um 12,33 prósentum af hlutafé þess.

Til viðbótar við vogunarsjóð Soros hefur fjárfestingarfélagið Blackrock og bankinn JP Morgan skortselt hlutabréf í Norwegian í umtalsverðum mæli. Hlutabréf flugfélagsins hafa hækkað um 26 prósent í verði það sem af er árinu.

George Soros vakti heimsathygli fyrir að hafa fellt breska pundið árið 1992.

Eins og Markaðurinn greindi frá í síðustu viku bætti vogunarsjóður hans umtalsvert við hlut sinn í eignarhaldsfélaginu Glitni HoldCo á síðasta ári. Er vogunarsjóðurinn þriðji stærsti hluthafi Glitnis með 14,1 prósents hlut, en eignarhluturinn var 5,6 prósent í lok ársins 2016. – **kij**

# Á von á umfangsmiklum skilyrðum

**Sérfræðingur í samkeppnisrétti telur líklegt að Samkeppniseftirlitið samþykki kaup Haga á Olís. Hins vegar vilji yfirvöld sennilega setja kaupunum skilyrði í því augnamiði að ýta úr vegi aðgangshindrunum að eldsneytismarkaðinum.**

**Hagar undirrituðu kaupsamning um kaup á öllu hlutafé Olís í apríl á síðasta ári. Samkeppniseftirlitið hyggst ekki leggja blessun sína yfir samrunann án skilyrða. Fram undan eru viðræður milli eftirlitsins og Haga.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Líklegt má telja að Samkeppniseftirlitið setji kaupum Haga á Olís annars vegar og N1 á Festum hins vegar umfangsmikil og margþætt skilyrði í því augnamiði að ýta úr vegi aðgangshindrunum að eldsneytismarkaðinum. Þetta er mat Eggerts B. Ólafssonar, lögfræðings hjá ráðgjafarfyrirtækinu Samkeppnisráðgjöf.

„Það er næsta víst að Samkeppniseftirlitinu er mjög umhugað um að samsteypuáhrif og aukin samþætting á matvörumarkaði og eldsneytismarkaði verði ekki til þess að torvelda aðgang nýrra keppinauta að þessum mörkuðum," segir hann.

Samkeppnisyfirvöld muni líklega meðal annars endurskoða og jafnvel fella niður innan tiltekins tíma undanþágu vegna samrekstrar Olís og N1 á Olíudreifingu, sem sér um birgðahald og dreifingu fyrir olíufélögin tvö.

Eins og greint var frá í vikunni telur Samkeppniseftirlitið að kaup Haga á Olís raski samkeppni að öðru óbreyttu. Verða þau þannig ekki samþykkt skilyrðalaust. Í tilkynningu Haga til Kauphallarinnar kom fram að stjórn félagsins hefði samþykkt að ganga til sáttaviðræðna við eftirlitið í von um að hægt sé að leysa þau samkeppnislegu vandamál sem um ræðir.

Samkeppniseftirlitið hefur auk þess til skoðunar samruna N1 og Festar, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar og Elko, en búist er við að niðurstaða eftirlitsins liggi fyrir á öðrum fjórðungi ársins.

Líkt og kunnugt er ógilti eftirlitið kaup Haga á Lyfju síðasta sumar

> **Samkeppniseftirlitinu er umhugað um að samsteypuáhrif og aukin samþætting á matvörumarkaði og eldsneytismarkaði verði ekki til þess að torvelda aðgang nýrra keppinauta að þessum mörkuðum.**
>
> Eggert B. Ólafsson, lögfræðingur hjá Samkeppnisráðgjöf

með þeim röksemdum að kaupin myndu leiða til „skaðlegrar samþjöppunar" á mörkuðum fyrirtækjanna, ekki síst á hreinlætis- og snyrtivörumarkaði. Taldi eftirlitið jafnframt ekki að tillögur Haga að skilyrðum væru til þess fallnar að afstýra þeim samkeppnishömlum sem annars myndu stafa af samrunanum.

Stjórnendur Haga höfðu meðal annars lýst sig reiðubúna til þess að hrófla ekki við staðsetningum verslana Lyfju á landsbyggðinni og selja verslanir Heilsuhússins og heildverslunina Heilsu.

### Veldur yfirvöldum áhyggjum

Eggert telur ólíklegt að örlög samruna Haga og Olís verði þau sömu og í tilfelli Haga og Lyfju. Hins vegar sé viðbúið að skilyrðin sem félögin þurfi að gangast undir til að Samkeppniseftirlitið telji að samkeppnisröskunum sé eytt verði umfangsmikil og margþætt.

Hann útskýrir að það sé ekki síður staðan á eldsneytismarkaðinum en dagvörumarkaðinum sem valdi samkeppnisyfirvöldum áhyggjum.

„Í skýrslu sinni um eldsneytismarkaðinn frá árinu 2015 benti Samkeppniseftirlitið á að á öllum stigum íslenska eldsneytismarkaðarins ríkti fákeppni og að olíufélögin hefðu möguleika til þess að hafa áhrif á framboð og gæði á hverju stigi markaðarins.

Taldi Samkeppniseftirlitið að sterkar vísbendingar væru um að olíufélögin samhæfðu hegðun sína í smásölu bifreiðaeldsneytis. Auk þess væri mikil samþjöppun, hegðun neytenda og aðgangshindranir uppskrift að því að einstök olíufélög gætu nýtt sér einhliða markaðsstyrk sinn," nefnir Eggert.

### Breyting til batnaðar

Hann segir að hvað höfuðborgarsvæðið varði, þá virðist ljóst að staðan á eldsneytismarkaðinum hafi breyst til batnaðar eftir komu bandarísku risans Costsco til landsins á síðasta ári. „Það er þó mikilvægt að Costco verði ekki gert erfitt um vik að því er varðar innkaup á eldsneyti til endursölu. Olíufélögin þrjú eiga jú meðal annars alla olíutankana."

Hvað landsbyggðina áhrærir segir Eggert að Samkeppniseftirlitið vilji ekki að Hagar – í krafti sinnar sterku markaðsstöðu – tengi saman viðskipti með eldsneyti og dagvöru á þann hátt sem hindri aðgang að landsbyggðarmörkuðum umfram það sem þegar er."

Samkeppnisyfirvöld muni horfa heildstætt á málið og líta til þess að samruni N1 og Festar stendur auk þess fyrir dyrum. Dagvörumarkaðurinn og bensínmarkaðurinn séu fákeppnismarkaðir og því sé ekki ólíklegt að yfirvöld muni nýta tækifærið, ef svo má segja, til þess að ýta úr vegi aðgangshindrunum og setja báðum samrununum ýmis skilyrði í þeim tilgangi.

**kristinningi@frettabladid.is**

## Tryggi sjálfstæði Olís sem keppinautar

Að mati Eggerts mun Samkeppniseftirlitið líklega setja kaupum Haga á Olís einhver stjórnunarleg skilyrði til þess að tryggja sjálfstæði Olís sem keppinautar á eldsneytismarkaðinum. „Slík skilyrði gætu til dæmis kveðið á um að stjórnarmenn séu óháðir, líkt og gert var þegar fjárfestingarsjóður í rekstri Stefnis, dótturfélags Arion banka, keypti Skeljung."

Í umræddu máli voru kaupin leidd af framtakssjóðnum SÍA II, í rekstri Stefnis, en meðal hluthafa voru lífeyrissjóðir, aðrir stofnanafjárfestar og einkafjárfestar.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var tekið fram að vaxandi eignarhlutur lífeyrissjóða í samkeppnisfyrirtækjum kallaði á umræðu um aðkomu þeirra að slíku eignarhaldi. Hætta væri á því að óskýrt eignarhald og takmarkað eigendaaðhald í atvinnufyrirtækjum gæti leitt til röskunar á samkeppni. Af þeim sökum taldi eftirlitið nauðsynlegt að grípa til íhlutunar og setja samrunanum ýmis stjórnunarleg skilyrði.

Í því sambandi má benda á að lífeyrissjóðir eiga um 55 prósenta beinan hlut í Högum, 53 prósenta hlut í N1 og 39 prósent í Skeljungi, en síðarnefndu félögin tvö eru helsti keppinautar Olís á eldsneytismarkaði.

# Varar við rafmyntum

Fjármálaeftirlitið telur sérstaka ástæðu til þess að vara almenning við þeirri „miklu áhættu" sem fylgir viðskiptum með rafræna gjaldmiðilinn Bitcoin. Neytendur eigi ekki að hætta fjármunum sem þeir mega ekki við að tapa í fjárfestingar í gjaldmiðlinum, nema þá að mjög vel athuguðu máli.

Fjölmargir fjárfestar hafa grætt á uppgangi rafræna gjaldmiðilsins undanfarna mánuði. Greindi Fréttablaðið frá því fyrr í vikunni að félagið Skiptimynt hefði opnað fyrsta íslenska skiptimarkaðinn fyrir rafmynt á borð við Bitcoin. Er því í fyrsta sinn hægt að kaupa og selja Bitcoin fyrir íslenskar krónur.

Fjármálaeftirlitið tekur fram að Bitcoin fylgi lögmálum spákaupmennsku. Engar reglur gildi á markaði með slíka mynt, markaðir með Bitcoin þurfi ekki starfsleyfi og lúti aukinheldur ekki eftirliti stofnunarinnar. – **kij**

# Útgerðir bíða frétta af loðnumælingum

Ákveðið verður á næstu dögum hvort loðnukvótinn verði aukinn á þessari vertíð. Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri uppsjávarlífríkissviðs Hafrannsóknastofnunar, segir að mælingum rannsóknaskipanna Bjarna Sæmundssonar og Árna Friðrikssonar sé lokið. Eru skipin nú á heimleið.

„Nú er unnið að sameiningu gagnanna og strax í kjölfarið taka reikningarnir við. Það getur ýmislegt komið upp sem tefur vinnuna og get ég því ekki svarað því á þessari stundu hvenær niðurstöðurnar verða gerðar opinberar," segir Þorsteinn. Allt kapp sé lagt á að hraða vinnunni og ættu niðurstöður mælinganna að liggja fyrir á allra næstu dögum.

Áðurnefnd rannsóknaskip, ásamt grænlenska veiðiskipinu Polar Amaroq, hafa undanfarna daga mælt stærð loðnustofnsins. Hafrannsóknastofnun hefur þegar upplýst að bráðabirgðaniðurstöður bendi til svipaðs magns kynþroska loðnu og búast mátti við samkvæmt mælingum á stærð stofnsins síðasta haust.

Stofnunin tekur þó fram að skekkjumörk í mælingunni séu óvenju mikil en of snemmt sé að draga ályktanir um áhrif þess á endanlega ráðgjöf sem gefin verður.

Útgerðir loðnuskipa hafa þegar veitt nálægt helmingi af 126 þúsund tonna upphafskvótanum og er hlutfallið á milli 60 og 70 prósent hjá nokkrum skipum.

Útgerðirnar hafa flestar dregið úr sókn á meðan ákvörðunar sjávarútvegsráðherra er beðið, enda er ekki mikið eftir að upphaflegum loðnukvóta. Er þess nú beðið með óþreyju hvort kvótinn verði aukinn og þá hversu mikið. – **kij**

Skoðaðu úrvalið á www.bilaland.is

# NÚ ER VETUR Á ÍSLANDI

**Njóttu þess að takast á við vetrarfærðina á bíl með drifi á öllum. Renndu við í dag og tryggðu þér einn góðan á enn betra verði.**

Range Rover Evoque HSE
Nýskr. 01/16, ekinn 8 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**8.390 þús. kr.**

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 06/16, ekinn 73 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ:
**3.190 þús. kr.**

SKODA Octavia Scout
Nýskr. 08/15, ekinn 40 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**3.990 þús. kr.**

BMW X5 Xdrive40d
Nýskr. 06/14, ekinn 55 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**8.990 þús. kr.**

SUBARU Outback Premium
Nýskr. 06/17, ekinn 12 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
**4.990 þús. kr.**

TOYOTA Land Cruiser 150 GX
Nýskr. 12/15, ekinn 88 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**6.980 þús. kr.**

HYUNDAI Santa Fe III Style
Nýskr. 12/12, ekinn 88 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**3.990 þús. kr.**

JAGUAR F-Pace Prestige
Nýskr. 06/17, ekinn 8 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**8.990 þús. kr.**

BMW 2 225xe Iperformance
Nýskr. 08/17, ekinn 4 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
**5.390 þús. kr.**

SKODA Octavia Ambition 4x4
Nýskr. 04/16, ekinn 78 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ:
**3.180 þús. kr.**

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 07/16, ekinn 73 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**3.990 þús. kr.**

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 05/17, ekinn 27 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ:
**3.890 þús. kr.**

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 06/16, ekinn 55 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ:
**4.150 þús. kr.**

LAND ROVER Discovery Sport S
Nýskr. 03/17, ekinn 17 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**5.890 þús. kr.**

BMW X1 Xdrive18d
Nýskr. 04/17, ekinn 29 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**4.990 þús. kr.**

LAND ROVER Discovery 4 S.
Nýskr. 06/15, ekinn 72 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**7.790 þús. kr.**

BMW X5 Xdrive40e PHEV
Nýskr. 01/17, ekinn 18 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
**8.990 þús. kr.**

HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 03/16, ekinn 39 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**5.490 þús. kr.**

ISUZU D-Max Lux
Nýskr. 05/17, ekinn 5 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
**6.290 þús. kr.**

HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr., 03/17, ekinn 63 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
**4.390 þús. kr.**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9–18 og
á laugardögum frá kl. 12–16.**

bílaland

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.
ENNEMM / SÍA / NM86382

# Iðnnám er töff

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Hugarfarsbreyting þarf að eiga sér stað í samfélaginu til að fleiri sæki í iðnnám enda er viðvarandi skortur á iðnmenntuðu starfsfólki.

Í Noregi er hlutfall þeirra sem ljúka námi úr iðn- og starfsgreinum í kringum 40 prósent en hér á landi er það 12-14 prósent. Það hefur lengi verið lítil aðsókn í iðngreinar hér á landi. Það er ein af af ástæðum þess að það er stöðugur skortur á smiðum, pípurum, múrurum og rafvirkjum, svo aðeins örfá dæmi séu nefnd. Árið 2007 fóru einungis 14 prósent íslenskra nemenda í starfsnám að loknum grunnskóla á sama tíma og hlutfallið var 50 prósent í ríkjum Evrópusambandsins.

Samhliða lítilli aðsókn í iðngreinar er mikið brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum en settar hafa verið fram ýmsar kenningar um ástæður þess. Hlutfall þeirra sem hverfa frá námi er 19 prósent hér á landi en 7-10 prósent á hinum Norðurlöndunum. Meðaltalið í Evrópu er 11 prósent. Vera kann að tengsl séu á milli lítillar eftirspurnar eftir iðnnámi og brotthvarfs úr framhaldsskólum. Margir nemendur sem myndu una hag sínum betur í iðnnámi finna sig knúna til að fara í hefðbundið bóknám vegna þrýstings úr nærumhverfi en finna sig ekki þar og hverfa frá námi.

Ljóst er að lítil aðsókn í iðn- og verknám hér á landi skýrist að einhverju leyti af hugarfari. Á Íslandi er snobbað fyrir háskólanámi og það virðist vera útbreidd skoðun að háskólanám sé ávísun á velgengni. Mennt er máttur og háskólamenntun kemur yfirleitt alltaf að góðum notum þótt fólk starfi ekki beinlínis við það sem það menntaði sig til í háskóla. Hins vegar verður að útrýma þeirri þjóðsögu í samfélaginu að efnahagsleg velsæld og velgengni í veraldlegum skilningi sé aðeins möguleg að undangengnu háskólanámi. Í mörgum tilvikum er því einmitt þveröfugt farið. Þá þarf að hafa hugfast að algjört offramboð er af háskólamenntuðu starfsfólki í sumum greinum og má þar nefna sem dæmi lögfræði og viðskiptafræði. Ljóst er að aðeins hluti af þeim mikla fjölda sem leggur stund á lögfræði í háskólum landsins í dag mun finna starf við hæfi að lokinni útskrift.

Það er út af fyrir sig sérstakt að hér á landi sé snobbað jafn mikið fyrir háskólanámi og raun ber vitni því að á Íslandi er launajöfnuður sá mesti innan allra ríkja OECD og hefur aukist á undanförnum árum. Það er því mun minni munur á launum háskólamenntaðra og iðnlærðra hér á landi en í öðrum ríkjum.

Ljóst er að það verður erfitt að útrýma hugarfari sem hefur fest rætur hjá þjóðinni yfir margra ára tímabil. Jafnvel þótt það byggist á vanþekkingu. Foreldrar þurfa að eiga samtöl við börn sín inni á heimilum landsins um kosti ólíkra námsgreina. Skynsamir og vel upplýstir foreldrar letja ekki börn sín frá því að mennta sig í iðngreinum. Heiðarlegir lögfræðingar munu líka fyrstir manna viðurkenna að húsasmiðir eru miklu líklegri til að skapa verðmæti fyrir samfélagið en þeir sjálfir.

**Vera kann að tengsl séu á milli lítillar eftirspurnar eftir iðnnámi og brotthvarfs úr framhaldsskólum.**

Halldór

## Frá degi til dags

**Ábyrgð ráðherra**

**Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra sagði á opnum fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í gær að ábyrgð á skipan landsréttardómara hefði verið þingsins en ekki hennar sjálfrar. Þeirri málsvörn hefur þegar verið hafnað af Hæstarétti enda getur bráðabirgðaákvæði í dómstólalögum tæplega hnikað ákvæðum stjórnarskrárinnar eða áralangri stjórnskipunarvenju. Í ofanálag eru þessi orð ráðherra frá því í gær í bullandi mótsögn við það sem hún hefur áður sagt um málið. Ljóst er að staða Sigríðar er þröng fyrst hún er farin að tala í hringi.**

**Ábyrgð meirihlutans**

**Þetta var ekki hið eina klaufalega sem sagt var á þinginu í gær. Formaður Viðreisnar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, mætti í pontu þingsins og setti út á framgöngu ráðherra í málinu. Víða hefði pottur verið brotinn í ferlinu. Það er líklega nokkuð til í því. Þingmaðurinn minntist hins vegar ekki einu orði á að á þeim tíma var hún með dómsmálaráðherra í ríkisstjórn og að hennar flokkur studdi tillögurnar. Í raun hefði henni og hennar flokki verið í lófa lagið að þrýsta á að lengja frest málsins til að tryggja vandaða stjórnsýsluhætti.**

**johannoli@frettabladid.is**

# Ekkert bakslag í þessa baráttu

Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður Viðreisnar

Þær eru sláandi nýlegar fréttir af miklum fjölda þeirra sem deyja hér á landi úr of stórum skammti vímuefna. Ýmis ávanabindandi lyfseðilsskyld lyf eru þar ofarlega á blaði. Svipaðar fréttir frá nágrannalöndum okkar eru harkaleg áminning til okkar um það að enginn er eyland þegar kemur að vímuefnabaráttunni.

Það á að sjálfsögðu að vera í algjörum forgangi heilbrigðisyfirvalda að grípa til aðgerða til að stemma stigu við þessari ógnvænlegu þróun. Þar skiptir hins vegar ekki bara máli hvað er gert, heldur líka hvernig.

Heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hefur rætt um ýmsar aðgerðir sem eru í deiglunni hjá yfirvöldum t.d. hert aðgengi að lyfjum og neyslurými. Þetta eru þarfar aðgerðir, en ég vil hnykkja á því að það þarf skýra sýn á heildarmyndina.

Heilbrigðisráðherra hefur boðað skipan starfshóps sem á að móta tillögur um hvernig hægt er að draga úr mis- og ofnotkun geð- og verkjalyfja. Þar munu m.a. fulltrúar Lyfjastofnunar og Embættis landlæknis eiga sæti. Það er bæði gott og rétt, en með fullri virðingu fyrir þeim stofnunum þá eru önnur sjónarmið nauðsynleg inn í þessa vinnu. Það má t.d. spyrja hvort fulltrúum Rauða krossins, og þá sérstaklega verkefnisins Frú Ragnheiður, verði boðið sæti í nefndinni. Hér er um að ræða aðila sem þekkja vel til þess hóps sem þegar stendur höllum fæti, fólks sem þegar er háð umræddum efnum. Þar er hætta á bakslagi ef ekki er gætt að fjölbreyttum skaðaminnkandi viðhaldsmeðferðum, öðrum sértækum meðferðarúrræðum og aðgengi að neyslurýmum samhliða umræddum aðgerðum heilbrigðisyfirvalda. Það er því einkar mikilvægt að talsmenn þessa jaðarhóps fái sæti við borðið í þeim starfshópi sem ráðherra boðar.

Bann- og refsistefna má ekki vera eina leiðarstefið. Við þurfum fjölbreytt úrræði bæði til skaðaminnkunar og til lækninga til viðbótar við nauðsynlegar aðgerðir sem herða aðgengið. Heilbrigðisyfirvöld verða að svara því kalli og það fljótt.

**Bann- og refsistefna má ekki vera eina leiðarstefið.**

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Lýðræði lifir á ljósi

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Washington Post breyttist úr hóglátu staðarblaði í heimsblað árin eftir 1970 þegar uppljóstranir blaðsins fyrst um gang stríðsins í Víetnam og síðan um lögbrot Nixons forseta og manna hans leiddu til afsagnar forsetans. Blaðið á sér merka sögu síðan þá eins og Hollywood-leikstjórinn Steven Spielberg lýsir í nýrri kvikmynd, The Post.

Nýr eigandi tók við blaðinu 2013. Hann er bóksali og heitir Jeff Bezos, stofnandi Amazon.com. Hann er nú einn ríkasti maður heims. Blaðið birtir ný einkunnarorð undir blaðhausnum á forsíðunni: Lýðræði deyr í dimmu. Upptökin að einkunnarorðunum átti blaðamaðurinn Carl Bernstein sem ásamt félaga sínum Bob Woodward átti mestan þátt í að leiða fram sannleikann um lögbrot Nixons og manna hans á sinni tíð. Bernstein sótti hugmyndina til Louis Brandeis hæstaréttardómara 1916-1939. Brandeis orðaði sömu hugsun svo: „Birta ... er bezta sótthreinsunarlyfið.“ Hann sagði einnig: „Við getum búið við lýðræði í þessu landi eða við samþjöppun mikils auðs á fárra hendur, en við getum ekki búið við hvort tveggja í senn.“ Báðar tilvitnanirnar hitta beint í mark.

**Misskipting veikir lýðræði**

Ég lýsti því á þessum stað fyrir viku að Freedom House hefur lækkað lýðræðiseinkunn Bandaríkjanna smám saman frá 2010 þegar Hæstiréttur landsins létti öllum hömlum af fjárframlögum til stjórnmálastarfs með þeim rökum að það skerði mannréttindi auðmanna að setja skorður við getu þeirra til að kaupa hylli stjórnmálamanna. Með þessum úrskurði lagði Hæstiréttur stóran stein í götu lýðræðis og kallaði smán yfir landið, smán sem hefur hlaðið utan á sig. Þar haldast í hendur aukin misskipting og ófyrirleitni þeirra sem þrífast á leynd, misrétti og misskiptingu. Einu Evrópulöndin sem hafa nú lægri lýðræðiseinkunn en Bandaríkin skv. Freedom House eru Grikkland, Pólland, Rúmenía, Búlgaría, Ungverjaland, Albanía, Svartfjallaland, Georgía, Úkraína, Moldavía, Makedónía, Kosóvó, Armenía, Rússland og Aserbaídjan.

**Niðurrif innan frá**

Hættan sem steðjar að lýðræðinu á okkar dögum er ekki blóðugar byltingar með gamla laginu heldur hnignun eða réttar sagt niðurrif innan frá af völdum lýðræðislega kjörinna stjórnvalda. Nýleg dæmi um þetta skv. skýrslum Freedom House eru Ekvador, Filippseyjar, Níkaragva, Perú, Pólland, Rússland, Sri Lanka, Tyrkland, Ungverjaland, Úkraína og Venesúela auk Bandaríkjanna.

Tökum Venesúelu sem var velmegandi lýðræðisríki frá 1958 fram undir aldamót. Herforinginn Hugo Chávez var kjörinn forseti landsins 1998 og sat í embætti til dauðadags 2013. Forsetinn sölsaði undir sig æ meiri völd, veikti dómskerfið og aðrar stofnanir samfélagsins og þjarmaði að stjórnarandstæðingum. Þetta gerðist í óþökk kjósenda í þeim skilningi að skoðanakannanir sýndu 1998 að 75% kjósenda töldu lýðræði ævinlega vera bezta stjórnskipulagið; aðeins 25% töldu fáræði eða einræði stundum geta átt rétt á sér. Samt þurfti lýðræðið að láta í minni pokann. Landið glímir nú við miklar þrengingar.

**Tvær hliðar á sömu mynt**

Öll vitum við um hvað lýðræði snýst enda má segja að lýðræði hafi ekki lagt leið sína til Íslands fyrr en með heimastjórninni 1904. Mín kynslóð átti afa og ömmur sem þekktu Ísland án lýðræðis af eigin raun og tóku þátt í sjálfstæðisbaráttunni. Danmörk og þá um leið Ísland þokaðist frá einræði til lýðræðis frá 1901 þegar frjálslyndir menn náðu völdum í danska þinginu til 1915 þegar Danmörk varð fullburða lýðræðisríki skv. viðmiðum stjórnmálafræðinga nútímans.

Aukið lýðræði snýst um að brjótast undan ofurvaldi fárra á stjórnmálavettvangi, undan einræði eða fáræði. Með líku lagi snýst aukin fjölhæfni í efnahagslífinu um að brjótast undan ofurvaldi fárra á vettvangi efnahagsmálanna. Máritíus, eyríkið í Indlandshafi sem er nú ríkasta land Afríku, er dæmi um þetta. Þar til fyrir einum mannsaldri réðu sykurplantekrueigendur lögum og lofum í landinu í skjóli eignarhalds á náttúruauðlindinni sem var helzta gjaldeyristekjulind landsmanna. Þegar Máritíus breyttist í ferðamannaparadís varð ferðaútvegurinn mikilvægasta gjaldeyrisuppsprettan og plantekrueigendurnir misstu takið sem þeir höfðu áður haft á landinu. Ferðaútvegurinn er dreifður á Máritíus eins og víðast hvar, hann stunda mörg frekar lítil fyrirtæki sem seilast yfirleitt ekki til mikilla áhrifa í stjórnmálum. Upprisa ferðaþjónustunnar sem höfuðatvinnuvegs á Máritíus reyndist því lyftistöng undir lýðræði.

**Lögbannið er sömu ættar og bannið sem Nixon forseti lét leggja á birtingu leyniskjala (Pentagon Papers) um stríðið í Víetnam. Nixon og menn hans hótuðu að leggja bæði New York Times og Washington Post í rúst. Þeim tókst það ekki þar eð Hæstiréttur Bandaríkjanna felldi bannið úr gildi.**

**Grugg eða gegnsæi?**

Gegnsæi er sótthreinsunarlyf, sagði Louis Brandeis. Gegnsæi dregur úr spillingu því hún þrífst helzt í skjóli leyndar. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktaði nýlega (2016) að rétt almennings til upplýsinga á netinu beri að skoða sem mannréttindi með þeim rökum að frjáls aðgangur að upplýsingum efli virðingu fyrir mannréttindum og lýðræði og dragi úr misrétti og ranglæti. Einmitt þetta er hugsunin á bak við upplýsingafrelsisákvæðin í nýju stjórnarskránni frá 2011 sem enn er geymd í frystigámi Alþingis.

Gegnsæi er áfátt á Íslandi. Upplýsingum sem eiga brýnt erindi við almenning er leynt í stórum stíl. Nýtt dæmi er lögbannið sem lagt var á Stundina fyrir kosningar í haust og nú er tekizt á um fyrir dómstólum. Lögbannið er sömu ættar og bannið sem Nixon forseti lét leggja á birtingu leyniskjala (Pentagon Papers) um stríðið í Víetnam. Nixon og menn hans hótuðu að leggja bæði New York Times og Washington Post í rúst. Þeim tókst það ekki þar eð Hæstiréttur Bandaríkjanna felldi bannið úr gildi.

# Vatnsveitan og Borgarlínan

Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi

**Gatnakerfið er í raun takmörkuð auðlind. Það er ekki hægt að þenja það endalaust út. Þess vegna er mikilvægt að Borgarlínan verði til.**

Deilurnar sem upp hafa komið um Borgarlínuna undanfarnar vikur eru merkilegar. Auðvitað er ekki við öðru að búast en að skoðanir séu skiptar um svo mikla framkvæmd. Í hugann koma miklar deilur í Reykjavík vegna vatnsveitunnar fyrir um 110 árum. Um þær má lesa í Reykjavíkursögu Guðjóns Friðrikssonar, „Bærinn vaknar“.

Áður fengu bæjarbúar vatn úr brunnunum. Fátækt fólk, svokallaðir vatnsberar, bar vatn heim til þeirra sem vildu og borguðu fyrir þjónustuna. Þetta var í raun fyrirkomulag frumstæðs einkarekstrar. Gallinn var sá að brunnarnir voru stundum mengaðir. Veturinn 1906 til 1907 kom upp taugaveikifaraldur af þessum sökum. Þegar Guðmundur Björnsson læknir og bæjarfulltrúi sýndi fram á að hver heimborinn vatnslítri var tiltölulega dýr og veruleg hætta á mengun miðað við vatnið úr fyrirhugaðri vatnsveitu fóru viðhorfin að breytast. Bæjarstjórn fékk einkaleyfi á vatnsveitu í Reykjavík, tekið var hátt lán í Íslandsbanka og lagður vatnsskattur á húseigendur. Auðvitað varð allt vitlaust – 2. október 1909 fór vatnið að streyma um bæinn ofan úr Gvendarbrunnum. Kostnaður við vatnsveituna fór talsvert fram úr áætlun en vatnsveitan breytti öllu. Hún létti líf bæjarbúa, ekki síst húsmæðranna, gerði vatnið heilnæmara og átti sinn þátt í eflingu iðnfyrirtækja og fiskvinnslu í bænum.

Samanburður á vatnsveitu og borgarlínu virkar eflaust langsóttur á einhverja en hann hjálpar samt til að bregða ljósi á hlutina. Gatnakerfi borgarinnar er farveitukerfi. Tilgangur þess er að flytja fólk og vörur á sem greiðastan hátt milli staða, en ekki endilega sem flest farartæki. Gatnakerfið er í raun takmörkuð auðlind. Það er ekki hægt að þenja það endalaust út. Þess vegna er mikilvægt að Borgarlínan verði til – fái bæði pláss og fjármagn. Hún verður gríðarlega öflug farveita sem nýtir mjög vel verðmætt borgarland og takmarkaða innviði. Hún léttir á umferðinni og minnkar svifryksmengun. Hún verður öllum til hagsbóta. Áður en vatnsveita kom í Reykjavík fengu reykvísk heimili um 20 lítra af vatni á dag. Eftir að hún kom fékk hvert heimili um 240 lítra á dag.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT



# #ÉGÆTLA AÐ VERA BESTA ÚTGÁFAN AF MÉR Í FEBRÚAR MEÐ ÞVÍ AÐ...

**BEURER**
**DAGSBIRTULJÓS**
- Útvarpsvekjari
- Líkir eftir sólarupprás
- USB hleðslutengi
- Bluetooth tenging

BEURWL75

**14.995**

## ... VAKNA SNEMMA Á MORGNANA

**KINDLE**
**LESBRETTI**
- 6" snertiskjár
- Pearl e-paper
- Aðeins 161 g
- Góð rafhlöðuending

KINDLEWIFI16

**17.995**

**AMAZON ECHO**
**GAGNVIRKUR HÁTALARI**
- **Amazon Alexa raddstýring**
- **360° hljóð**
- **Stjórnar öðrum tækjum**
- **Spotify, Philips HUE ofl.**

AMAZONECHOBK/ /AMAZONECHOWH

**24.995**

**NESPRESSO**
**ESSENZA KAFFIVÉL**
- **Alsjálfvirk og með 19 bara þrýsting**
- **Tilbúin á 25 sek. og með Auto-Off**

C30GREY

**13.995**

**ORAL B PRO 5000**
**RAFMAGNSTANNBURSTI**
- Bluetooth, færð uppl. í símann um hversu vel þú burstar?
- 3D tækni og 48,800 hreyfingar á mín
- Fjarlægir allt að 100% meira en venjulegur tannbursti
- Skynjari, segir til hvort þú þrýstir of fast

D215354

**14.994**

**PHILIPS**
**HUE E27 STARTPAKKI**
- Byrjunarsett fyrir E27 skrúfgang
- Þrjár E27 litaperur, hægt að stilla ljósstyrk
- Hue Bridge tengir perurnar við snjalltæki
- Dimmir til að stjórna ljósstyrk

HUEE27STARTP

**24.995**

## LÁTTU LJÓSIN Í HERBERGINU LÍKJA EFTIR SÓLARUPPRÁS

**GARMIN**
**VIVOACTIVE HR**
- Innbyggt GPS
- Með púlsmæli
- Sýnir kaloríur
- Snertiskjár

0100160500/0100160501

**33.995**

# ... HREYFA MIG

EINNIG TIL HVÍT

**SAMSUNG**
**LEVEL ACTIVE HEYRNARTÓL**
- Þráðlaus - Bluetooth
- Svitaþolin
- Allt að 5,5 klst. rafhlöðuending
- Hljóðnemi fyrir símtöl
- Tenging við Samsung smáforrit

EOBG930CBEGWW

**12.995**

**NUTRIBULLET**
**BLANDARI**
- 900W blandari með öflugum hnífum
- 1,2 hestöfl og 25.000 snúningar/mín
- 700 og 950 ml mál og uppskriftir fylgja

JMLV2414

**18.995**

# SJÁÐU ÝMIS RÁÐ Á ELKO BLOGGINU!

# ... BORÐA HOLLT

**SAMSUNG S8**

Samsung health appið heldur utan um svefninn þinn, mataræðið, hreyfingu og margt fleira!

**SAMSUNG**
**GALAXY S8 SNJALLSÍMI**

SAMG950BLA

**99.890**

**SODASTREAM**
**GENESIS TÆKI**
- Stílhrein hönnun
- 4 flöskur fylgja
- Kolsýruhylki fylgir
- Einfalt í notkun

S1017514774

**12.990**

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

# Hættuleg hugmynd

**Ásgeir Snær Vilhjálmsson**
læknir
**Ása St. Atladóttir**
hjúkrunarfræðingur
**Ebba Margrét Magnúsdóttir**
læknir, sérfræðingur á kvennadeild
**Gestur Ólafsson**
arkitekt og skipulagsfræðingur
**Guðjón Sigurbjartsson**
viðskiptafræðingur
**Sigurgeir Kjartansson**
læknir
**Vilhjálmur Ari Arason**
heimilislæknir, starfar á Slysa- og bráðamóttöku LSH

Í sérstökum umræðum á Alþingi 25. janúar 2018 um staðsetningu nýja þjóðarsjúkrahússins lagði málshefjandi, Anna Kolbrún Árnadóttir alþingismaður, til að gerð yrði fagleg staðarvalsgreining fyrir nýja þjóðarsjúkrahúsið og því fundinn besti mögulegi staður til framtíðar litið. Þetta er góð tillaga sem varðar líf og fjármuni almennings.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra svaraði því til að þetta væri hættuleg hugmynd því það myndi tefja afhendingu nýja sjúkrahússins um 10-15 ár! En er það svo?

## Þarf betri staðsetning að tefja um 10-15 ár?

Ef nýtt sjúkrahús er byggt á auðu aðgengilegu svæði taka sjálfar byggingarframkvæmdirnar væntanlega um 5 ár eða svipað og bygging nýs meðferðarkjarna í gamla sjúkrahúsþorpinu við Hringbraut. En við Hringbraut telst nýtt sjúkrahús ekki fullbyggt fyrr en búið er að endurbyggja gömlu húsin sem áætlað er að muni taka 6 ár til viðbótar. Samtals eru þetta 11 ár en yrðu trúlega mun fleiri.

Ef byggður er nýr spítali á nýjum stað þarf vissulega fyrst að finna staðinn með faglegri staðarvalsgreiningu. Síðan þarf að aðlaga hönnun og skipulag sem vinna má að hluta samhliða og má vel gera á 5 árum. Samtals mætti því koma upp nýjum spítala á betri stað á 10 árum, styttri tíma en byggingar og endurbyggingar munu taka á Hringbraut.

Ef byggt er við á Hringbraut skerðist starfsemin þar á byggingartímanum af ýmsum ástæðum. Mat Hagfræðistofnunar HÍ er að kostnaður við tilflutning starfsemi á byggingartímanum verði 5 milljarðar kr. Engin slík skerðing verður ef byggt er á nýjum stað, heldur verður flutt í tilbúið húsnæði þegar það er tilbúið.

Með nýju og betra sjúkrahúsi á betri stað styttast ferðir að og frá staðnum en áætlað er að þær verði um 18.000 á sólarhring. Það minnkar áhættu vegna ferða, en í dag verða flest slys á flöskuhálsinum Miklubraut af öllum vegum landsins.

## Hættur varðandi staðsetningu spítala

Þegar spítala er valinn staður þarf meðal annars að horfa á eftirfarandi.

**1.** Hvaða staðsetning tryggir sem flestum stutta, greiða leið á spítalann?

Svarið er auðvitað staðsetning sem næst þungamiðju byggðar með sem bestum samgöngutengingum. Þetta skiptir miklu máli því að á sólarhring munu að jafnaði um 100 sjúkrabílar koma að spítalanum og um 9.000 aðrar ferðir að og sami fjöldi frá enda starfsmenn um 5.000, nemar um 1.500 auk sjúklinga og aðstandenda. Það getur skipt sköpum að komast fljótt „undir læknishendur“. Vel staðsettur spítali styttir ferðatíma flestra.

> **Samkvæmt þessu er það eiginlega hættulegri hugmynd að vilja byggja spítalann við Hringbraut í stað þess að byggja á betri stað ef gengið er út frá því að vilji sé fyrir hendi til að byggja nýtt sjúkrahús og um það þarf ekki að efast.**

Ef spítalinn verður á Hringbraut þarf tímafrekar og kostnaðarsamar úrbætur á samgöngumannvirkjum. Setja þarf Miklubraut í stokk frá Kringlunni að Hringbraut, Öskjuhlíðargöng, veg yfir Skerjafjörð og Borgarlínu. Allt þetta kostar yfir hundrað milljarða króna úr ríkissjóði, sem ekki er aflögufær vegna annarra brýnna verkefna. Því mun þetta taka áratugi. Sumt af þessu þarf vissulega að koma þó spítalinn flytjist á betri stað, en það er ekki eins mikið lífsspursmál og má gerast á lengri tíma.

Samkvæmt þessu er það eiginlega hættulegri hugmynd að vilja byggja spítalann við Hringbraut í stað þess að byggja á betri stað ef gengið er út frá því að vilji sé fyrir hendi til að byggja nýtt sjúkrahús og um það þarf ekki að efast.

**2.** Hvernig bygging stuðlar að bestum árangri sjúkrahússins?

Vel hannað sjúkrahús með nægu rými fyrir sjúklinga og stuttum vegalengdum innanhúss milli deilda nær betri árangri en sjúkrahús í misgömlum byggingum, sumum sýktum af húsamyglu, sem tengdar eru saman með löngum göngum.

Gott sjúkrahús heldur betur í starfsfólk og árangurinn batnar enn. Það er því hættuminna að byggja nýjan spítala á betri stað en bæta við spítalaþorpið við Hringbraut.

## Framhaldið

Betri spítali á betri stað mun bjarga mörgum mannslífum og bæta önnur og það myndi spítali við Hringbraut einnig gera, en bara ekki eins mörgum.

Svo kostar í raun minna að byggja nýjan spítala á góðu opnu, aðgengilegu svæði þannig að það ætti ekkert að vera því að vanbúnaði.

Til að finna bestu staðina þarf faglega staðarvalsgreiningu unna af óvilhöllum fagaðilum, erlendum og innlendum í bland. Fela mætti sérfræðingunum að raða bestu valkostunum upp eftir matsþáttum svo sem samgöngum, gæðum, umhverfisáhrifum og kostnaði. Síðan má fela þjóðinni að velja milli bestu staðanna. Þá verður þetta mikilvæga mál afgreitt af fagmennsku og með lýðræðislegum hætti.

Á meðan unnið er að undirbúningi nýs spítala á betri stað má leggja hluta af því fé sem búið er að taka frá til byggingar sjúkrahúss í undirbúning og í að bæta núverandi heilbrigðiskerfi sem er undirfjármagnað. Með þessari aðferð drögum við úr áhættu allra viðkomandi og bætum heilbrigðiskerfið til muna.

# Hrakfarir kalla á ný vinnubrögð

**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður VG í Suðurkjördæmi

> **Sérstakt tæknieftirlit á að vera regla við byggingu sérhæfðra verksmiðja.**

United Silicon, að baki hrákísilverinu í Helguvík, er gjaldþrota með tilheyrandi fjárhagslegu tjóni fyrir banka, lífeyrissjóð og Reykjanesbæ. Uppsagnir starfsfólks teljast líka tjón. Samtímis er ljóst að reyk-, ryk- og gasmengun mun ekki hrjá íbúa sveitarfélagsins eftir töluvert hlé – hve lengi er ekki vitað. Arion banki stefnir að því að láta ljúka viðgerðum á þessari ósamstæðu, gölluðu og hæpnu verksmiðju og hefja aftur starfsemi, væntanlega með nýjum eigendum. Kannski tekst það, kannski ekki, en telja má augljóst að frekari starfsemi með mengun yfir ströngustu mörkum er í óþökk mjög margra íbúa Reykjanesbæjar. Skal engan undra eftir það sem á undan er gengið.

Kærumál samfara gjaldþrotinu varða litlu sem engu um framtíð versins.

Fleira en mjög svo íþyngjandi mengun kemur til. Verksmiðjan er of há miðað við eðlilegar skipulagsforsendur og ljóst að nánd íbúðasvæðis við verksmiðjusvæðið í Helguvík er of mikil. Það kann að stafa af röngum upplýsingum um dreifingu mengunar í gögnum sem notuð voru við matsgerð á umhverfisáhrifum hrákísilversins.

Þessu til viðbótar vekur athygli að óháðir eftirlits- og skoðunarmenn tæknibúnaðar komu ekki að byggingu versins – væntanlega aðeins hefðbundnir sérfræðingar byggingareftirlits eins og tíðkast um stórar byggingar, svo sem varðandi burðarþol. Sérstakt tæknieftirlit á að vera regla við byggingu sérhæfðra verksmiðja. Í þessu tilviki sýnist sem starfseiningar versins hafi því miður ekki unnið rétt saman og tölvustýringar ekki heldur, rétt eins og menn reyndu að smíða gangfæran bíl úr íhlutum úr ýmsum áttum en úr verður óhönduglegur, reykspúandi skrjóður.

Fari svo að lögð verði fram ósk um að gangsetja verið ber að tryggja að allar úrbætur á verksmiðjunni verði teknar út og metnar af óháðum sérfræðingum, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar verði endurskoðað, og endurunnið, ásamt endurgerðu starfsleyfi og að allar áætlanir um orkufrekan iðnað í Helguvík verði endurskoðaðar frá grunni. Vel má vera að starfsemi í matvælaiðnaði, gagnaver og ýmis umhverfisvænn iðnaður geti stutt við rekstur Helguvíkurhafnar og fjölbreytt atvinnulíf á Suðurnesjum. Uppbygging hafnarinnar hefur að hluta verið háð uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Nú þarf næsta örugglega að skjóta styrkari stoðum undir stækkun og rekstur hennar.

# Pólitísk hentistefna og siðferðilegt gjaldþrot

**Stefán Erlendsson**
stjórnmálafræðingur

> **Ábyrgð og traust eru tvær hliðar á sama peningi og eina leiðin til að skapa traust á einstaklingum og kerfinu er að persónur og leikendur innan þess axli ábyrgð sína.**

Viðbrögð Katrínar Jakobsdóttur vegna dóms Hæstaréttar yfir embættisfærslu Sigríðar Á. Andersen eru býsna afhjúpandi fyrir siðferðisskilning forsætisráðherrans. Katrín telur ekki ástæðu til að dómsmálaráðherra, sem braut stjórnsýslulög við skipun dómara í Landsrétt þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir, axli ábyrgð með því að segja af sér. Af orðum hennar má ráða að hún aðhyllist siðferðilega afstæðishyggju – að sinn er siður í hverju landi – og þá tegund „pólitískrar hentistefnu“ sem hefur löngum verið aðalsmerki Framsóknarflokksins.

Meginréttlæting Katrínar fyrir stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn – sem hún og aðrir fulltrúar VG höfðu þráfaldlega sagt að væri óstjórntækur vegna spillingar og valdníðslu – er að völdin skapi forsendur eða tækifæri til að hrinda hugsjónum eða stefnumiðum flokksins í framkvæmd. Samkvæmt þessu, að hennar mati, felst pólitísk ábyrgð í því að lúta niðurstöðum kosninga og nýta tækifærin sem bjóðast til að byggja betra samfélag. Ríkisstjórnarþátttaka VG á þannig að skapa mótvægi við hægri stefnu Sjálfstæðisflokksins og sveigja landsstjórnina í áttina að félagshyggju og náttúruvernd. Hér helgar tilgangurinn meðalið.

Auk þess að flagga pólitískri hentistefnu lítur Katrín Jakobsdóttir svo á að pólitísk ábyrgð sé „að mörgu leyti menningarbundin“ og að á Íslandi sé ekki hefð fyrir því að „láta ráðherra segja af sér“. Siðferði sem byggist á hefðum og venjum en ekki almennum reglum eða lögmálum er afstætt. Á hinn bóginn segir Katrín að hlutverk hennar, sem forsætisráðherra, sé að „stuðla að því að við tölum um þessi mál með nýrri eða öðruvísi hætti en gert hefur verið“. Þetta er mikilvægt svo langt sem það nær. Við sköpum og endursköpum siðferðið með því að ræða saman um það, en vandséð er að hún muni sjálf leggja eitthvað nýtt til málanna í slíkum samræðum.

Fyrir síðustu Alþingiskosningar var það yfirlýst keppikefli formanns VG að bola Sjálfstæðisflokknum frá völdum. Eftir kosningar var komið nýtt hljóð í strokkinn og ekki lengur neitt því til fyrirstöðu að flokkarnir störfuðu saman. Vinstri græn sögðu eitt en gerðu annað. Katrín bendir þó réttilega á að hún hafi ekki kallað eftir afsögn dómsmálaráðherra síðastliðið vor og geri það ekki núna: „[Ég] hef ekki almennt lagt það í vana minn hvorki í stjórnarandstöðu né ríkistjórn að horfa á það að ráðherra beri að segja af sér þegar svona kemur upp.“ Þessi afstaða ræðst ekki af almennri reglu heldur því sem Katrín leggur eða leggur ekki „í vana sinn“. Þannig sýnir hún vissa samkvæmni. En eins og bandaríski hugsuðurinn og ljóðskáldið Ralph Waldo Emerson segir: Heimskuleg samkvæmni er húsálfur þeirra sem hugsa smátt.

Loks klykkir forsætisráðherrann út með því að öllu máli skipti hvernig „við lærum af þessum dómi“ Hæstaréttar. Í stað þess að Sigríður Á. Andersen sæti ábyrgð eigum „við“ að draga lærdóm af því sem gerðist. „Við eigum að horfa á það hvernig við getum látið þetta kerfi virka þannig að það sé hafið yfir vafa.“ Ábyrgð og traust eru tvær hliðar á sama peningi og eina leiðin til að skapa traust á einstaklingum og kerfinu er að persónur og leikendur innan þess axli ábyrgð sína. Traust á kerfinu verður aldrei meira en traustið á þeim sem þar starfa eða eru í fyrirsvari.

Sannur leiðtogi er fremstur meðal jafningja. Hann tekur af skarið, veitir ákveðna leiðsögn, er fyrirmynd og sýnir gott fordæmi. Hér er sterk dómgreind lykilatriði; hún byggist á greiningarhæfni, prinsippfestu og innsæi í mannlegt eðli og aðstæður. Martin Luther King og Nelson Mandela eru skýr dæmi um svona leiðtoga. Forsætisráðherra sem hagar seglum eftir vindi, daðrar við siðferðilega afstæðishyggju, segir eitt í dag og annað á morgun, þverbrýtur margyfirlýst prinsipp og varpar ábyrgðinni á gerðum dómsmálaráðherra yfir á okkur og kerfið, er ekki leiðtogi í þessum skilningi. Slíkur forystumaður er í rauninni siðferðilega gjaldþrota.

# ALLAR FERÐATÖSKUR

# 30% AFSLÁTTUR!

## KOMDU Í HEIMSÓKN & GERÐU GÓÐ KAUP!

**Ferðatöskuvigt stafræn**
**TILBOÐSVERÐ: 1.679.-**
Verð áður: 2.399.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er 5. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# KRÓNAN

## Bestur núna!

**499** kr. pk.

Avocado þroskað 3 stk. Kólumbía

**Verð áður ~~589~~ kr. pk.**

LÍFRÆNT VOTTAÐ ORGANIC

GRØN balance
Økologisk
EKO-028-AN
Ikke-EU-landbrug
2 stk Avocado "Hass"
Oprindelsesland: DOMINIKANSKE REPUBLIK
Klasse: 1
L-248
TR:369470409
EUROFRESH V&F S.L.
R.I.A. 29/41042
N.R.S.: 2100199411MA
8 713037 000241
LeverandØrnr. 273243
Pakket for SuperGros a/s
www.groenbalance.dk

GB Avocado 2 stk. Spánn

**399** kr. pk.

**Verð áður ~~449~~ kr. pk.**

Ódýrt

Avocado í neti, 750 g. Kólumbía

**489** kr. pk.

## Krónan mælir með!

HEILSUMST Í KRÓNUNNI

**199** kr. stk.

Avocado, Mexíkó

**Afgreiðslutímar á www.kronan.is**

Tilboðin gilda til 4. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

# Grísakjöts veisla

-25%

Grísasíður Pörusteik

**899** kr. kg

~~Verð áður 1199 kr. kg~~

-30%

Grísagúllas

**1189** kr. kg

~~Verð áður 1699 kr. kg~~

-20%

Grísabógur hringskorinn

**699** kr. kg

~~Verð áður 899 kr. kg~~

-25%

Grísahnakki úrb sneiðar

**1199** kr. kg

~~Verð áður 1599 kr. kg~~

-20%

Grísahakk

**699** kr. kg

~~Verð áður 899 kr. kg~~

-20%

Grísakótilettur

**1119** kr. kg

~~Verð áður 1399 kr. kg~~

**Afgreiðslutímar á www.kronan.is**

Tilboðin gilda til 4. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

KRÓNAN

# Falafel vegan vefjur

Korter í **4**

VEGAN

Halsans Falafel, 300 g

**849** kr. pk.

+

LÍFRÆNT VOTTAÐ

Tribe hummus, 227 g

**399** kr. stk.

Lambhagasalat

**322** kr. stk.

+

Banderos heilhveiti vefjur, 370 g

**199** kr. pk.

+

Sriracha chili mayo /sósa, 455 ml

**499** kr. stk.

**Afgreiðslutímar á www.kronan.is**

Tilboðin gilda til 4. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

Ódýrt

**159** kr. pk.

Gestus frosin jarðarber, 400 g

**195** kr. pk.

Gestus frosin bláber, 250 g

**199** kr. stk.
ef keypt eru 4 stk.

VEGAN

HEILSUMST Í KRÓNUNNI

Ódýrt

Krónu möndlur, 1 kg

**1299** kr. pk.

Alpro jurtamjólk, 1 lítri

**269** kr. stk.

**Afgreiðslutímar á www.kronan.is**

Tilboðin gilda til 4. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

## Aftur mættur í Valstreyju

Snorri Steinn Guðjónsson lék í gærkvöld sinn fyrsta leik í treyju Vals síðan 2003. Snorri sneri aftur á Hlíðarenda fyrir tímabilið og einbeitti sér að þjálfun Valsliðsins fyrir áramót en er nú mættur aftur á gólfið. Endurkoma Snorra var líklega ekki eins og hann hafði vonast eftir en lærisveinar hans lutu í gras á heimavelli gegn Selfossi, 29-34, eftir að hafa verið yfir framan af. Snorri skoraði eitt mark. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ekki að fara út ef landsliðið væri ekki markmiðið hjá mér

**FH-ingurinn Böðvar Böðvarsson er á förum til Jagiellonia Białystok, eins sterkasta liðs pólsku úrvalsdeildarinnar. Hafnfirðingurinn er spenntur fyrir vistaskiptunum og vonast til að þau hjálpi sér að festa sig í sessi í íslenska landsliðinu. Böðvar viðurkennir að það hafi verið erfitt að yfirgefa FH sem stendur á tímamótum.**

**FÓTBOLTI** Í gær bárust fréttir af því að Böðvar Böðvarsson væri genginn í raðir pólska úrvalsdeildarliðsins Jagiellonia Białystok frá FH. Nokkuð óvænt félagaskipti en Pólland hefur ekki verið algengur viðkomustaður íslenskra fótboltamanna.

„Þetta varð að alvöru dæmi í vikunni. FH spurði mig hvort þetta væri eitthvað sem ég hefði áhuga á. Eftir að ég kannaði liðið var ég meira en tilbúinn að skoða þetta," segir Böðvar í samtali við Fréttablaðið.

Hann fer utan á sunnudaginn, í læknisskoðun daginn eftir og ef allt gengur að óskum skrifar hann undir þriggja og hálfs árs samning við Jagiellonia Białystok.

Liðið situr í 4. sæti pólsku úrvalsdeildarinnar með 36 stig eftir 21 umferð, tveimur stigum á eftir Legia Varsjá. Í pólsku deildinni eru 16 lið sem spila við hvert annað, heima og að heiman. Eftir 30 umferðir fara átta efstu liðin í úrslitakeppni um pólska meistaratitilinn og átta neðstu liðin keppa sín á milli um að forðast fall í næstefstu deild. Liðin mætast einu sinni í úrslitakeppninni og því leikur hvert lið 37 deildarleiki á hverju tímabili.

Jagiellonia Białystok var í efsta sæti pólsku deildarinnar eftir fyrstu 30 umferðirnar á síðasta tímabili og endaði að lokum í 2. sæti á eftir

Böðvar fagnar í leik með FH í Pepsi-deildinni í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Eftir að ég kannaði liðið var ég meira en tilbúinn að skoða þetta.
>
> Böðvar Böðvarsson

Legia Varsjá. Liðið er því sterkt.

„Ég held að þetta sé mjög stórt og gott skref fyrir mig," segir Böðvar sem fékk nasaþef af atvinnumennskunni þegar hann var á láni hjá Midtjylland í Danmörku í þrjá mánuði veturinn 2015-16. Hafnfirðingurinn náði þó ekki að spila leik með danska liðinu.

„Ég er kannski að fara í allt annað dæmi þarna úti í Póllandi en Danmörku. Það verður bara að koma í ljós," segir Böðvar. Að hans sögn hefur draumurinn alltaf verið að spila sem atvinnumaður. „Þetta hefur verið draumur síðan maður byrjaði að æfa. Það er ótrúlega jákvætt að vera kominn með fyrsta alvöru atvinnumannasamninginn."

Böðvar er uppalinn FH-ingur og hefur verið í stóru hlutverki hjá Fimleikafélaginu undanfarin ár. Hann hefur leikið 73 leiki með FH í Pepsi-deildinni og varð Íslandsmeistari með liðinu 2015 og 2016.

Sem kunnugt er tók Ólafur Kristjánsson við þjálfun FH í vetur af Heimi Guðjónssyni sem hafði þjálfað liðið í áratug. Böðvar viðurkennir að það hafi verið erfitt að yfirgefa FH á þessum tímapunkti.

„Ég er mjög spenntur fyrir því sem er að gerast hjá FH. En ég tel að besta leiðin til að bæta sig sé að spila í sem bestri deild og þess vegna vonaðist ég til að komast út. Auðvitað verður erfitt að horfa á strákana spila í sumar," segir Böðvar sem verður 23 ára í apríl.

Hafnfirðingurinn var lykilmaður í U-21 árs landsliði Íslands á sínum tíma og á að baki fjóra leiki fyrir A-landsliðið. Sá síðasti þeirra var í Indónesíuferðinni í síðasta mánuði. Böðvar vonast til að landsleikjunum fjölgi eftir vistaskiptin til Jagiellonia Białystok.

„Ég get alveg sagt að ég væri ekki að fara út ef landsliðið væri ekki markmiðið hjá mér. Annars væri ég bara heima. Ég tel mig geta spilað með landsliðinu í framtíðinni og taldi þetta mjög gott skref til að komast í það," segir Böðvar að lokum. **ingvithor@frettabladid.is**

Rósa Björk Pétursdóttir, nýliði í landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fimm gáfu ekki kost á sér

**KÖRFUBOLTI** Ívar Ásgrímsson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í körfubolta, hefur valið hópinn fyrir næstu tvo leiki í undankeppni EM. Ísland mætir Bosníu í Sarajevo 10. febrúar og Svartfjallalandi í Podgorica fjórum dögum síðar. Ísland er án stiga eftir tvo fyrstu leiki sína í B-riðli undankeppninnar.

Einn nýliði er í íslenska hópnum; Rósa Björk Pétursdóttir, leikmaður Hauka, sem eiga alls fjóra fulltrúa í hópnum að þessu sinni.

Fimm leikmenn gáfu ekki kost á sér: Ragna Margrét Brynjarsdóttir, Thelma Dís Ágústsdóttir, Hallveig Jónsdóttir, Embla Kristínardóttir og Birna Valgerður Benónýsdóttir.

Íslenski hópurinn er þannig skipaður: Helena Sverrisdóttir, Dýrfinna Arnardóttir, Þóra Kristín Jónsdóttir og Rósa Björk Pétursdóttir (Haukum), Sóllilja Bjarnadóttir og Isabella Ósk Sigurðardóttir (Breiðabliki), Elín Sóley Hrafnkelsdóttir og Guðbjörg Sverrisdóttir (Val), Berglind Gunnarsdóttir (Snæfelli), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (Skallagrími), Sandra Lind Þrastardóttir (Horsholm, Danmörku) og Hildur Björg Kjartansdóttir (Legonés, Spáni). **– iþs**

Pierre-Emerick Aubameyang í búningi Arsenal. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kapallinn sem gekk upp

**FÓTBOLTI** Arsenal gerði gabonska framherjann Pierre-Emerick Aubameyang að dýrasta leikmanni í sögu félagsins þegar það keypti hann frá Borussia Dortmund á 56 milljónir punda á lokadegi félagaskiptagluggans í gær. Það voru ekki einu góðu fréttirnar sem stuðningsmenn Arsenal fengu því Mesut Özil skrifaði einnig undir nýjan þriggja og hálfs árs samning við félagið.

Arsenal seldi hins vegar Olivier Giroud til Chelsea í gær. Hann gekk í raðir Arsenal 2012 og skoraði 105 mörk fyrir félagið. Í kjölfarið á kaupunum á Giroud lánaði Chelsea belgíska framherjann Michy Batshuayi til Dortmund.

Manchester City, topplið ensku úrvalsdeildarinnar, hætti við að kaupa Riyad Mahrez frá Leicester City. Manchester-liðið var ekki tilbúið að borga meira en 60 milljónir punda fyrir Alsíringinn. **– iþs**

# FJÖRUGUR FEBRÚAR

## ALLAR SKEMMTILEGUSTU GRÆJURNAR

NINTENDO SWITCH
49.990

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 42.990

PS4 SLIM 500GB
39.990

GRAN TURISMO VR PAKKI
MYNDAVÉL OG LEIKUR FYLGJA

PLAYSTATION VR
54.990

# TÖLVUTEK

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:00
Laugardaga
11:00 - 16:00

**Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

1. febrúar 2018 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# ÚRVALIÐ ER

## Í TÖLVUTEK ER EITT MESTA ÚRVAL

VAR AÐ LENDA Á FRÁBÆRU VERÐI:)

**15" FHD LED**
1920x1080 Anti-glare skjár
**Intel N3060**
2.48GHz Burst Dual Core örgjörvi
**4GB minni**
DDR3 1600MHz
**1TB HDD**
Diskur

SNERTISKJÁR

**14" FHD IPS**
1920x1080 snertiskjár
**Intel i5 8250U**
3.4GHz Turbo Quad Core örgjörvi
**8GB minni**
DDR4 2133MHz
**256GB SSD**
NVMe diskur

**14" FHD IPS**
1920x1080 snertiskjár
**Intel i7 8550U**
4.0 GHz Turbo Quad Core örgjörvi
**8GB minni**
DDR3 1866MHz
**512GB SSD**
NVMe diskur

**HP 250 G6**
Glæsileg fartölva frá HP með AC þráðlausu neti, fislétt aðeins 1.86kg og á frábæru verði:)
**49.990**
Glæsileg HP fartölva með 1TB harðdisk

**LENOVO YOGA520**
Nýjasta kynslóð Yoga520 með 8.kynslóð örgjörva, Dolby hljóðkerfi og Hello fingrafaraskanna
**134.990**
Frábær Lenovo fartölva með 360° fjölsnertiskjá

**SWIFT 5 - 2018**
Ný Ultrathin kynslóð með 14" IPS-Pro snertiskjá, baklýstu lyklaborði og Hello fingrafaraskanna
**199.990**
Fislétt aðeins 970gr úr Magnesium áli

SNERTISKJÁR

ÚRVAL AF SKJÁTÖLVUM VERÐ FRÁ 99.990

**24" FHD IPS**
1920x1080 snertiskjár
**INTEL i5-7400T**
3.1GHz Turbo Dual Core örgjörvi
**8GB minni**
DDR4 2133MHz
**256GB SSD**
M.2 diskur

**10" FHD IPS**
1920x1200 snertiskjár
**1.5GHz Quad**
A35 64bit örgjörvi
**32GB flash**
Allt að 128GB Micro SD
**Android 7.0**
Nougat og fjöldi forrita

VATNSHELT
9.990

WONLEX

**Z24-880 AIO**
Skjátölva með Windows Hello aðgangsstýringu
**149.990**

**ICONIA B3-A40**
Ný kynslóð enn öflugri og þynnri Acer spjaldtölva
**29.990**

**GPS KRAKKAÚR**
GPS snjallúr með 1,22" LED snertiskjá og SOS takka
**6.990**

**ACER CB3-431**
Örþunn 14" FHD IPS Chromebook
**54.990**
CB3-431-C82Q

**13" MACBOOK AIR**
128GB MacBook Air með Intel i5
**154.990**
AIR13-I58 128IS

**6" LESTÖLVA**
Kobo Aura lestölva, snertiskjár og WIFI
**24.990**
N236-KU-BK-K-EP

VERÐ FRÁ 1.990

**TRUST UNIVERSAL**
Úrval af töskum fyrir 7"-10" spjaldtölvur
**2.990**
TRUST UNIVERSAL

**SPOTIFY SPILARI**
Spilar tónlist af Spotify án snjallsíma
**14.990**
MIGHTY

FÓLK
Tíska
FIMMTUDAGUR 1. FEBRÚAR 2018

# Tónlist og töfrandi upplifun

Sigtryggur Baldursson og Steinunn Harðardóttir, betur þekkt sem dj flugvél og geimskip, eru meðal fjölmargra sem koma fram á Vetrarhátíð í Kópavogi. Steinunn breytir Kópavogskirkju í geimskip og Sigtryggur kemur fram á tónleikum í Salnum og setur upp hljóðgjörning í Sundlaug Kópavogs. ↬2

Elísa Hallgrímsdóttir og Dagur Jónsson hanna, sauma og markaðssetja nýja slaufur. ↬6

Steinunn Harðardóttir, einnig þekkt sem dj. flugvél og geimskip og Sigtryggur Baldursson, bæjarlistamaður Kópavogs, láta til sín taka á Vetrarhátíð í Kópavogi föstudag og laugardag. MYND STEFÁN KARLSSON

EXTRA Sale 20% AUKA AFSLÁTTUR

ÚTSÖLULOK
AUKA 20% AFSLÁTTUR
af útsöluvörum
comma,
SMÁRALIND

Framhald af forsíðu

Kópavogskirkja mun taka stakkaskiptum annað kvöld kl. 18.00 þegar kveikt verður á tilkomumiklu verki Steinunnar Eldflaugar sem varpað verður á kirkjuna. Steinunn lætur ekki þar við sitja og býður gestum með sér í geimferð í kirkjunni sjálfri þar sem kannaðar verða óravíddir geimsins með tónlist og töfrandi upplifun sem enginn verður svikinn af. Hljóð- og ljósagjörningur Steinunnar fer fram kl. 19-19.30 á Safnanótt.

Menningarhúsin í Kópavogi taka höndum saman á Safnanótt og bjóða upp á afar fjölbreytta og spennandi dagskrá. Húsin standa þétt og margt að sjá fyrir gesti sem gera sér ferð þangað.

Kópavogsbær hefur auk þess látið hanna glæsilega lýsingu við Menningarhúsin, sem verður tendruð í tilefni Safnanætur.

Geimurinn og furður hans koma víðar við sögu en í Kópavogskirkju. Á Bókasafni Kópavogs verður Star Wars þema, boðið upp á þrautabraut í anda myndanna og söguhetjur Stars Wars etja kappi og keppa um hylli gestanna. Stjörnu-Sævar mætir á svæðið og ræðir um geimverur en auk hans eru Jón Gnarr og Gunni Helga meðal gesta.

### Nýtt og gamalt frá Sigtryggi

Í Salnum verður Sigtryggur Baldursson í aðalhlutverki. Sigtryggur mun fara yfir sinn langa og fjölbreytta feril með dyggri aðstoð Jóns Ólafssonar á tónleikum og er aðgangur að sjálfsögðu ókeypis eins og á aðra viðburði Safnanætur. Sigtryggur er bæjarlistamaður Kópavogs og hann verður einnig með atriði í Sundlaug Kópavogs á Sundlauganótt á laugardag ásamt ManKan dúettinum. „Við ManKan menn verðum með tónlistargjörning sem ber heitið Undir með vitund, og þar freistum við þess að búa til sérstaka upplifun í sundlauginni sem verður upphituð, með tónlist, myndvörpum og neðansjávarhátalara sem gerir fólki kleift að hlusta ofan í vatninu líka," segir Sigtryggur.

Náttúrfræðistofa sýnir fjölbreytileg stjörnulaga dýr í tilefni dagsins og býður til rannsóknarseturs og umfjöllunar um plast í sjó. Þar verður sjónum einnig beint að neyslu og sóun, sér í lagi fatasóun. Héraðsskjalasafnið setur upp örsýningu um Kópavogsfundinn og fullveldið og býður auk þess upp á áhugaverðan fyrirlestur um sauðfjárbúskap í Kópavogi og nágrenni. Þar verða einnig sýnd og fjallað um forvitnileg myndskeið úr Kópavogi frá seinni hluta 20. aldar.

Í Molanum, menningarhúsi ungmenna, verða stuttmyndir á dagskrá sem eiga það sameiginlegt að hafa verið gerðar í Molanum.

### Selfies í Gerðarsafni

Í Gerðarsafni verður boðið upp á leiðsagnir um nýopnaða ljósmyndasýningu, Líkamleiki og boðið upp á spennandi smiðjur tengdar henni; einnig verður boðið upp á teiknismiðju og verkefni sem tengjast sjálfum (selfies).

Garðskálinn í Gerðarsafni sér um að allir verði vel nærðir á meðan á hátíðinni stendur og býður upp á spennandi taco-matseðil fyrir alla fjölskylduna á sanngjörnu verði. Undir lok Safnanætur verður hægt að setjast niður í hugguleghеitum í Garðskálanum undir góðri dj-tónlist við allra hæfi.

### Ljósadýrð í Kópavogslaug

Á laugardeginum 3. febrúar hefst Sundlauganótt og mun ljósadýrðin vera við völd í Kópavogslaug frá kl. 19-22. Tanya frá Heilsuskólanum í Kópavogi leiðir aqua zumba undir dúndrandi tónlist og diskóljósum, hinn glæsilegi tónlistarhópur Between Mountains, sem bar sigur úr býtum í Músíktilraunum 2017, treður upp og botninn í hátíðina slær bæjarlistamaðurinn Sigtryggur Baldursson í slagtogi með ManKan í gjörningnum Undir með vitund í innilauginni.



Mikil stemming hefur löngum myndast á Sundlauganótt í Kópavogi eins og sjá má á þessari mynd frá í fyrra.

# Vetrarhátíð í Kópavogi

## Safnanótt 2. febrúar

**Kl. 18.00** Ný lýsingarhönnun á torginu við Menningarhúsin vígð
**Kl. 18.30** Kveikt á tilkomumikilli ljósvörpun á Kópavogskirkju
**Kl. 19.00** Dj. flugvél og geimskip í Kópavogskirkju: Tónlist og töfrar
**Kl. 18-23** Bókasafn – Star Wars ratleikur
Gerðarsafn – Líkamleiki
Náttúrufræðistofa – Stjörnulaga lífverur
Héraðsskjalasafn – Örsýning um Kópavogsfundinn og fullveldið
Garðskálinn – Taco-kvöld
**Kl. 18.00 og 21.00** Héraðsskjalasafn – Myndskeið úr Kópavogi frá seinni hluta 20. aldar
**Kl. 18.15** Bókasafn – Gunni Helga leiðir ævintýra- og stjörnuritsmiðju fyrir börn
**Kl. 18.00** Gerðarsafn – Kvik strik teiknileikur fyrir alla fjölskylduna
**Kl. 18.00** Náttúrufræðistofa – Rannsóknarstofa og hugleiðingar um plastmengun
**Kl. 19.00** Bókasafn – Föndurstofa, perlur og fleira
**Kl. 19.00** Bókasafn – Skylmingakappar etja kappi í anda Star Wars
**Kl. 19.00** Bókasafn – Leystu þrautirnar í Star Wars
**Kl. 19.30** Gerðarsafn – Sjálfsmyndasmiðja
**Kl. 20.00** Bókasafn – Eru til aðrar geimverur? spyr Stjörnu-Sævar í spjalli sínu við gesti
**Kl. 20.00** Héraðsskjalasafn – Erindi um sauðfjárbúskap í Kópavogi og nágrenni
**Kl. 20.30** Molinn – Fjórar stuttmyndir gerðar í Molanum
**Kl. 20.30 og 21.30** Gerðarsafn – Líkamleiki, leiðsögn með sýningarstjóra
**Kl. 21.00** Náttúrfræðistofa – Hugleiðingar um fatasóun og fleira með Stefáni Gíslasyni
**Kl. 21.00** Salurinn – Bæjarlistamaðurinn Sigtryggur Baldursson og Jón Ólafsson
**Kl. 22.00** Bókasafn – Jón Gnarr les upp úr og segir frá nýrri bók sinni Þúsund kossum
**Kl. 22.00** Gerðarsafn – dj. í Garðskálanum

## Sundlauganótt í Kópavogslaug 3. febrúar

**Kl. 19.00** Aqua Zumba
**Kl. 20.00** Between Mountains
**Kl. 21.00** Sigtryggur og ManKan – Tónlistar- og ljósagjörningur ofan og neðan vatns

Star Wars þema verður á Bókasafni Kópavogs og söguhetjur myndanna etja kappi.

Steinunn Eldflaug mun breyta Kópavogskirkju í geimskip á Safnanótt með mögnuðu ljósalistaverki og bjóða gestum með sér í geimferði í kirkjunni.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 512 5439 ,

# ÚTSÖLULOK

# 70%

**afsláttur**

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Norski hönnuðurinn Marianne Hoest sýndi þessa fallegu dragt á tískuvikunni.

Fallegur rauður kjóll frá ungum, dönskum hönnuði.

Fallegur fatnaður hannaður af Kirstine Kjeldgaard.

# Tískuheimur
# Dana vaknar

**Tískuvikan í Kaupmannahöfn stendur yfir til 2. febrúar í Ráðhúsinu í Kaupmannahöfn en hún hefur verið stærsti tískuviðburður Norður-Evrópu.**

Á sýningarpöllunum koma fram allir helstu tískuhönnuðir Dana og margir þeirra eru nýir í starfi. Alls eru sýnendur ellefu hundruð en vörumerkin sem eru alþjóðleg eru um 2.300. Tískuvikan í Kaupmannahöfn vekur jafnan mikla athygli og dregur að áhugafólk um tísku hvaðanæva úr heiminum til Danmerkur. Meðal gesta að þessu sinni var Mary krónprinsessa sem veitti ungum og efnilegum tískuhönnuði sérstök verðlaun.

Litríkt frá danska hönnuðinum Birgitta Szekernye.

Krónprinsessan Mary Elizabeth Donaldson veitti ungum tískuhönnuði verðlaun á tískuvikunni. Tekið var á móti henni með fallegum blómvendi.

# Hárrétt ákvörðun

Hárkúr Gula miðans er bætiefnablanda sem er sérstaklega samsett fyrir hárið.

Blandan inniheldur valin bætiefni fyrir hárið, þar á meðal nauðsynlegar amínósýrur, steinefni og vítamín sem stuðla að heilbrigðum og góðum hárvexti. Ánægðir notendur taka eftir því að hárið verður áberandi mýkra, hárlos verður minna og hárvöxtur styrkist og eykst.

Meðal innihaldsefna í Hárkúr eru inósítól, kólín, járn og sink sem eru nauðsynleg fyrir heilbrigðan hárvöxt og koma í veg fyrir að hárið slitni og verði líflaust. Hárkúr inniheldur einnig B–vítamín, bíótín og fólínsýru sem stuðla að heilbrigði hársekkja og frísklegu útliti hársins. Þá inniheldur Hárkúr þara sem er ríkur af snefilefnum sem styðja við hárvöxtinn. Hárkúr er einnig þekktur fyrir að styrkja neglur og húð.

Hárkúr er ein vinsælasta varan frá Gula miðanum sem fólk kaupir aftur og aftur.

**Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is**

# Unnustinn er krefjandi viðskiptavinur

Slaufurnar frá SlaufHann bera nöfn karlmanna úr fjölskyldu hönnuðar þeirra, Elísu Hallgrímsdóttur. Upphaflega hannaði hún slaufur fyrir unnusta sinn en undanfarið ár hefur vörulínan stækkað.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@frettabladid.is

Slaufurnar frá SlaufHann hafa vakið athygli undanfarið ár en um er að ræða handsaumaðar slaufur byggðar á íslenskri hönnun. Slaufurnar eru úr tweed-efni, bómull eða silki og ber hver þeirra karlmannsnafn sem tengist fjölskyldu hönnuðarins, Elísu Hallgrímsdóttur. „Unnusti minn, Dagur Jónsson, hefur alltaf verið mikill slaufumaður og er án efa mest krefjandi viðskiptavinur minn. Ég byrjaði á sínum tíma að föndra slaufur fyrir hann og vinir hans urðu mjög hrifnir. Dagur hvatti mig mikið til þess að keyra á þetta verkefni og koma slaufunum í sölu. Á þessum tíma voru aðilar á markaðnum að selja herraslaufur sem okkur þótti mjög flottar og því vorum við ekkert að leggja mikið upp úr því að stækka þetta áhugamál.“

Þegar leið nær jólum 2015 fóru hlutirnir þó aðeins að breytast. „Þá ákvað ég að gefa fjölskyldumeðlimum slaufur með jólapakkanum auk þess sem vinir og kunningjar sóttu í slaufurnar fyrir jólin. Á þessum tímapunkti áttaði ég mig á því að mér þætti þetta bæði mjög skemmtilegt og gefandi verkefni.“ Verkaskiptingin milli þeirra er skýr, Elísa sér um hönnun og Dagur sér um allt sem tengist markaðs- og sölumálum.

## Heita karlkynsnöfnum

Hún segir eftirspurnina hafa aukist mikið undanfarið ár. „Við fórum líka af stað með minni slaufur fyrir krakka og unglinga ásamt því að prófa okkur áfram með ungbarnaslaufur sem hafa vakið mikla lukku, sérstaklega í kringum hátíðirnar. Um mitt ár 2017 hóf ég að þróa feðgasett en persónulega finnst mér geggjað að sjá feðga með slaufur í stíl. Í dag er feðga- og bræðrasettið vinsælustu vörur okkar.“ Við þá þróunarvinnu fannst henni þurfa að hanna eitthvað fyrir litlu dömurnar líka. „Ég ákvað því að útbúa spöng og teygju í hárið með sömu slaufu og faðirinn er með. Eftirspurnin var til staðar þannig að ég ákvað að slá til og er ég virkilega ánægð með útkomuna.“

Snemma í ferlinu ákvað Elísa að gefa hverri slaufu nafn eftir karlmanni í fjölskyldunni, nöfn á borð við Brynjólfur, Alexander, Hallgrímur og Franz. „Það var lítið mál í upphafi en eftir að úrvalið jókst hefur verið vægast sagt erfitt að nefna þær. Bráðum verð ég eflaust uppiskroppa með nöfn en ætlunin er að halda áfram með vöruþróun og koma með nýjar og skemmtilegar hugmyndir fyrir nýjar slaufur.

## Nýjar vörur fram undan

Fram undan er enn frekari vöruþróun og betra úrval svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. „Okkur langar mikið að koma með vörulínu fyrir ungar stelpur sem allra fyrst, þar sem sú hugmynd hefur fengið frábærar undirtektir. Svo eru fermingar á næsta leiti og þar verðum við með skemmtileg tilboð. Markmiðið er einnig að taka þátt í Mottumars og vonandi fleiri viðburðum á árinu. Annars verður virkilega spennandi að sjá hvað árið mun bjóða upp á og hvernig verkefni við munum takast á við á árinu. Nú þegar er byrjað að panta fyrir fermingarnar og þar er mikið af sérpöntunum í gangi.

Slaufurnar eru fáanlegar á Facebook (SlaufHann), hjá herrafataversluninni Karlmönnum á Laugavegi, Bíumbíum barnafataverslun, Pride of Iceland á Laugavegi og á söluvef Já.is.

Parið á bak við SlaufHann er Elísa Hallgrímsdóttir, sem sér um hönnunina, og unnusti hennar Dagur Jónsson, sem sér um markaðs- og sölumál. Slaufurnar eru úr ýmsum efnum og í mörgum skemmtilegum litum. MYNDIR/EYÞÓR

Slaufurnar fást víða, meðal annars á Facebook og á söluvef Já.is.

Fallegar og litríkar slaufur gera mikið fyrir heildarútlitið og henta öllum aldurshópum.

# Konur í atvinnulífinu

**Kynningar:** BHM, Alvogen, Vodafone, Lögmenn Höfðabakka, Össur, Þekking, Smyril Line, Vífilfell, Sjóvá, Hrafnista, Nói Síríus, Reiknistofa bankanna, Verkís, Snyrtistofan Ágústa, ISS, Veitur, Vinnumálastofnun, Keynatura

**FIMMTUDAGUR** 1. FEBRÚAR 2018

Hildur Petersen, Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch og Erna Gísladóttir hlutu viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri fyrir eftirtektarvert framlag til atvinnulífsins. Viðurkenningarhátíð FKA var haldin í 19. sinn í gær. MYND/ANTON BRINK

# Öflug kona í karlaheimi

Erna Gísladóttir er forstjóri BL, stjórnarformaður Sjóvár og situr í stjórn Haga. Hún hlýtur ein þriggja kvenna viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri í ár. Erna er að mati dómnefndar öflug kona og mikilvæg fyrirmynd í atvinnugeira þar sem karlar eru ráðandi. →2

Framhald af forsíðu

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Erna Gísladóttir var ung að aldri þegar hún hóf störf hjá fjölskyldufyrirtækinu Bifreiðum og landbúnaðarvélum og vann sig upp í stól forstjóra. Hún lét af störfum þegar fyrirtækið var selt árið 2007. Fjórum árum seinna keyptu Erna og Jón Þór Gunnarsson, eiginmaður hennar, fyrirtækið aftur og um leið bílaumboðið Ingvar Helgason. Félögin voru sameinuð í eitt undir heitinu BL þar sem Erna er við stjórnvölinn.

Rökstuðningur FKA fyrir því að veita Ernu viðurkenningu í ár er m.a. sá að hún sé öflug kona í karlaheimi og mikilvæg fyrirmynd sem kona í atvinnugeira sem sé allt of karllægur. „Það er mikill heiður að fá þessa viðurkenningu, bæði fyrir mig og teymið sem ég vinn með. Um er að ræða hóp af frábæru fólki sem ég hef lengi unnið með," segir Erna.

Hún hefur í mörg horn að líta í störfum sínum fyrir BL, Sjóvá og Haga, enda um að ræða stór fyrirtæki þar sem oft þarf að taka erfiðar ákvarðanir. „Það er nóg að gera hjá mér en gott skipulag og gott samstarfsfólk hjálpar til svo að allt gangi upp."

„Það er mikill heiður að fá þessa viðurkenningu, bæði fyrir mig og teymið sem ég vinn með," segir Erna. MYND/ANTON BRINK

## Íslenskar konur sækja á

Erna segist ekki beinlínis líta á sjálfa sig sem fyrirmynd annarra kvenna heldur vinna einfaldlega sína vinnu frá degi til dags. En hvað finnst henni félag á borð við FKA hafa að segja fyrir aðrar konur? „Mér finnst það skipta miklu máli. Það er auðvitað mikilvægt að konur sjái aðrar konur í svona störfum og geti litið upp til þeirra, ekki síst ungar konur. Íslenskar konur klifra vissulega upp framastigann og mörgum finnst það ganga heldur hægt en það gengur þó hratt miðað við mörg önnur lönd. Við gleymum stundum hvað íslenskum konum gengur vel sé horft til annarra landa," segir Erna.

## Ritari eða forstjóri?

Á starfsferlinum hefur Erna oft fundið fyrir því að fólki finnist skrýtið að kona sé forstjóri bílaumboðs. „Fáar konur hafa verið í áhrifastöðum innan bílageirans en þeim fer þó fjölgandi, sérstaklega erlendis. Í gegnum tíðina hef ég oft mætt á fundi þar sem fólk heldur að ég sé ritari en ekki forstjóri en um leið og ég hef sýnt fram á að ég veit um hvað ég er að tala hefur það ekki verið neitt vandamál," greinir hún frá.

Hvað BL varðar segir Erna að reksturinn gangi mjög vel þessa mánuðina, enda endurspegli bílasala oft væntingar fólks til framtíðarinnar. Þegar Erna er spurð hvort margt hafi breyst innan bílageirans frá því hún tók sín fyrstu skref í þeim heimi segir hún að svo sé. „Öryggismálin hafa tekið miklum framförum á stuttum tíma. Ég man þá tíð þegar hvorki tölvukubbar né loftpúðar voru til, sem í dag er staðalbúnaður í öllum nýjum bílum. Rafmagnið kemur hratt inn og hefur breytt heilmiklu og ég held það verði enn meiri breytingar á bílum á næstu árum. Von er á hálfsjálfkeyrandi bílum innan skamms og það er ekki langt í að bílar verði sjálfkeyrandi og tali hver við annan," segir Erna.

Innt eftir því hvort hún hafi tíma fyrir áhugamál kemur í ljós að Ernu finnst gaman að ferðast um heiminn. „Ég gef mér tíma til að spila golf á sumrin og reyni að fara í laxveiði á hverju ári. Ég hef líka gaman af fótbolta og fór á EM í hittifyrra og ætla á HM í Rússlandi í sumar," segir Erna að lokum.

# Samfélagið allt bregðist við #metoo byltingunni

**Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, segir kröfu um fjölskylduvænan vinnumarkað háværa. Þá hafi #metoo byltingin hrundið af stað vitundarvakningu. Aðilar á vinnumarkaði og samfélagið allt verði að bregðast við.**

Það hefur verið í einu orði sagt stórkostlegt að fylgjast með konum á öllum aldri stíga fram í nafni #metoo, þó erfitt sé að horfast í augu við margt af því sem þar kemur fram. En nú er hlustað. Konum er trúað og þær geta því í stórum hópum skilað skömminni til gerendanna," segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM. Bandalagið hafi líkt og önnur samtök launafólks lengi aðstoðað þolendur kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni á vinnumarkaði.

## Ofbeldi og áreitni ekki liðið

„Í gildi eru lög um hvernig koma eigi í veg fyrir einelti, kynbundna og kynferðislega áreitni og rík skylda er lögð á herðar vinnuveitenda að búa svo um hnútana á vinnustað að ofbeldi og áreitni sé ekki liðið. Komi slíkt upp sé tekið á því með markvissum og fyrirsjáanlegum hætti. Í yfirlýsingu sem BHM ásamt öðrum aðilum á vinnumarkaði undirritaði á fundi Vinnueftirlitsins þann 11. janúar kemur skýrt fram að við ætlum að útrýma vinnukúltúr sem ýtir undir svona hegðun. BHM fræðir aðildarfélög og félagsmenn þeirra reglulega um þessi málefni. Haldin eru námskeið um hvernig bregðast eigi við áreitni og einelti á vinnustöðum og félagsmenn sem lent hafa í vondri reynslu á sínum vinnustað geta leitað til stéttarfélaga eftir aðstoð. Ég verð að segja að ég er bjartsýn á að í haust hafi eitthvað gerst sem getur fleygt okkur fram veginn. Það hefur orðið vitundarvakning sem var löngu tímabær í samfélaginu."

## Fjölskylduvænni vinnumarkaður

Þórunn segir vaxandi þunga á bak við kröfuna um styttri vinnuviku. Það eitt dugi þó ekki til að gera vinnumarkaðurinn fjölskylduvænni. Það verkefni krefjist samvinnu allra aðila, samtaka launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda.

„Hjá BHM leggjum við mikla áherslu á að fólk nái eðlilegu jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, óháð fjölskylduaðstæðum. Það er mikið álag á mörgum hópum innan BHM og krafan um styttri vinnuviku er næstefst á blaði á eftir bættum kjörum og réttindum. Ég er þeirrar skoðunar að það eitt að stytta vinnuvikuna svari ekki öllum þörfum barnafjölskyldna. BHM styður lengingu fæðingarorlofs í eitt ár og augljóslega þarf að hækka hámarksgreiðslur verulega. Okkur finnst ansi langt að bíða eftir því að þær fari upp í sex hundruð þúsund í janúar 2020.

Við höfum bent á að tímabært sé að réttur til launa í veikindum verði rýmkaður og meira tillit tekið til fjölskylduábyrgðar. Erfið veikindi maka og jafnvel aldraðra foreldra geta valdið því að fólk þurfi að vera frá vinnu, rétt eins og veikindi barna.

Mér hefur heyrst að krafan um styttingu vinnuvikunnar sé að verða almenn á Íslandi og auðvitað vona ég að það verði til þess að atvinnurekendur láti nú gott heita með tilraunaverkefnin og að samið verði um í kjarasamningum um að stytta vinnuvikuna."

„Hjá BHM leggjum við mikla áherslu á að fólk nái eðlilegu jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, óháð fjölskylduaðstæðum." MYND/EYÞÓR

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

# Sterk staða kvenna hjá Alvogen

Saga Alvogen er ævintýraleg. Við stofnun fyrirtækisins árið 2009 var talið nær ómögulegt að setja á laggirnar fyrirtæki í í framleiðslu samheitalyfja sem keppt gæti við stóru lyfjarisana. Í dag er Alvogen annað stærsta samheitalyfjafyrirtækið á íslenskum markaði.

Markmið okkar er að stuðla að bættum lífsgæðum þeirra sem glíma við sjúkdóma eða vilja bæta heilsu sína," segir María Bragadóttir, VP Strategic Partner Management. „Það gerum við með því að bjóða hágæðalyf á verðum sem gerir fleirum kleift að fá þau lyf sem þeir þarfnast."

Með þessa stefnu að leiðarljósi hafa sterkar konur valist til Alvogen og er kynjahlutfallið á alþjóðavísu ólíkt því sem gengur og gerist í lyfjafyrirtækjum, ekki síst ef horft er til tekjueininga.

„Einn af lykilþáttum að velgengni Alvogen liggur í því að við erum með framúrskarandi starfsfólk sem hefur til að bera þá þekkingu sem þarf til að bjóða upp á réttu lyfin, á réttum stað, þegar þeirra er þörf. Við val á starfsfólki einblínum við á ákveðna hæfnisþætti, sem við köllum Alvogen DNA, en með því móti velst ávallt hæfasti einstaklingurinn í starfið, óháð kyni eða öðrum þáttum," segir Jensína Böðvarsdóttir, VP Global Strategic Planning and HR.

## 90 prósent tekna Alvogen frá mörkuðum sem konur stýra

Þegar sterk staða kvenna innan Alvogen er skoðuð út frá ólíkum mælikvörðum kemur ýmislegt áhugavert í ljós.

„Konur eru til að mynda æðstu stjórnendur stærstu markaðssvæða Alvogen, meðal annars í Bandaríkjunum og Kóreu. Konur hafa auk þess sterka stöðu í hópi vísindamanna fyrirtækisins og hlutfall kynjanna í nýstofnuðu systurfyrirtæki Alvogen, Alvotech, er nálægt því að vera jafnt," segir María, og Jensína tekur í sama streng.

„Það gleðilega við sterka stöðu kvenna hjá Alvogen er ef til vill það að engar sértækar aðgerðir hefur þurft til að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækisins. Segja má að sterk staða kvenna sé afleiðing af þeirri stefnu að velja hæfasta starfsfólkið hverju sinni og fagna fjölbreytileikanum."

## Saman ná karlar og konur betri rekstrarárangri

Alvogen er eitt þeirra samheitalyfjafyrirtækja sem vaxa hvað hraðast í dag. Fyrirtækið leggur sérstaka áherslu á að framleiða og dreifa samheitalyfjum sem eru erfið eða flókin í framleiðslu og má þar nefna líftæknilyf, innrennslislyf og plástra sem innihalda lyf. Starfsmenn eru nú 2.800 í 35 löndum og í hverri viku tekur fyrirtækið við nýjum starfsmönnum. Þá er Alvogen í dag annað stærsta samheitafyrirtækið á íslenskum lyfjamarkaði og hefur vakið mikla athygli fyrir skemmtilega umbúða- og auglýsingahönnun.

> **Rannsóknir sýna að konur í stjórnunarstöðum skila sama og jafnvel betri árangri en karlar og eru líklegri til að huga að starfsþróun samstarfsfélaga sinna og hvetja til samvinnu á vinnustað.**

„Rannsóknir sýna að konur í stjórnunarstöðum skila sama og jafnvel betri árangri en karlar," segir María og vísar í niðurstöður fjölda rannsókna sem birtar hafa verið í Harvard Business Review, Wall Street Journal og fleiri vönduðum viðskiptablöðum. Þar var til rannsóknar arðsemi eigin fjár, söluhagnaður og arðsemi fjárfestinga.

„Til viðbótar sýna rannsóknir að konur eru líklegri til að huga að starfsþróun samstarfsmanna sinna og hvetja til samvinnu á vinnustað. Fyrirtæki sem ekki velja hæfasta fólkið hverju sinni, óháð kyni eða öðrum mögulegum þáttum, munu tapa fyrir samkeppninni því einsleitur starfshópur kemur niður á rekstrarafkomu fyrirtækjanna," segir María.

## Alvogen Academy, ný leið í fræðslu

Í nýrri vinnustaðagreiningu Alvogen skoruðu konur hærra í átta af hverjum tíu spurningum og þar kom í ljós að konur eru mun líklegri en menn innan fyrirtækisins til að afla sér þekkingar.

„Við leggjum mikla áherslu á samræmd vinnubrögð ásamt því að allir skilji og vinni eftir stefnu fyrirtækisins. Fræðsla og þjálfun hefur alltaf verið mikil og haustið 2016 var ákveðið að taka skrefið enn lengra og markaðssetja fræðsluna innanhúss undir nafninu Alvogen Academy," útskýrir Jensína en með fræðslunni tengir starfsfólkið betur við stefnu og markaðsstarf fyrirtækisins.

Stærsta hlutverk Alvogen Academy er sístækkandi rafrænn fræðslugrunnur sem í dag inniheldur um 300 greinar, vefsíður, myndbönd og námskeið sem starfsmenn geta sótt þegar þeim hentar.

„Efninu er ætlað að hjálpa starfsmönnum að viðhalda og efla þekkingu sína ásamt því að vaxa og dafna sem starfsmenn og einstaklingar," segir Jensína. „Meðal efnisflokka má telja Alvogen Must Haves sem inniheldur efni sem allir starfsmenn eiga að kynna sér og tileinka sér, eins og myndbönd frá forstjóra um stefnu fyrirtækisins, og um menningu, gæðamál og siðferði. Aðrir flokkar eru Build your skills, Leadership, Personal growth, Business og The Workplace, og þá býður Alvogen Live upp á námskeið í gegnum Skype og samstarfssamningur við MIT býður starfsmönnum aðgang að greinum, rannsóknum, námskeiðum og ráðstefnum. Þá býður samstarfssamningur við FranklinCovey upp á svokallaðan All Access Pass sem veitir aðgengi að öllu efni FranklinCovey."

Hátæknisetur systurfyrirtækjanna Alvogen og Alvotech er í Sæmundargötu 15-19. Sími 522 2900. Sjá nánar á alvogen.is

Jensína Böðvarsdóttir og María Bragadóttir hjá Alvogen. MYND/ERNIR

## Jensína

Jensína hefur unnið í hálft þriðja ár hjá Alvogen og er VP Global Strategic Plannig and HR. Hún vinnur þétt með Global HR-teymum sem staðsett eru í Ameríku, Austur-Evrópu og Asíu. Hún gekk fyrst og fremst til liðs við Alvogen vegna fyrirtækjamenningarinnar og góðs orðspors fyrirtækisins.

„Það sem einkennir fyrirtækjamenninguna er metnaður, frumkvæði og eldmóður, og að það sé gaman í vinnunni. Umhverfið er krefjandi en jafnframt mjög gefandi. Ég vinn mikið með fólki sem er staðsett vítt og breitt um heiminn og það getur stundum verið snúið að vinna með tímamismuninn."

## María

María hefur tekið þátt í Alvogen-ævintýrinu frá upphafi og komið að uppbyggingu fyrirtækisins frá ýmsum hliðum, nú síðast sem framkvæmdastjóri Alvogen á Íslandi og VP Strategic Partner Management.

„Ég er svo heppin að hafa fengið að taka þátt í uppbyggingunni allt frá upphafi," segir María. „Þetta starf hefur sannarlega útvíkkað sjóndeildarhringinn og það á svo marga vegu. Ég hef hitt viðskiptavini og upplifað frá fyrstu hendi hversu miklu máli það skiptir að geta boðið lyf á lægra verði til þeirra sem annars hefðu ekki efni á meðferð. Samstarfsfélagarnir eru eins ólíkir og þeir eru margir og lærdómstækifærin endalaus."

# Vodafone setur jafnréttismál á oddinn

## Helen Breiðfjörð er starfsmannastjóri hjá Vodafone. Hún segir fyrirtækið gæta jafnréttis kynja á öllum sviðum.

Helen Breiðfjörð, starfsmannastjóri hjá Vodafone, er ánægð með jafnréttishugsun hjá fyrirtækinu. MYND/EYÞÓR

Helen segir að jafnréttismál séu félaginu hugleikin og stefna Vodafone er að gæta jafnréttis og því að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis eða annarra þátta. Kynjahlutfallið er 40% konur og 60% karlar þegar horft er yfir stjórnendahópinn. Kveðið er á um það í samþykkt félagsins að hlutfall annars kynsins í stjórn fyrirtækisins skuli ekki vera lægra en 40%. Stjórnarkjör er ógilt verði misbrestur á þessu og skal þá kosið á ný í stjórnina," segir hún.

„Það er ánægjulegt að konur eru í forystu í öllum deildum, sum starfssvið eru vissulega erfiðari en önnur en við leggjum okkur fram í ráðningum að auka hlut kvenna í þeim störfum þar sem kynjahalli er innan deildar. Að sami skapi höfum við líka ráðið karla inn í einstaka deildir þar sem konur eru mjög ráðandi, jafnvel þótt það skekki heildarmyndina en við teljum að þannig vinnum við gegn myndun „karlastarfa" og „kvennastarfa". Tæknisviðið er okkar helsta áskorun. Í tæknigeiranum í heild er staðan því miður almennt ójöfn, 80% karla á móti 20% kvenna. Staðan heilt yfir hjá Vodafone er að um 64% starfsmanna eru karlar en 36% konur. Fyrirtækið vill með tímanum markvisst jafna þennan mun, við viljum leita nýrra leiða til að laða konur að tæknitengdum störfum. Nú þegar eru nokkur verkefni í burðarliðnum sem gaman er að segja frá síðar.

Að sama skapi höfum við reynt að draga úr því að á vinnustaðnum skapist aðstæður sem gætu ýtt undir kynjamisrétti og við gerum það með því að gera vinnustaðinn fjölskylduvænan. Starfsfólk af báðum kynjum er hvatt til að taka sér fæðingarorlof. Könnun sem gerð var um sveigjanleika og send var á allt starfsfólk sýndi að ekki var neinn marktækur munur á upplifun kynjanna varðandi möguleika til að forgangsraða og haga vinnutíma eftir hentugleika.

Vodafone hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á Íslandi sem staðfestir að munur á launum karla og kvenna hjá Vodafone er minni en 3,5% en í tilfelli Vodafone var munurinn raunar vel undir því viðmiði. Í greiningu PwC er tekið tillit til áhrifa aldurs, starfsaldurs, fagaldurs, menntunar, starfshóps, stöðu gagnvart jafningjum, hæfniviðmiðs, stöðu í skipuriti og mannaforráða. Þannig veitir hún upplýsingar um raunverulegan launamun kynjanna hjá fyrirtækinu. Vert er að minnast á að Vodafone er eitt af níu fyrirtækjum þar sem grunnlaun kvenna voru 1,1% hærri en karla. Vodafone sameinaðist 365 í desember og er í undirbúningi að fara með sameinað félag í jafnlaunaúttekt á næstu vikum.

Við álítum Vodafone mjög fjölskylduvænan vinnustað og mælingar starfsfólks staðfesta það. Sveigjanlegt vinnuumhverfi hefur ávallt verið til staðar og við hvetjum starfsfólk til að vinna heima sé þess kostur ef það eru til dæmis starfsdagar í skólum. Börn starfsmanna eru velkomin í frábæra aðstöðu á vinnustaðnum þegar svo ber undir."

Vodafone hefur átt gott samtarf við UN Women á Íslandi. Félagið styrkir „Fokk ofbeldi" herferðir sem er ætlað að vekja fólk til vitundar um ofbeldi gegn konum með sölu á FO-merktum húfum. Vodafone hefur starfað með Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur að átaki um hrelliklám en það er samfélagsleg ábyrgð að fræða börn og foreldra þeirra um þær hættur sem notkun þeirra tækja sem við seljum getur haft í för með sér. Nú síðast styrktum við gerð fræðslumyndarinnar „Myndin af mér".

# Treystir á jöfn tækifæri

## Lögmenn Höfðabakka er rótgróin lögmannsstofa sem hefur verið starfrækt í 40 ár. Kristín Ólafsdóttir hdl. hefur verið einn af fjórum eigendum frá árinu 2012 og er jafnframt fyrsta og eina konan í eigendahópnum. Hún segir jafna blöndu kynja auka líkur á breiðari sýn og gagnrýnni hugsun.

Lögmannsstofan er staðsett í bogabyggingunni að Höfðabakka 9, oft nefnd „Watergate" eftir frægri byggingu í Washington. „Stofan er ein af fáum þar sem innréttingar eru upprunalegar, t.d. er dökkur viður á veggjum og græn teppi á gólfum. Þykir það svo merkilegt að sjónvarpsserían Réttur 3 var tekin hér upp. Skrifstofa mín var t.d. notuð sem skrifstofan hennar Brynhildar í þáttunum og einnig spilaði fundarherbergið stórt hlutverk," segir Kristín.

### Jafnrétti í raun

Lögmannsstofan hefur alla tíð veitt persónulega og vandaða þjónustu á öllum sviðum lögfræðinnar. Verkefnin eru af ýmsum toga en mest á sviði atvinnulífsins að sögn Kristínar. „Lögmenn Höfðabakka hafa víðtæka reynslu og sérþekkingu af verkefnum á sviði orkumála, eignarréttar, félagaréttar og samningagerðar. Stofan veitir fyrirtækjum lögfræðilega ráðgjöf, m.a. við kaup og sölu eigna, aðstoð við endurskipulagningu og innleiðingu á breytingum í rekstri, s.s. vegna persónuverndar. Auk þess sinnum við ýmsum verkefnum fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir."

Sem atvinnurekandi hlýtur markmiðið að vera að hafa hóp af hæfum einstaklingum til að leysa þau krefjandi verkefni sem bíða hverju sinni segir Kristín. „Mín reynsla er sú að besta samsetningin sé jöfn blanda af báðum kynjum, enda eykur það líkur á breiðari sýn og gagnrýninni hugsun. Mikilvægt er að sérhver starfsmaður fái tækifæri til þess að vaxa á sínum forsendum og að skoðunum sé mætt af virðingu. Gildir það jafnt um karla sem konur. Það hlýtur að vera forsenda fyrir raunverulegu jafnrétti."

Kristín Ólafsdóttir hdl. ásamt löglærðum fulltrúum stofunnar. MYND/ANTON BRINK

### Enn má gera betur

Aðspurð kveðst Kristín hafa upplifað viðhorfsbreytingu síðustu ár gagnvart jafnrétti kynjanna þó enn megi gera betur. „Í störfum mínum sem lögmaður er upplifunin ekki endilega sú að konur hafi færri tækifæri en karlar þegar kemur að verkefnum. Ég treysti á jöfn tækifæri og jafna stöðu karla og kvenna. Að sama skapi trúi ég því að konur eigi ávallt val, líkt og karlar."

Sjálf telur Kristín sig leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að jafnrétti, hvort sem það er heima fyrir eða í gegnum störf hennar sem atvinnurekandi. „Ég á þrjú börn og eðlilega eru skilaboðin þau að dóttir mín fái sömu tækifæri og bræður hennar, og öfugt. Fyrsta jafnréttishugsun hlýtur því að fæðast heima fyrir, öðruvísi náum við ekki fram viðhorfsbreytingu í samfélaginu."

**„Í dag erum við svo lánsamar að hafa öflug verkfæri, eins og FKA, sem beinlínis hefur þann tilgang að efla tengslanet, styðja við bakið á konum og auka þátttöku þeirra í atvinnulífinu.**

Ertu með skilaboð til ungra kvenna sem hyggja á störf við lögmennsku? „Ekki hika þegar kemur að því að sækjast eftir markmiðum ykkar og grípið tækifærin þegar þau gefast. Í dag erum við svo lánsamar að hafa öflug verkfæri, eins og FKA, sem beinlínis hefur þann tilgang að efla tengslanet, styðja við bakið á konum og auka þátttöku þeirra í atvinnulífinu."

LÖGMENN HÖFÐABAKKA

www.lhlogmenn.is.

# Konum fjölgar í tæknistörfum

Margrét Lára Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og fyrirtækjastefnu hjá Össuri, og Edda Heiðrún Geirsdóttir, forstöðumaður alþjóðamarkaðssviðs, eru öflugar konur sem starfa víða .

Þær Edda Heiðrún og Margrét Lára hafa samanlagt 40 ára starfsaldur hjá Össuri. Á þeim tíma hafa verið stöðugar breytingar og áskoranir, bæði hjá fyrirtækinu sjálfu og iðnaðinum í heild sinni. Starfsmannafjöldi hefur hundraðfaldast síðan Edda byrjaði 1997 og þrjátíufaldast síðan Margrét Lára byrjaði á árinu 2000. „Það eru forréttindi að fá tækifæri til að vinna og starfa með fólki um allan heim. Báðar höfum við búið og starfað erlendis í lengri og skemmri tíma á vegum fyrirtækisins," segir Edda.

„Á Íslandi erum við þekkt sem stoðtækjafyrirtækið Össur og tengja Íslendingar flestir fyrirtækið við sprettharða hlaupara með gervifót. Við erum fyrst og fremst alþjóðlegt heilbrigðistæknifyrirtæki þar sem meirihluti sölunnar kemur frá spelkum og stuðningsvörum en ekki stoðtækjum," segir hún. „Ein helsta vara fyrirtækisins er slitgigtarspelka sem heitir Unloader One en spelkan linar verki og eykur hreyfanleika hjá þeim sem þjást af slitgigt í hné. Slitgigt er vaxandi vandamál í heiminum og við þekkjum eflaust öll einhvern sem er með verki vegna slitgigtar. Það er mikill vöxtur á þeim markaði og aukin áhersla á að markaðssetja beint til notendanna sjálfra þar sem fólk leitar í auknum mæli að lausnum sem fela ekki í sér skurðaðgerðir eða stanslausa notkun á verkjalyfjum með öllum þeim aukaverkunum sem slíkt hefur í för með sér," greinir Edda frá og heldur áfram.

„Markaðsstarfið okkar er margþætt þar sem við þurfum að kynna vörur- og tækninýjungar fyrir ólíkum markhópum. Fyrst er það fagfólkið sem er okkar aðalviðskiptavinir, það er heilbrigðisstarfsfólk sem ávísar vörunni eða setur hana á sjúklinginn. Síðan er það sjúklingurinn eða notandinn sjálfur sem hefur í vaxandi mæli áhrif á þá meðferð og þær vörur sem viðkomandi fær. Að auki er yfirleitt þriðji aðili, sjúkratryggingar eða sjálfstæð tryggingafélög, sem greiða fyrir vöruna, þannig að við þurfum að geta sýnt fram á bæði klíníska og þjóðhagslegan ávinning af lausnum okkar.

## Frábært að sjá árangurinn

Við erum með markaðsdeildir að störfum á öllum helstu mörkuðum okkar en stefnumótunin og stærri herferðum stýrum við miðlægt. Við höfum byggt upp gríðarlega mikla sérþekkingu innanhúss og vinnum allt okkar markaðsefni sjálf, til dæmis með okkar innanhússhönnuðum og stóru skapandi teymi frá ýmsum löndum. Fyrirtækið hefur vaxið mjög hratt, er stöðugt að þróast og breytast en með öflugu innanhússteymi erum við fljót að bregðast við nýju áskorunum og breytingum sem eiga sér stað á markaðinum. Össur er annað stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á heimsvísu og þekkt vörumerki meðal stoðtækjafræðinga en áherslan undanfarin ár hefur verið á að styrkja vörumerkið meðal notendanna sjálfra og í víðara samhengi til lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks sem þekkir minna til okkar í sambandi við spelkur og stuðningstæki. Eftir því sem fyrirtækið vex og sækir inn á nýja markaði með fjölbreytt vöruframboð fá markaðsmálin sífellt meira vægi og virði vörumerkisins styrkist samhliða," útskýrir Edda Heiðrún.

Hún segir það ánægjulegasta í starfinu að sjá hversu mikil áhrif vörurnar hafa á líf fólks um allan heim. „Á þessum rúmum 20 árum í starfi hjá Össuri er ég einna stoltust af því að sjá hversu mikil breyting hefur orðið almennt á sýnileika fólks sem glímir við líkamlegar hindranir. Í dag sjáum við aflimaða einstaklinga ganga tískupallana og vera andlit alþjóðlegra vörumerkja á borð við Nike og L'Oréal. Það er afar jákvæð þróun. Ég hef kynnst einstaklingum sem hafa sigrast á áskorunum sem við látum okkur bara dreyma um. Það er varla hægt að hugsa sér betri hvatningu í starfi."

Margrét Lára og Edda Heiðrún eru öflugar konur hjá Össuri og starfa um allan heim. MYND/HANNA

> **Það eru forréttindi að fá tækifæri til að vinna og starfa með fólki um allan heim. Báðar höfum við búið og starfað erlendis í lengri og skemmri tíma á vegum fyrirtækisins.**

## Fjölbreyttur vinnustaður

Margrét Lára tekur í sama streng. „Þekking starfsmannanna er fyrirtækið og það er ótrúlega gaman hvað við erum fjölbreytilegur vinnustaður. Við erum með 3.000 starfsmenn staðsetta í 25 löndum og hérna á Íslandi erum við með um 450 starfsmenn af 20 þjóðernum. Okkur hjá Össuri hefur tekist að byggja upp fyrirtækjamenningu byggða á liðsheild sem að sama skapi hvetur einstaklinga til að skara fram úr. Gildin okkar eru mjög mikilvægur hluti starfseminnar og höfum við alltaf; heiðarleika, hugrekki og hagsýni að leiðarljósi í því sem við gerum og til að viðhalda þeim starfsanda sem ríkir hjá okkur. Það eru ólíkar skoðanir sem þrjú þúsund manna hópur hefur og þess vegna er mikilvægt að hafa skýra stefnu sem allir sameinast um að fara eftir, þannig sigla allir í sömu átt og ná góðum árangri í sameiningu," segir hún.

Vörur Össurar eru notaðar um allan heim og hafa bætt lífsgæði fólks. MYND/HANNA

Margrét Lára segir að Össur hafi keypt yfir 20 erlend fyrirtæki frá árinu 2000. „Það hefur gefið okkur aðgang að stærra söluneti. Einnig hafa margir nýir starfsmenn bæst í hópinn með fyrirtækjakaupum og er því mikilvægt að halda gildum okkar á lofti og skýra stefnuna vel fyrir öllum. Við höfum notað stefnumiðað árangursmat (balanced scorecard) í mörg ár sem hefur verið hjálplegt tól í að miðla stefnu til starfsmanna, setja skýr markmið og dreifa ábyrgð.

## Mikill metnaður

Að starfa hjá fyrirtæki sem eykur hreyfanleika fólks gerir það auðvelt að hafa mikinn metnað fyrir því sem maður gerir. Á þessum 18 árum sem ég hef starfað hjá Össuri hef ég séð miklar breytingar, það eru fleiri konur að koma inn í tæknistörfin og að útskrifast sem stoðtækjafræðingar. Össur er með stóran hluta af þróunarstarfi sínu á Íslandi og það er ljóst að fyrirtæki á borð við Össur á allt sitt undir því að hafa aðgang að vel menntuðum mannauði, stundum þurfum við að leita út fyrir landsteinana til þess að fá sérfræðingaþekkingu en annars er menntunarstig hérlendis hátt. Össur er hátæknifyrirtæki og árangur okkar undir reyndu og hæfileikaríku fólki kominn. Við leggjum ríka áherslu á að laða að okkur starfsfólk sem er tilbúið að leggja sig fram og sýnir frumkvæði, síðan verður auðvitað að vera gaman í vinnunni, við eyðum svo stórum hluta tíma okkar þar," segir Margrét Lára.

# FKA stefnir að auknu jafnvægi í íslensku atvinnulífi

Félag kvenna í atvinnulífinu er fyrir kvenkyns stjórnendur og leiðtoga og stefnir að auknu jafnvægi í íslensku atvinnulífi. Félagið hélt viðurkenningarhátíð í gærkvöldi og ætlar að fylgja #metoo eftir með aðgerðum.

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@365.is

Félag kvenna í atvinnulífinu er félag fyrir konur sem eru leiðtogar og stjórnendur og vilja stuðla að jafnvægi í atvinnulífinu," segir Hrafnhildur Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri FKA. „Það eru 1.100 meðlimir, en konur sem gerast félagar í FKA leita fyrst og fremst í tengslanetið sem við byggjum upp, en vilja líka stuðninginn sem félagið veitir og vera hluti af hreyfiaflinu sem FKA er."

Viðurkenningarhátíð FKA var haldin í 19. sinn í gær. Þar var þremur konum veitt viðurkenning fyrir eftirtektarvert framlag til atvinnulífsins. Hrafnhildur segir að þrátt fyrir að jafnvægi milli kynjanna hafi ekki verið náð í atvinnulífinu sé mikilvægt að fagna þeim árangri sem náðst hefur. „Veiting FKA viðurkenningarinnar er liður í því að vekja athygli á árangri og framgangi kvenna," segir Hrafnhildur. „Við viljum vekja athygli á því sem vel er gert og þeim flottu kvenfyrirmyndum sem við höfum.

FKA-viðurkenningin er veitt konu sem hefur verið öðrum sérstök hvatning og fyrirmynd, þakkarviðurkenningin er veitt fyrir eftirtektarvert ævistarf sem stjórnandi í atvinnulífinu og hvatningarviðurkenningin er veitt fyrir athyglisvert frumkvæði," segir Hrafnhildur. Í þessu blaði má finna viðtöl við alla FKA viðurkenningarhafana.

## Fylgja #metoo eftir með aðgerðum

„Stjórn FKA hvatti allar konur í íslensku atvinnulífi til að klæðast svörtu miðvikudaginn 31. janúar," segir Hrafnhildur. „Markmiðið er að konur sýni #metoo byltingunni samstöðu og stuðning. FKA styður allar þær hugrökku konur sem hafa stigið fram og við treystum því að #metoo byltingin skili varanlegum breytingum.

Hrafnhildur Hafsteinsdótttir, framkvæmdastjóri FKA, segir að Ísland þurfi að vera öðrum til fyrirmyndar þegar kemur að jafnréttismálum. MYND/ANTONBRINK

Stjórn FKA fundaði nú í janúar með nefndum, deildum og ráðum til að ræða aðgerðir í kjölfar byltingarinnar," segir Hrafnhildur. „#Metoo umræða verður liður í dagskrá stjórnar út árið til að fylgja byltingunni eftir með aðgerðum.

Jafnframt hefur verið boðað til opinnar ráðstefnu þann 7. febrúar þar sem rætt verður hvaða áhrif #metoo hefur á fyrirtækjamenningu. Þar munu forseti Íslands, ráðherra jafnréttismála og úrvalshópur fyrirlesara ræða þessi mál," segir Hrafnhildur. „Það er mikilvægt að skoða hvernig við bregðumst við til framtíðar. Stóra málið er hvernig við breytum samfélaginu okkar, hvað við ætlum að gera í framhaldinu."

## Ísland er fyrirmynd

„Ísland er núna í efsta sæti yfir jöfnuð milli kynja í heiminum samkvæmt mælingum Alþjóðaefnahagsráðsins, níunda árið í röð," segir Hrafnhildur. „Það er horft til okkar sem fyrirmyndar þegar kemur að jafnrétti. Við þurfum að vera þjóðin með kjarkinn, viljann til að taka erfið skref, þorið til að mistakast og vera óhrædd við að fara nýjar leiðir.

Við erum enn langt frá því að hafa náð fram jafnrétti og að fullnýta þá fjölbreytni sem býr í íslenskum mannauði," segir Hrafnhildur. „Á meðan það land sem er „best í heimi" í jafnréttismálum hefur engan kvenkyns forstjóra í fyrirtæki sem er skráð í Kauphöllinni, aðeins 11% kvenna eru stjórnendur í 100 stærstu fyrirtækjunum, konur aðeins fjórðungur allra stjórnarmanna og um 22% af öllum framkvæmdastjórum og stýra síðast en ekki síst aðeins 9% fjármagns í landinu, eigum við enn langt í land og þörfin fyrir félag eins og FKA er svo sannarlega enn til staðar. FKA vinnur að því að hraða þeirri þróun að við náum jafnvægi og fjölbreytni."

## Jafnréttismál eru ekki kvennamál

Hrafnhildur segir að til þess að ná fram árangri í þessum efnum sé mikilvægt að nálgast jafnréttisumræðu heildstætt. „Jafnréttismál eru ekki kvennamál, þau eru málefni okkar allra," segir hún. „Það er mikilvægt að við nálgumst þau ekki út frá við og þið, heldur með því hugarfari að við séum ein heild að byggja upp atvinnulíf og þjóðfélag þar sem við fögnum fjölbreytileika og styrkleikum beggja kynja og fullnýtum þann mannauð sem býr í þjóðfélaginu."

# Meðvituð stefna að fjölga konum

Sonja Ýr Eggertsdóttir er markaðsstýra hjá Þekkingu sem er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Sonja Ýr segir fjölmörg tækifæri fyrir konur til að láta til sín taka innan tæknigeirans sem líði svolítið fyrir að hafa ákveðna ímynd á sér sem eigi ekki endilega við rök að styðjast.

Þegar Sonju Ýr stóð til boða að taka við starfinu fyrir tæpu einu og hálfu ári sagðist hún hafa verið hugsi yfir því þar sem þetta væri tæknifyrirtæki og einungis tvær konur störfuðu í starfsstöð Þekkingar í Kópavogi. Þekking var stofnuð á Akureyri fyrir 18 árum og er með höfuðstöðvar þar en meirihluti starfsfólks er í Kópavogi. Um sjötíu starfa hjá Þekkingu og þar af eru þrettán konur. „Það er meðvituð stefna hjá fyrirtækinu að fjölga konum og hafa fimm konur bæst í hópinn eftir að ég hóf störf."

Sonja Ýr segir að slagorð fyrirtækisins „Tölvudeildin þín" lýsi starfseminni vel. „Við störfum sem tölvudeild fyrir önnur fyrirtæki eða í samstarfi við þau. Við getum til dæmis verið stuðningsdeild fyrir starfandi tölvudeild í fyrirtækjum. Það er sorglegt hversu fáar konur mennta sig til tæknistarfa en ég held að sökin liggi í því að strákum hafi frekar verið beint í þann geira en stelpum. Þær eru síður hvattar til að vera í tölvuleikjum, skoða forritun eða hugbúnað. Þetta hefur verið stráka-heimur. Sem betur fer er þetta að breytast hægt og rólega en mætti vera enn markvissara," segir Sonja og bendir á að fjölmörg störf séu í kringum upplýsingatækni.

> **Ég hef ekki fundið fyrir kynjamisrétti á þessum vinnustað. Eftir að #metoo byltingin kom fram var haldinn fundur með starfsfólki þar sem skýrt var kveðið á um að slík hegðun eða framkoma yrði ekki liðin á þessum vinnustað og það skipti okkur konurnar miklu máli að fá að heyra það.**

„Það eru ekki einungis tölvunarfræðingar sem starfa hjá Þekkingu. Við erum með viðskiptafræðinga, kennara, verkefnastjóra, og síðan bæði konur og karla í þjónustuverinu sem hafa ekki endilega menntun eða reynslu úr tæknigeiranum."

Sonja segir að strákarnir hjá Þekkingu hafi tekið mjög vel á móti henni þegar hún hóf störf þar. „Ég hef ekki fundið fyrir kynjamisrétti á þessum vinnustað. Eftir að #metoo byltingin kom fram var haldinn fundur með starfsfólki þar sem skýrt var kveðið á um að slík hegðun eða framkoma yrði ekki liðin á þessum vinnustað og það skipti okkur konurnar miklu máli að fá að heyra það."

Sonja Ýr er í félagsskap kvenna úr tæknigeiranum sem er að stofna hagsmunasamtök fyrir konur í upplýsingatækni þar sem markmiðið er að vera konum hvatning til að taka þátt í þeirri byltingu sem nú á sér stað og er oft kölluð fjórða iðnbyltingin. „Ég heyri oft að konur sæki ekki um en þá þarf að skoða af hverju þær gera það ekki. Eru auglýsingarnar um tæknistörf of karlamiðaðar? Eða er menningin innan vinnustaðarins of karlæg? Það þarf að breyta þeirri ímynd að tækni sé bara fyrir stráka og svokallaða „tölvunörda" því raunin er allt önnur. Þetta er ótrúlega skemmtilegur geiri og mörg tækifæri fyrir konur því fyrirtækin vilja fá fleiri konur til starfa. Það er hagur allra að hafa fjölbreytileika innan vinnustaða, ólík vinnubrögð og mismunandi nálganir," segir Sonja og hvetur konur eindregið til að sækja um störf í tæknigeiranum.

Sonja Ýr segir að konur eigi ekki að vera hræddar við að sækja um störf í tæknigeiranum. MYND/STEFÁN

Mykines siglir frá Þorlákshöfn á föstudagskvöldi og kemur í höfn í Rotterdam á mánudegi.

# Fyrst oftar en einu sinni

Linda Björk Gunnlaugsdóttir er forstjóri Smyril Line Cargo á Íslandi. Hún er fyrsta konan til að gegna slíkri stöðu hjá skipafélagi hérlendis en fyrirtækið er í mikilli sókn.

Eftir að Linda Björk Gunnlaugsdóttir lauk stúdentsprófi á sínum tíma réð hún sig til starfa hjá Skipadeild Sambandsins. Hún sá fyrir sér að vinna þar í ár og hefja svo háskólanám en það hefur orðið bið á því.

„Mér líkaði strax vel að vinna í flutningageiranum en þetta er óneitanlega mjög karlmiðaður heimur. Sem dæmi langaði mig að fá starf sem sölumaður á fragt en var sagt að það þýddi ekki neitt að sækjast eftir því vegna þess að engin kona hafði gegnt því fyrr. Ég ætlaði í lögfræði en við þetta hljóp í mig einhver þrjóska og ég ákvað að bíða með námið. Það leið svo ekki á löngu þar til ég fékk stöðuna en sá böggull fylgdi skammrifi að ég fékk ekki að vera með á sölufundum til að byrja með. Hinir sölumennirnir, allir karlkyns, töldu að ég myndi ekki þola húmorinn en svo kom að því að ég fékk að sitja þessa fundi og ég lifði það nú alveg af," rifjar Linda upp og brosir við tilhugsunina.

## Hugsaði sig ekki tvisvar um

Næstu árin vann Linda sig upp innan flutningageirans og starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri hjá Eimskip í Færeyjum, fyrst kvenna. Hún var einnig framkvæmdastjóri hjá Skeljungi og forstjóri A. Karlssonar heildverslunar, auk þess sem hún sat í stjórn Smyril Line í Færeyjum um sjö ára skeið. Þegar Lindu bauðst staða forstjóra hjá Smyril Line Cargo á Íslandi þurfti hún ekki að hugsa sig tvisvar um.

„Fram undan eru spennandi tímar en í apríl í fyrra hóf Smyril Line Cargo vikulegar siglingar milli Þorlákshafnar, Rotterdam og Þórshafnar í Færeyjum. Viðtökurnar hafa gengið vonum framar og þetta er bæði skemmtilegt og spennandi verkefni," segir Linda brosandi.

> **Það er margt spennandi í pípunum og mikill hugur í starfsfólki Smyril Line Cargo.**

Smyril Line Cargo keypti Mykines, stórt og mikið skip, fyrir þessar siglingar og er sem fyrr með farþega- og flutningsferjuna Norrænu í rekstri. „Með Mykinesi getum við boðið upp á nýja flutningsleið til og frá Íslandi sem tekur styttri tíma en áður hefur þekkst, eða aðeins þrjá daga. Mykines siglir frá Þorlákshöfn að kvöldi föstudags og er komið til Rotterdam á mánudegi," segir Linda.

## Ferskur fiskur á mettíma

Aðallega er siglt með almennar vörur, tæki og bíla til landsins en ferskan fisk frá landinu. „Fiskurinn er kominn á markað um alla Evrópu á þriðjudagsmorgni," segir Linda og bætir við að mikil ánægja sé með þetta fyrirkomulag á meðal fiskútflytjenda.

„Þetta þýðir að hægt er að vinna ferskan fisk fram eftir degi á föstudegi, fiskurinn er sendur héðan á föstudagskvöldi og er kominn í sölu á þriðjudegi. Áður sendu margir útflytjendur föstudagsframleiðsluna á ferskum fiski með flugi en það kostar sitt og auk þess er takmarkað hvað hægt er að setja í flug," nefnir Linda.

Flutningavagnar eru notaðir undir vörurnar og notað er svokallað Roll On og Roll Off, eða Ro/Ro, kerfi. „Smyril Line Cargo er eina skipafélagið á Norður-Atlantshafinu sem er með svona skip í rekstri. Skipið er opnað að aftan og flutningavögnum ekið inn og út. Þetta hentar mjög vel fyrir flutninga. Útflytjandinn fær flutningavagn til sín, lestar hann og vagninn fer síðan um borð í Mykinesi og endar hjá kaupanda. Mykines hentar sérlega vel fyrir bílaflutninga en skipið tekur 500 bíla og 90 flutningsvagna. Hekla flytur t.d. alla bíla með okkur. Bílunum er ekið um borð og þeir vandlega festir og það fer vel um þá alla leiðina," upplýsir Linda.

Lindu líkaði strax vel að vinna í flutningageiranum, sem þó er óneitanlega mjög karlmiðaður heimur. MYND/HANNA

## Norræna í stóru hlutverki

Hjá Smyril Line Cargo leikur farþega- og flutningsferjan Norræna einnig stórt hlutverk, ekki síst fyrir flutninga til og frá Norður- og Austurlandi. „Norræna siglir á mjög góðum tíma og er með mikið afhendingaröryggi. Ferjan er með farþega- og vöruflutninga allt árið um kring en á veturna er þó heldur meiri áhersla á fisk- og vöruflutninga," segir Linda.

Norræna siglir frá Hirtsthals í Danmörku til Þórshafnar í Færeyjum og þaðan til Seyðisfjarðar. „Mykines er hrein viðbót við siglingar Norrænu. Auk þess erum við með tvö skip sem sinna flutningum á uppsjávarfiski frá Færeyjum til Rússlands. Þau sigla hingað til lands þegar þörf er á og flytja héðan uppsjávarfisk," segir Linda sem hefur í mörg horn að líta í forstjórastarfinu.

## Tryggja sér sess á markaðinum

„Stefnan er að halda áfram að byggja upp þjónustu í kringum Mykines og Norrænu og tryggja okkur betur í sessi á markaðnum. Það er margt spennandi í pípunum og mikill hugur í starfsfólki Smyril Line Cargo. Þetta er frábær, metnaðarfullur hópur starfsmanna á þremur starfsstöðvum þ.e.a.s. Seyðisfirði, Þorlákshöfn og Hafnarfirði. Fyrirtækið gengur vel, veltan hefur aukist mikið. Við erum að bæta í og höfum m.a. fjárfest í fólki, vélum og vöruflutningabílum. Reksturinn er í góðum stíganda," segir Linda, bjartsýn á framtíðina.

# Uppræta kynbundinn launamun

Atvinnuþátttaka á íslenskum vinnumarkaði mælist hvað mest meðal OECD-ríkjanna og er hlutfall kvenna á vinnumarkaði með því hæsta í heiminum. Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, segir kynbundinn launamun meinsemd og að unnið sé að því að uppræta hann.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is

Ég legg ríka áherslu á að lög um jafnlaunavottun nái fram að ganga og á áframhaldandi samstarf ráðuneytisins við samtök aðila vinnumarkaðarins til að vinna að jafnlaunamálum og jafnrétti á vinnumarkaði. Á þessu þingi mun ég mæla fyrir þingsályktun um aðgerðir gegn ofbeldi í íslensku samfélagi og frumvörpum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og um jafna meðferð á vinnumarkaði," segir Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra.

Mikil kynjaskipting einkennir vinnumarkaðinn og staðalmyndir kynjanna hefta valfrelsi stúlkna og drengja, segir Ásmundur „Ábyrgð á heimilisstörfum hvílir enn frekar á konum. Þær taka mun lengra fæðingarorlof og sinna ólaunaðri vinnu við umönnun barna og eldri foreldra í meiri mæli en karlar. Margar konur velja hlutastörf til að geta betur samræmt vinnu- og fjölskylduábyrgð. Allir þessir þættir byggjast á rótgrónum hugmyndum um staðalmyndir kynjanna og hafa margvísleg neikvæð áhrif á einstaklinga, vinnumarkaðinn og samfélagið í heild sinni."

## Atvinnuþátttaka með því mesta í heiminum

Af OECD-ríkjunum mælist atvinnuþátttaka hvað mest á Íslandi og hlutfall kvenna á vinnumarkaði í alþjóðlegum samanburði með því hæsta sem þekkist. Þrátt fyrir það eru fáar konur sýnilegar í stjórnunarstöðum og karlmenn fámennir í störfum sem tengjast umönnun, aðhlynningu og kennslu. Horfa þarf til aðgerða sem geta snúið þessari þróun við. Jafnlaunavottun er ætlað að framfylgja gildandi jafnréttislögum sem leggja bann við að konum og körlum séu greidd mismunandi laun fyrir sömu eða sambærileg störf nema slíkt sé unnt að réttlæta með málefnalegum ástæðum.

„Jafnlaunavottun miðar einnig að því að auka starfsánægju og trú starfsfólks á að mannauðsstjórnun atvinnurekanda sé fagleg og að bæta sýn stjórnenda á starfsmanna- og launamál, auðvelda þeim starfsmannahald og bæta rökstuðning við launaákvarðanir. Afraksturinn verður gagnsærra og réttlátara launakerfi," segir Ásmundur. „Frá árinu 1961 hefur vilji löggjafans verið skýr. Kynbundinn launamunur er engu að síður meinsemd sem ekki hefur tekist að vinna bug á. Í ljósi þess hversu ríkir þeir hagsmunir eru að einstaklingum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis um kaup og kjör er ég þeirrar skoðunar að lögfesting jafnlaunavottunar hafi verið nauðsynleg."

Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra.

> **Í ljósi þess hversu ríkir þeir hagsmunir eru að einstaklingum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis tel ég að lögfesting jafnlaunavottunar hafi verið nauðsynleg.**

Hvernig verður eftirliti með jafnlaunavottun háttað?

„Samtök aðila vinnumarkaðarins annast eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri öðlist vottun og endurnýi hana á þriggja ára fresti. Jafnréttisstofa getur beint þeim fyrirmælum til hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar að gera úrbætur innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Ég á ekki von á öðru en að jafnlaunavottun muni skila góðum árangri til aukins jafnréttis á vinnumarkaði. Velferðarráðuneytið hefur í samstarfi við Hagstofu Íslands og aðila á vinnumarkaði staðið fyrir gerð rannsókna á kynbundnum launamun og mun framvegis birta niðurstöður slíkra rannsókna annað hvert ár m.a. til að fylgja lögfestingu jafnlaunavottunar eftir," segir Ásmundur.

## Stjórnvöld bregðast við #metoo

Í kjölfar #metoo byltingarinnar hefur hulunni verið svipt af kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem konur verða fyrir á íslenskum vinnumarkaði. Ásmundur segir stjórnvöld þurfi að bregðast við af festu.

„Unnið er að skipan nefndar til að meta umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og eineltis á íslenskum vinnumarkaði og aðgerðir vinnuveitenda í tengslum við slík mál. Einnig verður skipaður aðgerðahópur til að vinna markvisst gegn þessum vanda á vinnustöðum. Einnig er gert ráð fyrir að verkefnastjóri verði ráðinn til að fylgja þessum málum eftir.

Þá er í smíðum áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi í íslensku samfélagi þar sem m.a. er kallað eftir fjölbreyttari meðferðarúrræðum fyrir gerendur í ofbeldismálum.

Starfshópi verður falið að kortleggja og skilgreina þjónustuþörf fyrir gerendur í ofbeldismálum og þá sem eru í hættu á að fremja ofbeldisbrot með það að markmiði að koma í veg fyrir endurtekið ofbeldi og ofbeldisbrot almennt."

# Markvisst unnið að jafnrétti

Coca-Cola European Partners er með um 24.000 starfsmenn í um þrettán löndum. Það er yfirlýst stefna samsteypunnar að fjölga konum í stjórnunarstöðum og hefur það tekist mjög vel.

Þótt ýmislegt hafi áunnist á undanförnum árum er alþjóðlegur framleiðslu- og viðskiptaheimur enn karllægur, segir Sonja M. Scott, mannauðsstjóri Coca-Cola European Partners á Íslandi (CCEP). Hjá Coca-Cola European Partners er aftur á móti markvisst unnið gegn allri aðgreiningu. „Yfirlýst stefna fyrirtækisins er að auka jafnrétti og fjölbreytileika á starfsstöðvum sínum og er þá ekki eingöngu átt við jafnrétti kynjanna, heldur einnig gagnvart trúarbrögðum, uppruna, kynhneigð og aldri svo eitthvað sé nefnt," segir Sonja. „En það er ekki nóg að ráða bara inn fjölbreyttan starfshóp því það verður einnig að tryggja að starfsfólkið hafi rödd innan fyrirtækisins, óháð stöðu. Þetta nefnist social inclusion á ensku og kannski er það lýsandi fyrir ástandið á Íslandi að það er ekki til neitt eitt hugtak yfir þetta. En kannski má segja að CCEP ætli sér að tryggja félagslega þátttöku starfsmanna sinna og án aðgreiningar."

Sem dæmi um það hvernig CCEP vinnur í samræmi við stefnu sína nefnir Sonja nýlegt dæmi frá CCEP í Svíþjóð. „Þar er búið að hanna sérstakt höfuðfat fyrir konur sem hylja hár sitt af trúarástæðum og vinna við framleiðsluna. Þar eru ákveðnar öryggisástæður fyrir því að það má ekki vera með föt sem geta flækst í tækjunum og því ákváðu stjórnendur í samráði við starfsfólkið að láta hanna höfuðfat sem tryggir öryggi í vinnunni en er um leið samþykkt sem höfuðbúnaður íslamskra kvenna. Þannig sýnir CCEP trúarbrögðum

Sérstakt höfuðfat fyrir konur sem hylja hár sitt af trúarástæðum og vinna við framleiðsluna.

kvennanna virðingu en heldur um leið öryggisstigi við framleiðsluna samkvæmt reglugerðum. Þetta er samt ekki bara gert af siðferðislegum ástæðum, heldur eru líka viðskiptaleg rök á bak við þetta. Hugvit og nýsköpun eru líklegri til að blómstra í umhverfi þar sem fjölbreytileiki er. Rannsókn frá McKinsey & company hefur sýnt að fyrirtæki sem eru með fjölbreyttari hóp starfsmanna eru að meðaltali með 35% betri fjárhagslega afkomu en önnur fyrirtæki í sama geira."

## Hópur fyrir konur

Yfirlýst markmið CCEP er að fjölga konum í stjórnunarstöðum og lykilstöðum upp í fjörutíu prósent fyrir árið 2025. Sonja segir að ástandið sé töluvert betra hér á landi en annars staðar en hlutfall kvenna í efstu stjórnunarstöðum hjá Coca-Cola á Íslandi er 38% og því ætti að vera raunhæft að ná markmiði samsteypunnar.

Sonja M. Scott, mannauðsstjóri Coca-Cola European Partners á Íslandi (CCEP), segir markvisst unnið gegn allri aðgreiningu. „Yfirlýst stefna fyrirtækisins er að auka jafnrétti og fjölbreytileika á starfsstöðvum sínum og er þá ekki eingöngu átt við jafnrétti kynjanna, heldur einnig gagnvart trúarbrögðum, uppruna, kynhneigð og aldri." MYND/VILHELM

Sonja segir að innan CCEP samsteypunnar séu nokkur strategísk verkefni sem styðji við þessa stefnu. Til dæmis er rekið sérstakt mentorkerfi til að valdefla sérstaklega ungar og efnilegar konur og í gegnum það hefur einn kvenstjórnandi á starfsstöð CCEP á Íslandi fengið þjálfun og mentor frá öðru landi. Einnig nefnir Sonja að hópurinn „Women leaders stepping up" var settur á fót innan CCEP á Íslandi fyrir konur, til að styrkja þær, valdefla og þétta hópinn. Á fundum hópsins eru tekin fyrir ákveðin málefni sem talin eru skipta máli. „Þetta er því ekki bara einhver fagurgali, orðunum fylgja aðgerðir; við ákváðum sem dæmi að styrkja konur til að vera í FKA," segir Sonja sem réð sig sérstaklega til Coca-Cola vegna þess hversu gott orð fyrirtækið hafði á sér í jafnréttismálum og fjölbreytileika. „Það er ekki nóg að ráða til okkar flotta kvenstjórnendur, heldur þurfum við líka að tryggja að þær hafi rödd innan fyrirtækisins. Það hefur margt breyst til batnaðar á undanförnum árum en það skiptir svo miklu máli að vera alltaf með kynjagleraugun á sér."

# Leggja áherslu á jafnrétti og ánægju starfsfólks

Sjóvá hefur lagt mikla áherslu á jafnréttismál árum saman og náð mjög góðum árangri í kynjahlutföllum og jafnlaunastefnu. Það skilar sér í ánægðu starfsfólki, sem leiðir til góðrar þjónustu við viðskiptavini. „Fólk vill starfa á góðum vinnustað og Sjóvá er það," segir framkvæmdastjóri.

Sjóvá hefur lengi lagt áherslu á velferð starfsfólks. Sú áhersla hefur leitt til mjög ákveðinnar stefnu í jafnréttismálum sem fylgt hefur verið eftir af krafti. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa, kynjahlutföll eru á góðum stað, starfsánægja er mikil og það er enginn kynbundinn launamunur hjá fyrirtækinu.

„Kynjahlutföllin í framkvæmdastjórn Sjóvár eru jöfn. Það eru þrír framkvæmdastjórar og þar af tvær konur. Stjórnarformaðurinn er kona, helmingur af stjórnendum eru konur og 61% af starfsfólkinu. Við erum að standa okkur betur en gengur og gerist í jafnréttismálum, sem við erum stolt af," segir Elín Þórunn Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri tjónasviðs hjá Sjóvá.

## Ánægt starfsfólk skapar ánægða viðskiptavini

„Við erum afar stolt af þessum árangri. Þetta er ekki átak sem við höfum farið í heldur lögðum við þær línur að fara í þessa vegferð og erum að uppskera eins og við sáðum," segir Auður Daníelsdóttir, framkvæmdastjóri sölu- og ráðgjafarsviðs hjá Sjóvá. „Það er einstaklega gaman að vera þátttakandi í þessu ferli og starfsánægjan hjá okkur er há, með því hæsta sem gerist hér á landi samkvæmt mælingum Capacent."

„Fólk vill starfa á góðum vinnustað og Sjóvá er það," segir Elín Þórunn. „Rannsóknir sýna að starfsfólk er ánægt. Þar sem starfsfólk er ánægt eru meiri líkur á að viðskiptavinir verði það líka og þeim fjölgar á milli ára. Við erum hreykin af því að Sjóvá hafnaði í efsta sæti tryggingafélaga í Ánægjuvoginni núna í janúar og við gleðjumst yfir því að viðskiptavinir okkar verða stöðugt ánægðari."

## Vilja hæfan en fjölbreyttan hóp

„Auðvitað viljum við laða að okkur hæfasta fólkið og starfsfólk okkar hefur alls konar menntun, bæði háskólamenntun og iðnmenntun og býr yfir mikilli reynslu," segir Auður. „Við höfum fjölbreyttan hóp og þessi fjölbreytni skilar okkur betri niðurstöðu, bæði hvað varðar rekstur og starfsánægju, sem skilar sér aftur í enn betri þjónustu til viðskiptavina."

„Það er gaman hvað hópurinn er fjölbreyttur," segir Elín Þórunn. „Það skiptir svo miklu máli að hafa rétta samsetningu af fólki, bæði hvað varðar aldur, kyn, menntun og reynslu. Það skapar skemmtilega umræðu og meiri víðsýni, sem allir græða á. Við höfum lagt mikið upp úr því að vinna í hópum innan fyrirtækisins, svo við fáum ólík sjónarmið á hlutina. Við nýtum okkur fjölbreytnina og við Auður höfum til dæmis báðar skipt um störf innan félagsins. Við reynum að nýta krafta fólks á sem bestan hátt."

„Við erum óhrædd við að breyta til og starfsfólk færist á milli sviða og verkefna," segir Auður. „Það skapar fjölbreytni og með því eykst skilningur á störfum annarra innan fyrirtækisins sem aftur skapar sterkari liðsheild."

Þær Elín Þórunn og Auður, framkvæmdastjórar hjá Sjóvá eru stoltar af árangri fyrirtækisins í jafnréttismálum. MYND/SJÓVÁ

> Ég tel að atvinnulífið sé að þróast í átt að jafnrétti, en við erum ekki komin alla leið og mörg fyrirtæki gætu bætt sig á þessu sviði.
>
> Auður Daníelsdóttir

## Enginn kynbundinn launamunur

Kynbundinn launamunur mældist 0% hjá Sjóvá árið 2017, sem er til marks um árangurinn sem náðst hefur. „Við höfum sjálf gert launagreiningar og reynt að fyrirbyggja kynbundinn launamun hjá okkur. Úttekt óháðra aðila hefur sýnt að við höfum náð árangri," segir Auður. „Við höfum fengið Jafnlaunavottun VR og Jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins, sem við erum afar stolt af og er mikil viðurkenning á okkar störfum. Hún hvetur líka hæft fólk til að sækja um hjá okkur, því fólk sér að það getur náð árangri og þróast í starfi innan fyrirtækisins."

„Kannanir sýna líka að jafnréttisvitund okkar starfsfólks er sterk," segir Elín Þórunn. „Fólk er ánægt með stöðu kvenna og telur að bæði kynin fái jöfn tækifæri til framgangs.

En þessi árangur kemur ekki af sjálfum sér. Þetta eru meðvitaðar ákvarðanir æðstu stjórnenda sem hafa meðal annars skapað okkar góðu stöðu. Það krefst skýrrar stefnu og stöðugrar vinnu en við trúum því að ef öllum líður vel náum við meiri árangri," segir Elín Þórunn.

## Mæla líðan vandlega

Fyrir tveimur árum vorum við í farabroddi á Íslandi í að fá sálfélagslegt áhættumat fyrir starfsfólkið okkar," segir Elín Þórunn. „Við vildum kanna hvernig fólki liði hjá okkur og fengum aðstoð sálfræðings og geðlæknis til að vinna slíkt mat með okkur. Þar könnuðum við líðan starfsfólks, hvort ferlar væru að virka og hvort það væru einhver vandamál sem við vissum ekki af. Við viljum að ef fólk lendir í einhverju áfalli hafi það gott ferli til að leita aðstoðar og ekki síður að fólk þekki ferlið og treysti því að það virki vel, en þarna býðst okkar starfsfólki til dæmis að leita til ytri aðila sem við höfum samið við."

„Þar að auki erum við með innri kannanir hjá okkur til að fylgjast með líðan fólks og tökum þátt í VR könnuninni," segir Elín Þórunn. „Þannig að það eru bæði innanhúsmælingar og ytri, óháðar mælingar sem fylgjast með líðan starfsfólksins okkar."

## Fjölskylduvænt umhverfi

„Sjóvá er fjölskylduvænt fyrirtæki," segir Auður. „Við bjóðum starfsfólki sem fer í fæðingarorlof viðbótartíma á launum og það er hægt að koma með börnin á skrifstofuna ef þörf krefur. Ef fólk þarf að vinna heima er sá sveigjanleiki líka fyrir hendi. Svo höldum við alls kyns uppákomur fyrir alla fjölskylduna."

„Við erum einnig með frábært mötuneyti sem býður hollan og góðan mat og leggjum okkar af mörkum við að hvetja fólk til reglulegrar hreyfingar og hollustu," segir Elín Þórunn. „Við erum með líkamsræktaraðstöðu í húsinu okkar hér í Reykjavík og núna erum við til dæmis með skrefamæla og erum að mæla skrefin okkar. Saman ætlum við að fara vegalengd sem samsvarar göngu í kringum hnöttinn og er þetta jákvæður hvati fyrir okkur."

„Við viljum að fólki líði vel í vinnunni," segir Auður. „Við eyðum miklum tíma þar og það er sorglegt ef starfsmaður er ósáttur í vinnunni eða kemur óánægður heim. Það er sóun á hæfileikum og orku, sem við viljum nýta sem best."

## Jafnréttismál stefna í rétta átt

„Ég tel að atvinnulífið sé að þróast í átt að jafnrétti, en við erum ekki komin alla leið og mörg fyrirtæki gætu bætt sig á þessu sviði," segir Auður. „Félag kvenna í atvinnulífinu vinnur gott starf í þessa átt og við erum virkir þátttakendur í því starfi."

Það er líka mikilvægt að það séu ekki bara konur sem tala um jafnréttismál, heldur að við séum öll samábyrg fyrir jafnrétti og að við látum verkin tala," segir Elín Þórunn. „Hægt og sígandi stefnum við í rétta átt. Það er ánægjulegt að hugsa til þess að þeir sem koma á eftir okkur byrja á betri stað en við vorum þegar við hófum okkar starfsferil."

„Sá góði árangur sem við höfum náð er okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut," segir Auður. „Þetta er ekki vinna sem lýkur einn daginn heldur eitthvað sem þarf stöðugt að vera að sinna með markvissum hætti. Gott utanumhald um starfsfólk hefur alltaf fylgt starfsemi Sjóvá, sem verður 100 ára á þessu ári. Við erum einfaldlega að þróa það áfram í takt við tímann og okkur er alvara."

# Fjölbreytt starf á Hrafnistu

Hrafnista er með fjölmennari vinnustöðum landsins með starfsemi á sex stöðum í fimm sveitarfélögum. Íbúar heimilanna eru um 600 og 60 ár eru frá því að fyrsta heimilið var opnað. Að auki njóta 300-400 aldraðir þjónustu Hrafnistu á degi hverjum. Markmiðið er að auka lífsgæði aldraðra í samræmi við getu, þarfir og vilja hvers og eins. Starfsfólk Hrafnistu gegnir þar lykilhlutverki.

## Enginn dagur eins

Árdís Hulda Eiríksdóttir veitir stærsta öldrunarheimili landsins, Hrafnistu í Hafnarfirði, forstöðu. Heimilið er einn fjölmennasti vinnustaður bæjarins og stærsti kvennavinnustaðurinn.

„Hjá Hrafnistu í Hafnarfirði starfa hátt í 350 manns sem þýðir að Hrafnista er einn af fimm stærstu vinnustöðum bæjarins og einn stærsti kvennavinnustaðurinn," segir Árdís sem hóf f fyrst störf hjá Hrafnistu fyrir þrjátíu árum og þá sem unglingur í sumarvinnu. Hún lauk námi í hjúkrunarfræði og hóf síðan aftur störf á Hrafnistu árið 1998 og vann þar um tíma en sneri sér þá að öðru. „Hrafnista togar alltaf í mig og ég tók við starfi gæðastjóra allra heimilanna árið 2008. Fyrir fimm árum tók ég við starfi forstöðumanns," segir Árdís.

### Stærsta öldrunarheimili landsins

„Um helmingur íbúanna eru Hafnfirðingar en margir koma frá höfuðborgarsvæðinu og einnig utan af landi. Hafnarfjörður minnir marga á landsbyggðina, hér eru mikil tengsl á milli fólks og nábýlið mikið. Ég held að staðsetningin, sem er alveg dásamleg, heilli marga. Hér sjáum við bátana sigla inn og út fjörðinn og við erum í hraunjaðrinum. Þeir sem hafa búið úti á landi og þekkja sjóinn eru afskaplega ánægðir hjá okkur," segir Árdís.

> **Staðsetningin er dásamleg og heillar marga. Hér sjáum við bátana sigla inn og út fjörðinn. Þeir sem hafa búið úti á landi og þekkja sjóinn eru afskaplega ánægðir hjá okkur.**

Stærsta hlutverk Hrafnistu er að sinna hjúkrun og einnig líknandi meðferð, að sögn Árdísar. „Svo sinnum við líka dagdvöl. Hún er fyrir fólk sem býr heima og kemur til okkar virka daga. Þannig hjálpum við fólki að búa lengur á eigin heimili. Síðan þjónustum við okkar næstu nágranna en þeir koma til okkar og taka þátt í félagsstarfi og íþróttum og fleira. Það eru líf og fjör hjá okkur," segir Árdís.

### Dagdvöl og hvíldarinnlögn

„Íbúar Hrafnistu eru 204 talsins, um 70-80 manns sækja dagdvölina til okkar og 150-200 manns hafa aðgang að okkar þjónustu og geta einnig fengið heimsendan mat. Þá erum við hverju sinni með 10-15 hvíldargesti til að létta álagi af aðstandendum og fólki sjálfu. Fólk getur komið til okkar í allt að átta vikur á ári og er að mínu gott úrræði til auðvelda því að búa áfram heima hjá sér," segir Árdís og bætir við að í krafti stærðarinnar geti Hrafnista boðið upp á margs konar þjónustu.

„Við lítum líka svo á að við séum ekki aðeins að þjónusta íbúa heldur alla fjölskylduna. Okkar hlutverk er ekki síður að halda utan um aðstandendur. Heimilið stendur þeim alltaf opið."

Árdís hefur í nógu að snúast í annasömu starfi. „Starfið er fjölbreytt og það er enginn dagur eins. Það gerir þetta starf líka svo skemmtilegt. Lykilatriði er að hafa gott fólk í liði með sér og þess vegna gengur eins vel hjá okkur og raun ber vitni."

Árdís Hulda Eiríksdóttir byrjaði að vinna hjá Hrafnistu á unglingsárunum. MYND/EYÞÓR

## Gott skipulag og útsjónarsemi í fyrirrúmi

Harpa Gunnarsdóttir er fjármálastjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Hrafnistuheimilanna og staðgengill forstjóra. Hún segir gott skipulag og útsjónarsemi mikilvæga þætti í starfinu.

„Starfið felst í að hafa yfirsýn yfir rekstur heimilanna og styðja við starfsemina á heimilunum varðandi fjármál, mannauðsmál, innkaup, rekstur eldhúsa, bókhald og launavinnslu. Skipulag Hrafnistu er með þeim hætti að hvert Hrafnistuheimili er sérstök rekstrareining og síðan eru tvö stoðsvið; rekstrarsvið og heilbrigðissvið sem þjónusta öll heimilin sameiginlega. Þetta skipulag gerir okkur kleift að nýta hagkvæmni stærðarinnar sem best þar sem við getum tekið ákveðin sameiginleg verkefni fyrir allar rekstrareiningarnar og sinnt þeim utan heimilanna sjálfra. Í stað þess að vera með t.d. launavinnslu á hverju heimili fyrir sig eru sérfræðingar í launavinnslu sem sjá um þann þátt fyrir öll heimilin sameiginlega. Við erum 40 sem störfum saman á rekstrarsviðinu, í góðri samvinnu við starfsmenn heildbrigðissviðs og heimilanna sex," segir Harpa.

Reksturinn er áætlaður um 7,5 milljarðar á árinu 2018 og tekjurnar eru að langstærstum hluta daggjöld sem greidd eru frá ríkinu miðað við nýtingu þeirra rýma sem heimilin hafa til ráðstöfunar.

„Rúmlega 80% af tekjum fer í launagreiðslur og um 20% höfum við til að ráðstafa í annan rekstrarkostnað s.s. lyf, hjúkrunarvörur, mat, rekstur húsnæðis og fleira. Það þarf því að halda vel utan um budduna til að endar nái saman. Mikilvægur hluti af starfsemi rekstrarsviðs er því kostnaðareftirlit og samanburður á rauntölum við áætlun á hverjum tíma," segir Harpa.

### Þjónusta allan sólarhringinn

Hjá Hrafnistuheimilunum starfa alls um 1.250 manns í um 650 stöðugildum. Á sumrin fjölgar um 250 manns vegna sumarafleysinga. Þjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins og því heilmikið skipulag og útsjónarsemi sem þarf til að halda starfseminni gangandi, að sögn Hörpu. „Hjá Hrafnistu starfar öflugur og fjölbreyttur hópur fólks sem hefur metnað til að sinna þjónustu við aldraða sem allra best.

Harpa Gunnarsdóttir.

Hrönn Ljótsdóttir hefur komið að breytingastjórnun hjá Hrafnistu. MYND/EYÞÓR

## Ný hugmyndafræði í öldrunarþjónustu

Hrafnista tók við rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar í Garðabæ fyrir ári. Hrönn Ljótsdóttir forstöðumaður segir markmiðið að sameina það besta frá sjálfstæðri búsetu og öryggi hjúkrunarheimilis.

Heimilið er rekið eftir hugmyndafræði í öldrunarþjónustu þar sem lögð er áhersla á sjálfsákvörðunarrétt og þátttöku íbúa.

„Á Hrafnistu Garðabæ Ísafold búa 10 heimilismenn á hverri einingu en þær eru sex talsins. Þar starfa hjúkrunarfræðingar, læknar, sjúkraliðar, félagsliðar og starfsfólk við umönnun allan sólarhringinn," segir Hrönn sem hefur unnið hjá Hrafnistu í hartnær þrjátíu ár. Hún var áður forstöðumaður Hrafnistu í Reykjanesbæ og þar áður á Hrafnistu í Kópavogi. Hrönn hefur því öðlast mikla reynslu af breytingastjórnun. „Ég er lærður sjúkraliði og félagsráðgjafi og lauk einnig námi í opinberri stjórnsýslu," segir hún.

### Eins og meðalstórt fyrirtæki

Mikil samvinna er á milli Hrafnistu og Garðabæjar sem rekur dagdvöl í húsinu, auk annarrar þjónustu. „Starfsmenn hjá okkur eru í kringum hundrað talsins, þar af eru sumir í hlutastarfi. Segja má að heimilið sé eins og meðalstórt, íslenskt fyrirtæki hvað varðar stærð. Við rekum líka sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun og annað sem fylgir rekstrinum. Við segjum oft að við eigum stóra systur í Hrafnistu Reykjavík en þar eru reknar stoðdeildir á borð við eldhús, bókhald og mannauðssvið. Allur matur er t.d. eldaður í Reykjavík. Á Hrafnistu í Garðabæ er fullbúið eldhús á hverri einingu eins og tíðkast á nýjum hjúkrunarheimilunum og það er líka mikið notað. Á hverjum morgni eldar starfsfólk hafragraut fyrir íbúana og smyr brauð fyrir þá sem vilja. Í tilefni af eins árs afmælin ætlum við að elda hrygg upp á gamla mátann í hádeginu í dag. Eldhúsið og borðstofan eru í björtu, opnu rými líkt og á nýtískuheimili og þar er góð aðstaða fyrir gesti," segir Hrönn.

### Samfélag án aðgreiningar

Hrafnista leggur mikið upp úr heimilislegri nálgun og liður í því er að starfsmenn eru ekki í sérstökum einkennisfatnaði heldur sínum eigin fötum, að sögn Hrannar. Hún segir þetta skapa heimilislegt andrúmsloft. „Hér erum við með samfélag án aðgreiningar og liður í því er að vera ekki með lokaðar deildir fyrir þá sem þjást af heilabilun. Það hefur gefist mjög vel og er gott fyrir íbúa, aðstandendur og starfsfólk," segir Hrönn.

## Heimilisbragur mikilvægur

Þuríður Ingibjörg Elísdóttir er forstöðumaður Hrafnistuheimilanna tveggja í Reykjanesbæ. Hún segir starfsemina fjölþætta og mikið lagt upp úr notalegu og heimilislegu umhverfi.

„Við leggjum mikið upp úr því að Hrafnista er heimili en ekki stofnun. Miklu máli skiptir að fólk eigi kost á þeim gæðum sem lífið hefur upp á að bjóða, sama á hvaða aldri það er. Bara það að vera án verkja er mikilvægt og eykur lífsgæði. Svo er notalegt að finna matarilm og heyra í þvottavélinni, svo dæmi sé tekið," segir Þuríður. Hún tók við starfi forstöðumanns fyrir ári síðan og er menntuð í hjúkrun.

### Heimilslegt umhverfi

Hrafnista rekur tvö heimili í Reykjanesbæ. Nesvellir er heimili sem var tekið í notkun árið 2014. Það er með rými fyrir 60 íbúa en Hlévangur er eldra heimili með 30 íbúum. Á annað hundrað manns starfa hjá Hrafnistu í Reykjanesbæ svo um er að ræða stóran vinnustað í bæjarfélaginu. Að sögn Þuríðar er mikil áhersla lögð á góð tengsl við aðstandendur íbúa. „Dyr Hrafnistu standa fjölskyldum íbúa að sjálfsögðu alltaf opnar. Lífsgæði eins hafa áhrif á lífsgæði annarra og í raun erum við með samþætta þjónustu við íbúa og fjölskyldur þeirra, t.d. hvað varðar upplýsingagjöf," segir Þuríður.

### Fjölbreyttur starfsmannahópur

Meirihluti starfsmanna eru konur en einnig starfa nokkrir karlmenn hjá Hrafnistu í Reykjanesbæ og segir Þuríður gott að hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. Starfseminni er skipt í nokkur svið, svo sem hjúkrunarsvið, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, ræsting og eldhús. Þuríður segir íbúa hvatta til að nýta sér þá þjónustu sem er í boði. „Það eykur lífsgæðin til muna að hreyfa sig eða hafa eitthvað fyrir stafni. Slíkt eykur hreyfigetu, dregur úr verkjum og hefur góð áhrif á andlega líðan. Þeir sem geta ekki beint tekið þátt eru hvattir til að fylgjast með, það er líka virkni og mikilvæg samverustund."

Flestir sem starfa hjá Hrafnistu búa í Reykjanesbæ en hægt er að velja um mismunandi starfshlutfall. Margir þeirra hafa unnið við umönnun aldraða um árabil og segir Þuríður íbúa njóta góðs af því. „Mér finnst skipta svo miklu máli að hafa gott starfsfólk því þannig veitum við hjá Hrafnistu betri þjónustu. Við leggjum mikið upp úr að öllum líði vel hjá okkur, íbúum, fjölskyldum þeirra og ekki síður starfsfólki."

Þuríður Ingibjörg Elísdóttir segir gott að hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna.

Sigrún Stefánsdóttir. MYND/VILHELM

## Eins og lítið sveitarfélag

Starfsemi Hrafnistu í Reykjavík er mjög fjölbreytt en ásamt því að vera hjúkrunarheimili þá er þar kaffihús, verslun, póstþjónusta hárgreiðslustofa og fótaaðgerðastofa, að sögn Sigrúnar Stefánsdóttur forstöðumanns.

„Hrafnista í Reykjavík er rúmlega 200 manna hjúkrunarheimili með hjúkrunarrými, hvíldarrými og dvalarrými. Auk þess erum við með dagþjálfun þar sem 30 einstaklingar koma til okkar að morgni og fara heim í lok dags , þrisvar til fimm sinnum í viku í tíu vikur í senn. Þjálfunin miðar að því að hjálpa fólki að ná sér upp eftir skammvinn veikindi eða sjúkrahúsvist og stuðlar að því að það geti búið lengur heima hjá sér. Við veitum alla hjúkrunar- og læknisþjónustu, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og hjá okkur er öflugt félagsstarf og virkni, svo eitthvað sé nefnt," segir Sigrún og bætir við að heimilið sé líkast litlu sveitafélagi. „Við erum m.a. með kaffihús með vínveitingaleyfi, verslun, póstþjónustu, hraðbanka, hárgreiðslustofu og fótaaðgerðastofu og ýmislegt fleira."

### Meira en 60 ára saga

Hrafnista í Reykjavík á sér langa og merkilega sögu en heimilið var opnað árið 1957. „Sjómannadagsráð byggði húsið fyrir aldraða sjómenn og sjómannsekkjur en á þeim tíma bjó það fólk við bág kjör. Ég tel það hafa verið mikla framsýni hjá sjómannafélögunum að ráðast í þessa framkvæmd á sínum tíma," segir Sigrún.

Með tímanum hefur starfsemin breyst í þá átt að Hrafnista er öllum opin sem á þurfa að halda. Gerðar hafi verið breytingar á húsnæði í gegnum árin í takt við nútímakröfur í öldrunarþjónustu sem m.a. miða því að einstaklingar búi í einbýli.

„Kaffihúsið er sérstaklega skemmtileg viðbót við starfsemina. Það gefur íbúum og aðstandendum tækifæri til að fara út og njóta góðrar stundar saman í öðru umhverfi, án þess að þurfa að fara út í vont veður. Við erum líka með vínveitingaleyfi en mér finnst eðlilegt að fullorðið fólk geti keypt sér vínglasi, hafi það áhuga á því," segir Sigrún sem hefur unnið hjá Hrafnistu frá árinu 2003.

> **Kaffihúsið er skemmtileg viðbót og gefur fólki tækifæri til að njóta saman góðrar stundar.**

Þegar Sigrún er spurð hvað sé skemmtilegast við starfið segir hún mannlífið, fjölbreytileikann og samskipti við íbúa og starfsfólk standa upp úr. „Hér er fólk á breiðu aldursbili, en það eru fimmtíu ár á milli yngsta og elsta íbúans, og eins yngsta og elsta starfsmannsins. Það er einstaklega ánægjulegt að sjá hvað starfsfólkið er áhugasamt um sitt starf og er duglegt að leggja sig fram við að stuðla að vellíðan íbúa, allir sem ein heild."

## Einstaklingurinn í fyrirrúmi

Heilbrigðissvið Hrafnistu heldur utan um faglegt starf auk gæða- og öryggismál heimilanna og er faglegu þróun stöðugt er í gangi. María Fjóla Harðardóttir er framkvæmdastjóri sviðsins.

Starfsemi Hrafnistu gengur út á að auka lífsgæði aldraðra í samræmi við getu, þarfir og vilja hvers og eins. „Okkar mikilvægasta verkefni er að íbúum Hrafnistu líði vel og við séum alltaf að horfa á einstaklinginn en ekki hópinn. Hrafnista rekur sex heimili í fimm sveitarfélögum, íbúar eru samtals um 600 og starfsemin hefur varað í 60 ár. Hvert heimili er í raun eins og lítið samfélag og heilbrigðissviðið þjónustar hvert og eitt þeirra og er þeim til stuðnings. Við erum með ákveðnar verklagsreglur sem eru þungamiðjan í starfseminni en um leið hefur hvert heimili sína sérstöðu sem er mikilvægt. Inni á hverju heimili er öflug og frjó starfsemi, bæði hjá fagfólki og öðru starfsfólki og við erum stöðugt að leita leiða til að bæta þjónustuna um leið og fagleg þróun er sífellt í gangi," segir María.

### Samræma starfsemi heimilanna

Starfsfólk heilbrigðissviðs fer á milli Hrafnistuheimilanna í þeim tilgangi að vera í beinum tengslum við heimilin, fylgja eftir verkferlum og samræma starfsemina eftir því sem kostur er. „Við leitumst við að finna það besta á hverjum stað og koma því í gang á öðrum stöðum. Þannig lærum við hvert af öðru og græðum á því að vera svona mörg. Starfsfólk Hrafnistu er virkjað í þeim breytingum sem fara af stað í þeim tilgangi að breyta til gagns. Það eru 11 gæðateymi og eru þau skipuð fulltrúum starfsfólks. Jafnframt eru 10-15 umbótahópar í gangi hverju sinni. Heilbrigðissvið fer einnig yfir öll atvik og vinnuslys og skoðar leiðir til úrbóta. Heilbrigðissvið sér einnig um sýkingavarnir og forvarnastarf og er í góðu samstarfi við Embætti landlæknis. „Þar er handþvottur lykilatriði," segir María og bætir við: „Gæði í þjónustu er ekki aðeins hagur í bættri þjónustu við íbúa okkar og bættu starfsumhverfi fyrir starfsfólk heldur líka hagur í rekstri til lengri tíma. Viðhorf Hrafnistu gagnvart gæðamálum setur Hrafnistu í fararbrodd á sínu sviði."

María Fjóla Harðardóttir. MYND/VILHELM

# Spennandi áskoranir fram undan

## Undanfarin ár hafa verið spennandi tími hjá Söndru Mjöll Jónsdóttur-Buch, framkvæmdastjóra Platome líftækni, sem hlýtur Hvatningarviðurkenningu FKA árið 2018.

„Þessi viðurkenning er mér fyrst og fremst hvatning til að halda áfram og styður mig í þeirri trú að ég sé á réttri braut," segir Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch, framkvæmdastjóri Platome líftækni. MYND/ANTON BRINK

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is

Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch, framkvæmdastjóri Platome líftækni, hlaut Hvatningarviðurkenningu FKA í ár en fyrirtækið framleiðir hágæða líftæknivörur fyrir stofnfrumurannsóknir. Hún segir verðlaunin vera mikinn heiður enda sé mjög auðvelt að tapa sér í amstri dagsins og öllum þeim áskorunum sem fylgja því að ýta sprotafyrirtæki úr vör. „Þessi viðurkenning er mér fyrst og fremst hvatning til að halda áfram og styður mig í þeirri trú að ég sé á réttri braut. Ég veit að þessi viðurkenning verður mér gott veganesti til framtíðar, hver sem hún svo verður."

Platome líftækni byggir á áralöngum rannsóknum sem hófust sumarið 2011 þegar Sandra fékk rannsóknarstarf hjá Blóðbankanum við að rannsaka mögulega nýtingu blóðflaga til að rækta frumur. Rannsóknunum var stýrt af Ólafi E. Sigurjónssyni, prófessor við HR og forstöðumanni stofnfrumuvinnslu Blóðbankans, sem hefur haldið úti mjög öflugu rannsóknarstarfi um árabil að sögn Söndru. „Ólafur hafði á sínum ferli sem sérfræðingur í stofnfrumum, rekið sig á að þær aðferðir sem eru notaðar til að rækta stofnfrumur eru ekki nægilega góðar. Honum datt þá í hug að athuga hvort hægt væri að nota eitthvað sem líkir betur eftir mannslíkamanum en kálfablóð og datt m.a. í hug að nota blóðflögur. Í sameiningu höfum við unnið að þessu verkefni í bráðum sjö ár og þróað alla þá tækni og vörur sem fyrirtækið byggir á."

### Viðburðaríkur tími

Niðurstöður rannsókna þeirra voru mjög góðar og fóru þau til útlanda að kynna þær. „Þar fóru aðrir vísindamenn að falast eftir því að fá að kaupa blóðflögulausnirnar sem við höfðum þróað sem varð svo kveikjan að þeirri hugmynd að stofna fyrirtæki í kringum rannsóknirnar. Sú hugmynd varð að ákvörðun þegar við hlutum 3. sæti í Hagnýtingarverðlaunum HÍ haustið 2014. Við vorum því í raun búin að þróa frumgerð að vörunni löngu áður en okkur datt í hug að stofna fyrirtækið."

Við tóku viðburðarík ár hjá Söndru en fyrirtækið var formlega stofnað árið 2016 og vann m.a. til verðlauna sem Sprotafyrirtæki ársins hjá Viðskiptablaðinu á síðasta ári og hlaut styrk frá Tækniþróunarsjóði. „Við höfum náð að stækka úr tveggja manna teymi í níu manna öflugan hóp á skömmum tíma og náð að koma vörum í sölu og skapa tekjur."

### Á fleiri markaði

Vörur fyrirtækisins eru næringarlausnir sem eru notaðar til að halda frumum úr mannslíkamanum á lífi þegar verið er að skoða þær á rannsóknarstofum segir Sandra. „Þetta geta verið stofnfrumur eða aðrar frumur, eins og t.d. húðfrumur. Næringarlausnirnar eru unnar úr blóðflögum og innihalda alla þá þætti og efni sem frumur þurfa til að geta vaxið. Við erum eingöngu að selja næringarlausnir en ekki frumur og viðskiptavinir okkar eru fyrst og fremst rannsóknarhópar og stofnanir auk líftækni- og lyfjafyrirtækja."

Það eru því spennandi tímar fram undan. Fyrirtækið hefur verið á fleygiferð og þau ætla að halda áfram á sömu braut. „Næstu skref eru að koma vörunum okkar á markað bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og höfum við hafið þann undirbúning af alvöru. Á næstu 3-5 árum gerum við ráð fyrir að hafa komið okkur inn á þá markaði og í kjölfarið aukið vöruúrvalið hjá okkur. Það er kostur við þá tækni sem við höfum þróað að hún býður upp á marga möguleika og við höfum skýra sýn á hvernig við munum nýta þau tækifæri."

# Jafnrétti er ekki einkamál kvenna

## Sigyn Jónsdóttir er hugbúnaðar-og rekstrarverkfræðingur sem starfar hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Men & Mice. Hún er einnig formaður félags ungra athafnakvenna, UAK.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is

UAK eru grasrótarsamtök sem voru stofnuð árið 2014 með það í huga að efla tengslanet kvenna og berjast fyrir jafnrétti á vinnumarkaði og jafnvægi í umræðunni. Við erum sex í stjórninni og ég tók við sem formaður á síðasta ári. Við erum um það bil 250 skráðar í félagið núna og þetta er alveg ótrúlega skemmtilegur félagsskapur og frábært tengslanet fyrir ungar konur í atvinnulífinu sem eru að klára nám eða að velta fyrir sér hvernig á að taka fyrstu skrefin út á vinnumarkaðinn. Markmiðið hjá okkur er að ná fullu jafnrétti hvað varðar laun, stjórnendastöður og annað sem skiptir okkur öll máli því jafnrétti varðar okkur öll, það er ekki einkamál kvenna og ekki einhliða samtal. Við höldum reglulega opna viðburði og bjóðum hverjum sem er að koma og taka þátt í því sem við erum að gera." Hún segir félagið hafa stutt margar konur í því að finna sér farveg og búa til tengslanet. „Ég fann það þegar ég fór að mæta á viðburði hjá félaginu að þá víkkaði tengslanetið rosalega hratt og ég kynntist konum sem hafa svipuð markmið í lífinu. Þetta er byrjunin á ferlinum en eitthvað sem þú býrð að alla ævi." Þó félagið heiti Ungar athafnakonur er ekkert aldurstakmark. „Á meðan kona finnur sig í starfseminni er hún velkomin. Ég held að sú yngsta sé nítján ára og sú elsta rúmlega fertug."

Hún segir starfsemi félagsins fjölbreytta. „Ef þú ert félagskona í UAK hefurðu aðgengi að einum til tveimur viðburðum í mánuði hjá okkur, við hittumst á málstofum, höldum námskeið og reynum að fá til okkar sterkar fyrirmyndir úr atvinnulífinu því það skiptir miklu máli þegar kona er að taka fyrstu skrefin. Það er einstakt að fá tækifæri til að hitta konur sem stýra stærstu fyrirtækjum landsins og spyrja þær um reynslu þeirra og hvaða hindranir hafa verið í veginum."

Hún segir starfsemina ganga mjög vel. „Það er mjög jákvæð umræða í samfélaginu varðandi jafnrétti og mér finnst fólk loksins vera tilbúið að ræða þessi mál opinskátt. Með tilkomu byltinga eins og #metoo og #höfumhátt og fleiri á undanförnum árum hefur opnast einhver vídd þar sem fólk kemst ekki lengur upp með að standa fyrir utan umræðuna."

> **Það er mjög jákvæð umræða í samfélaginu varðandi jafnrétti.**

Næsti viðburður samtakanna verður í Ægisgarði 8. febrúar. „Við munum notast við Barbershop-verkfærakistu sem þróuð var fyrir UN Women árið 2015 sem hluti af #heforshe herferðinni. Verkfærakistan er notuð til að halda viðburði sem hafa það að markmiði að auka þátttöku karla í umræðunni og baráttunni fyrir kynjajafnrétti. Vinnustofan verður byggð á leiðtogaverkfæri sem miðar sérstaklega að aukinni þátttöku stjórnenda og verður þetta í fyrsta skipti í heiminum sem slík vinnustofa er haldin fyrir ungt fólk. Eðli málsins samkvæmt er best að hafa jafnt kynjahlutfall í vinnustofunni svo við hvetjum alla til að taka með sér gest af öðru kyni." Nánari upplýsingar má finna á uak.is.

Sigyn Jónsdóttir, formaður UAK, segir fólk loksins tilbúið að ræða jafnréttismál opinskátt.

# Fjölbreytt verkefni í sælgætislandi

## Silja Mist Sigurkarlsdóttir, markaðsstjóri Nóa Síríus, segir að það sé skemmtileg áskorun að kynna og bæta framleiðslu fyrirtækisins og það sé mikilvægt að rótgróin fyrirtæki séu opin fyrir nýjungum.

Súkkulaði og annað sælgæti frá Nóa Síríus hefur kitlað bragðlauka Íslendinga í nærri 100 ár og þarf vart að kynna. Silja Mist Sigurkarlsdóttir, markaðsstjóri Nóa Síríus, segir vöruþróun og markaðssetningu nýjunga mörgum sinnum á ári vera skemmtilega áskorun fyrir svo rótgróið fyrirtæki.

„Við leggjum mjög mikla áherslu á vöruþróun, sem stundum kemur fólki á óvart. Mörgum dettur bara í hug gamla góða Síríus súkkulaðið eða Konsúmið okkar þegar minnst er á Nóa Síríus, en vörulínan okkar telur fjölda vörumerkja og er alltaf að stækka og þróast," segir Silja Mist.

„Vöruþróun og markaðssetning á nýjum og spennandi vörumerkjum og endurmörkun á eldri tegundum er því t.d. eitt af aðal verkefnunum í mínu starfi," segir Silja. „Það er ótrúlega skemmtilegt því það þýðir að ég er er alltaf með nýja áskorun handan við hornið."

Silja nefnir sem dæmi að þessa dagana er ný lína af Ópal komin í verslanir, nýjar bragðtegundir í nýjum umbúðum og nýrri stærð. „Ópalið er dæmi um vöru sem Íslendingar hafa hreinlega elskað áratugum saman og allir þekkja," segir hún. „Þannig að það liggur mikil og skemmtileg vinna á bak við það að taka svona þekkta vöru og finna nýjar hliðar á henni og kynna hana. Það er alltaf ákveðin áhætta að þróa svona þekkt vörumerki og við erum þess vegna ótrúlega ánægð með viðtökurnar sem nýja Ópalið hefur fengið.

Silja Mist Sigurkarlsdóttir, markaðsstjóri Nóa Síríus, tekst á við fjölbreyttar áskoranir í starfi sínu. MYND/ERNIR

Sömu sögu er að segja af páskaeggjunum okkar, sem er vara sem flestir þekkja vel og eru jafnvel mjög fastheldnir á milli ára," segir Silja Mist. „Það er ótrúlega skemmtilegt að sjá hversu frábærlega fólk hefur tekið nýjungunum sem við höfum boðið upp á um hverja páska undanfarin ár, og nú er þetta orðið þannig að við fáum fjölda ábendinga á hverju ári um hvers konar páskaegg fólk langar að fá á markaðinn. Þannig að samtalið við neytendur er alltaf að verða betra og mikilvægara."

### Samfélagsmiðlar mikilvægir fyrir markaðsstarfið

Hluti af breyttu starfsumhverfi fyrirtækja er einmitt aukið vægi samfélagsmiðla í samskiptum við viðskiptavini og fjölmiðla. Hvernig er Nói að nýta þessar nýjungar?

„Samfélagsmiðlar Nóa Síríus eru orðnir mikilvægur og daglegur hluti af markaðsvinnunni okkar," segir Silja Mist. „Nóa samfélagið á Facebook er til dæmis ótrúlega hvetjandi fyrir okkur, það er frábært að finna daglega fyrir því að rúmlega 70 þúsund manns fylgjast vel með breytingum á vörunum okkar, senda okkur ábendingar og hugmyndir að nýjum vörum og benda á það sem betur má fara. Það er ómetanlegt að geta átt í beinum samskiptum við þá sem kaupa og njóta varanna okkar og fá til dæmis endurgjöfina beint í æð um leið og ný vara er sett út á markaðinn. Þessi beinu samskipti munu bara verða mikilvægari eftir því sem á líður og við leggjum þess vegna mikla áherslu á að standa okkur vel í þeim."

### Yngsti stjórnandinn hjá Nóa

Það vakti athygli að Silja Mist var aðeins 25 ára gömul þegar hún var ráðin markaðsstjóri hjá Nóa. Hvernig er það fyrir svo unga konu að takast á við stjórnunarstöðu hjá stóru og rótgrónu fyrirtæki?

„Ég útskrifaðist úr Háskólanum í Reykjavík vorið 2016 og tók við markaðsstjórastöðunni hjá Nóa strax í kjölfarið. Það skiptir miklu máli fyrir fyrirtæki, ekki síst þau sem byggja á gömlum grunni, að vera opin fyrir nýjungum og að vera óhrædd við að ráða ungt fólk í ábyrgðarstöður. Starfsumhverfi framleiðslufyrirtækja er að breytast hratt, eins og allt samfélagið, og í slíku umhverfi er skynsamlegt að setja saman réttu blönduna af reynslu og ferskleika í stjórnunarstöðum," segir Silja Mist. „Hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum hjá Nóa hefur verið að jafnast undanfarin ár sem ég tel mikilvægt, enda held ég að jafnari kynjahlutföll skili fyrirtækjum almennt betri árangri. Ég er ákaflega ánægð með samstarfið við stjórnendur og samstarfsfólk mitt hjá Nóa, enda erum við með skýra sameiginlega sýn á það hvað fyrirtækið stendur fyrir og hvert við viljum þróa það."

Og þróunin er greinilega hröð á ýmsum sviðum.

„Við erum einmitt núna að undirbúa okkur fyrir ferð á stærstu sælgætissýningu í heimi sem er haldin í Þýskalandi árlega," segir Silja. „Við höfum kynnt íslenskt sælgæti frá Nóa fyrir heimsbyggðinni á þessari sýningu mörg undanfarin ár og höfum vakið mikla athygli. Þannig að markaðssvæði Nóa Síríus er ekki lengur bara á Íslandi heldur í raun allur heimurinn. Og það er ótrúlega skemmtileg áskorun að takast á við.

Við höfum einnig lagt mikla áherslu á samfélagsábyrgðarverkefni undanfarin ár, sérstaklega varðandi kakóræktun, þar sem fulltrúar Nóa fóru út og kynntu sér aðstæður við kakóuppskeru," segir Silja Mist. „Í kjölfar þess hófum við samstarf við Cocoa Horizons, samtök sem hafa að markmiði að stuðla að fræðslu, framsæknum framleiðsluháttum og bættri lífsafkomu kakóbænda. Nói er í grunninn fjölskyldufyrirtæki sem er byggt á þeirri sýn að það verði að sýna ábyrgð í verki og skila þeirri sýn áfram til næstu kynslóðar. Við erum því alltaf að leita möguleika til að gera betur á öllum sviðum og það er bæði áhugavert og krefjandi, sem gerir starfið skemmtilegt og fjölbreytt."

Í dag eru 35% starfsmanna RB konur sem er með því mesta sem gerist hér á landi hjá upplýsingatæknifyrirtæki. Hlutfall kvenna í stjórnenda- og lykilstöðum er enn hærra, eða 53%.

# Öflugur hópur kvenna í tæknistörfum hjá RB

Reiknistofa bankanna stendur framarlega þegar kemur að jafnrétti kynjanna og stefna stjórnenda er að sá árangur nái langt út fyrir vinnustaðinn, til dæmis með stuðningi við forritunarkennslu.

Reiknistofa bankanna er að sönnu dæmigert upplýsingatæknifyrirtæki nema hvað að í áranna rás hefur hlutfall kvenna í starfsmannahópnum verið óvenjuhátt miðað við önnur fyrirtæki í sama geira. Að einhverju leyti má rekja þessa staðreynd til sögulegra skýringa en einnig hafa stjórnendur RB lagt sig í líma við að halda hlutfallinu háu, enda talið æskilegt. Í dag eru 35% starfsmanna RB konur sem er með því mesta sem gerist hér á landi hjá upplýsingatæknifyrirtæki. Hlutfall kvenna í stjórnenda- og lykilstöðum er enn hærra, eða 53%. „RB er eitt fárra hlutafélaga sem er með fleiri konur en karla í stjórn, sem er sérlega gleðilegt þar sem rannsóknir sýna að það bætir gjarnan stjórnarhætti fyrirtækja, en fyrir okkur snýst þetta þó alltaf um að leyfa fólki að njóta sín og sinna styrkleika, óháð kyni.“

Herdís Pála Pálsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og markaðsstjórnar, bendir á að Reiknistofa bankanna sé rótgróið fyrirtæki, stofnað árið 1973, og á fyrstu árunum hafi bæði verið ráðið inn starfsfólk með bakgrunn í tækni en einnig bakgrunn í bankaumhverfi. „Þá voru það gjarnan konur sem fengnar voru til starfa enda þekktu þær einna best framendann í bönkunum, en RB hefur frá upphafi þróað og rekið sameiginlegt grunnkerfi bankanna,“ segir Herdís. „En á síðustu árum, á tímum mikilla breytinga hjá fyrirtækinu þá höfum við lagt okkur fram við að passa hlutfallið og erum meðvituð um það þó það sé ekki alltaf auðvelt í þeim bransa sem við erum. Sér í lagi er það áskorun að hækka hlutfall kvenna í tæknirekstri þar sem afar fáar konur sinna rekstrarþáttum kerfanna. Við myndum gjarnan vilja sjá aukna þátttöku kvenna þar en að sjálfsögðu líka við forritun.

## Jafnrétti mikilvægasta samfélagsmálið

Þrátt fyrir að stjórnendur RB leggi áherslu á hlut kvenna er ekki þar með sagt að konum sé lyft hærra en körlum. „Nei, við höfum jafnrétti og sveigjanleika að leiðarljósi. Við höfum til dæmis verið að vinna að útskiptingu grunnkerfa hjá Landsbankanum og Íslandsbanka undanfarið. Verkefnið er eitt stærsta upplýsingatækniverkefni sem farið hefur verið í á Íslandi. Það hafa komið miklir álagstoppar og lengjast þá gjarnan vinnudagar starfsfólks. Við komum þá til móts við fjölskyldufólk með því móti að öll fjölskyldan getur komið í mat, án þess að það kosti starfsfólk

Herdís Pála Pálsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og markaðsstjórnar. MYND/EYÞÓR

aukalega,“ segir Herdís. Það eru þá ýmist konurnar eða mennirnir sem koma, einir eða með börnin, til að hitta makann sem er fastur í vinnunni.“

Jafnréttismál eru ekki eingöngu ofarlega á baugi hjá stjórnendum RB því nýverið var lögð könnun fyrir starfsfólk, vegna vinnu við samfélagsstefnu fyrirtækisins, þar sem meðal annars var spurt út í það hvað því þætti mikilvægasta samfélagsmálið. Þar sögðu flestir að jafnréttismál væru mikilvægasta samfélagsmálið. „Af því tilefni fletti ég upp í niðurstöðum kannana sem við leggjum árlega fyrir og varða alls kyns þætti í starfseminni. Starfsfólk var beðið um að meta hvort það nyti jafnra tækifæra á vinnustaðnum óháð kyni og skoraði RB 4,38 á kvarðanum 1 til 5.

Það er afskaplega gleðilegt að starfsfólk telji sig njóta jafnréttis á sama tíma og það telur jafnréttismál mikilvægasta samfélagsmálið. Það hlýtur að merkja að við erum á réttri leið.“

## Kynjamunur í raungreinum minnkar

Reiknistofa bankanna ætlar sér ekki eingöngu langt í jafnrétti á vinnustaðnum heldur hefur fyrirtækið háleit markmið til framtíðar við jöfnun kynjanna í tölvu- og tæknistörfum.

RB var stofnaðili að Forriturum framtíðarinnar, samfélagsverkefni sem miðar að því að efla forritunarkennslu í grunn- og framhaldsskólum landsins. „Við trúum því að með stuðningi við verkefnið muni konum í tæknigeiranum fjölga til lengri tíma litið. Til þess þarf að byrja að kenna forritun strax í grunnskólum og við erum stolt af því að leggja okkar af mörkum.“

Þrátt fyrir að verkefnið hafi ekki staðið yfir ýkja lengi hafa engu að síður komið fram vísbendingar um góðan árangur. „Við heyrum innan úr skólunum að bæði er orðið auðveldara að kenna forritun en einnig að með því að hefja kennsluna fyrr sjáist merki þess að kynjamunur í raungreinum fari minnkandi. Tíminn mun leiða betur í ljós hver áhrifin verða en við vonum að verkefnið sé að hafa jákvæð áhrif.“

Þetta segir Herdís sérstaklega gleðilegt því ör tækniþróun geri það að verkum að sífellt sé mikilvægara að skilja forritun, hvort sem ætlunin sé að vinna við hana eða ekki. „Og við erum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til þess að gera unga fólkinu þetta kleift, óháð kyni.“

RB hefur einnig tekið þátt í Stelpur og tækni, sem skipulagt er af Háskólanum í Reykjavík og er einnig einn af velunnurum FKA.

„Þetta snýst um viðhorf og að byggja upp snertifleti þannig að fyrirtæki geti haft jákvæð áhrif í gegnum ólík verkefni. Þannig að við erum ekki bara að hugsa um jöfnun kynjahlutfalla í tækni innandyra hjá okkur heldur reynum að leggja okkar af mörkum þar sem við getum haft áhrif.“

# Konur og karlar fái sömu tækifærin

Verkís er verkfræðistofa sem veitir alhliða ráðgjöf á öllum sviðum verkfræði og tengdum greinum. Starfsmenn eru um 340 manns. Verkís varð fyrst fyrirtækja til að hljóta gullmerki PwC við jafnlaunaúttekt árið 2012. Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri segir ríka áherslu á jafnrétti.

Við hjá Verkís höfum við starfað eftir markvissri jafnréttisstefnu í mörg ár og árið 2012 urðum við fyrst fyrirtækja til að fara í gegnum launaúttekt PwC. Við fórum í gegnum hana án athugasemda og þann árangur þökkum við meðvitaðri stefnu okkar um þau viðmið sem eru notuð til launaákvarðana. Nýlega fórum við aftur í gegnum launaúttekt PwC og stóðumst hana með góðum árangri, en niðurstaðan sýndi innan við 1% óútskýrðan launamun," útskýrir Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri hjá Verkís.

Hún segir slíka viðurkenningu sérstaklega þýðingarmikla fyrir fyrirtæki í tæknigeiranum þar sem almennt hallar á hlutfall kvenna. Vottunin vakti athygli á sínum tíma og fundu þau að þetta vakti áhuga hjá ungum konum sem sóttu um hjá Verkís.

„Í heild eru konur um 30% starfsmanna hjá Verkís, sem er ágætis hlutfall miðað við fyrirtæki í tæknigeira en við viljum fá fleiri konur til okkar. Eitt af markmiðunum í jafnréttisstefnu okkar er að auka hlut kvenna og það hefur tekist hægt og bítandi undanfarin ár, meðal annars í hópi tæknimenntaðra starfsmanna og stjórnenda. Þá er einnig gætt að hlutfalli karla og kvenna í stjórn Verkís og við fylgjumst vel með kynjahlutfalli í nýráðningum.

Ég vil þó benda á að umræðan um að auka hlut kvenna þarf að fara fram með faglegum hætti. Að kona sé ráðin af því að hún er hæfust til starfsins en ekki af því að hún er kona. En við viljum fá fleiri umsóknir frá tæknimenntuðum konum og það hallar sérstaklega á hlut þeirra í rafmagns- og vélaverkfræðinni. Við sjáum að hlutfall umsókna endurspeglar almennt ekki hlutfall kvenna í verkfræðigreinum í háskólunum og við höfum reynt að finna út hvers vegna það er. Við teljum að með því að sýna meðal annars fram á að við erum með áhugaverð verkefni, gott starfsumhverfi þar sem jafnréttishugsun er ríkjandi og sveigjanlegan vinnutíma, þá fáum við vonandi fleiri umsóknir frá konum. Við gætum þess einnig í atvinnuauglýsingum að kröfur um hæfni og menntun höfði jafnt til kvenna og karla. Við vonumst til þess að þessar góðu niðurstöður úr jafnlaunaúttektinni hvetji konur til að sækja um og það tryggi að launamisrétti sé ekki eitthvað sem þær þurfa að hafa áhyggjur af hjá okkur," útskýrir Elín Greta.

„Þá viljum við einnig tryggja að konum og körlum hér innanhúss bjóðist sömu tækifærin. Þegar ráðið er í stjórnunarstörf byrjum við til að mynda á því að leita í okkar eigin röðum áður en leitað er út fyrir fyrirtækið. Sjálf byrjaði ég hér sem aðstoðarmaður yfirverkfræðings fyrir 16 árum. Ég fékk tækifæri til þess að ná mér í stjórnunarmenntun og sækja um starf mannauðsstjóra," segir Elín Greta. Hún hafi aldrei fundið fyrir ójöfnuði. „Þegar ég hóf störf hjá fyrirtækinu fann ég strax að ég var komin inn í jafningjasamfélag þar sem kyn og aldur var ekki inni í jöfnunni. Ég er ekki að velta því fyrir mér hvort ég er að vinna með karli eða konu. Menningin innan Verkís er einfaldlega þannig að ég þarf þess ekki."

Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri hjá Verkís, segir fyrirtækið vinna eftir markvissri jafnréttisstefnu með góðum árangri. MYNDIR/ANTON BRINK

# Upplifir sig meðal jafningja í vinnunni

Carine Chatenay, byggingarverkfræðingur og viðskiptastjóri hjá Verkís, segir öflugar fyrirmyndir í tæknigreinum mikilvægar.

Skilaboðin sem fólk fær strax í æsku skipta miklu máli. Ég fékk til dæmis aldrei að heyra að ég gæti ekki gert eitthvað af því ég væri stelpa. Ég hef einnig verið svo heppin að kynnast öflugum fyrirmyndum gegnum tíðina í starfi, konum en einnig körlum, sem hvetja fólk til góðra verka. Öll hvatning skiptir máli. Þegar ég fór í nám í verkfræði í Frakklandi árið 1995, var árgangurinn minn sá fyrsti þar sem jafn margar konur og karlar sóttu þetta nám. Þá taldist það frekar óvenjulegt, en það skiptir máli að fólk sæki menntun sem það hefur mestan áhuga á, óháð kyni," segir Carine Chatenay, byggingarverkfræðingur og viðskiptastjóri hjá Verkís en Carine situr einnig í stjórn Verkís.

Áhugi Carine á endurvinnanlegri orku dró hana til Íslands árið 2000. Hún ílentist hér á landi og hefur starfað innan orkugeirans síðan. Hún segir Ísland framarlega í jafnréttismálum miðað við hennar heimaland og hjá Verkís sé jafnræði hluti af vinnumenningunni.

„Í vinnunni upplifi ég mig meðal jafningja. Það má ekki gleyma því að ég er ekki bara kona í tæknigeira heldur líka útlendingur en, ég legg áherslu á að ég fæ tækifæri vegna þess að ég stend mig í starfi. Svona menningu vil ég hafa á vinnustað og mér líður vel hjá Verkís út af því," segir Carine. „Jafnréttismál eru í góðum farvegi á Íslandi miðað við víða. Ég vinn til dæmis mikið með útlendingum sem verða mjög hissa ef karlkynstengiliður þeirra er ekki við þar sem hann er í fæðingarorlofi! Það þykir afar óvenjulegt. Hjá Verkís er einnig lögð áhersla á jafnvægi milli einkalífs og vinnu. Ég og karlkyns vinnufélagi minn sátum eitt sinn fund með erlendum viðskiptavini sem tók sérstaklega eftir því að við vorum bæði jafn stressuð yfir því að klára fundinn fyrir klukkan fimm, því bæði þurftum við að sækja börn í leikskóla. Mín upplifun er sú að fólk horfir ekki bara til okkar út af þekkingu okkar heldur einnig vegna þess hversu framarlega við stöndum í jafnréttismálum. Þetta er jákvætt en við verðum auðvitað að halda áfram á þessari braut," segir Carine.

„Fjölbreytni er lykilatriði, það er hagur okkar allra að fá hæft fólk úr ýmsum áttum til að starfa í tæknigeiranum," segir Carine. „Ég vil sjá fleiri konur sækja um störf í tæknigeiranum og lykilstöður hjá fyrirtækjum. Það er mikilvægt að það séu fleiri fyrirmyndir til staðar svo ungar konur sjái að þetta er ekkert mál."

Carine Chatenay byggingarverkfræðingur segir að hjá Verkís sé lögð áhersla á gott jafnvægi milli einkalífs og vinnu.

Arndís Magnúsdóttir rafmagnsverkfræðingur fagnar þegar konur sækja um.

# Hvetur konur til að stökkva á tækifærin

Arndís Magnúsdóttir rafmagnsverkfræðingur hóf störf hjá Verkís sumarið 2016. Hún segist oftast eina konan í verkefnum en ekki sé komið fram við hana á annan hátt vegna þess.

Mitt aðalverkefni núna hefur verið að uppfæra stjórnkerfi virkjana á Þjórsársvæðinu. Ég vissi ekki alveg við hverju ég ætti að búast þegar ég, stelpan, mætti á svæðið í virkjanir úti um landið, sérstaklega frá eldri kynslóðinni og hafði byggt mér ákveðinn skjöld. Raunin varð hins vegar sú að þeir voru ánægðir með að ung kona væri í þessu starfi, sérstaklega eldri mennirnir," segir Arndís Magnúsdóttir, rafmagnsverkfræðingur hjá Verkís. Meðan hún var í námi í rafmagnsverkfræðinni vann hún við verkefnastjórnun á sumrin en þegar námi lauk hóf hún störf við sitt fag. Hún er yfirleitt eina konan í starfshópnum.

„Ég er yfirleitt eina konan en ég get ekki fundið að það sé komið fram við mig á annan hátt en samstarfsfélaga mína. Ég fæ sömu tækifæri og er að sama skapi ýtt út í djúpu laugina af mínum verkefnastjórum. Ég fæ enga sérmeðferð," segir hún. „Það er auðvitað alltaf skemmtilegra að vinna í fjölbreyttum hópi og að saman vinni bæði karlar og konur. Ég fagna því alltaf þegar konur sækja um. Það eru ekki margar konur í rafmagnsverkfræði. Þeim er að fjölga en ég hef það á tilfinningunni að þær konur sem ljúka námi fari síður inn á ráðgjafastofurnar. Ég vil hvetja tæknimenntaðar konur til að stökkva á tækifærin."

# Sjónarhorn kvenna og karla saman gerir heiminn betri

## Hildur Petersen athafnakona hlýtur þakkarviðurkenningu FKA að þessu sinni.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is

Hildur er frumkvöðull á ýmsum sviðum og hefur verið virk í viðskiptalífinu frá árinu 1979. Hún er fyrsta konan sem var kjörin í Viðskiptaráð árið1990, fyrsta konan í stjórn banka árið 1987 og fyrsta konan á Íslandi til að skrá fyrirtæki á verðbréfamarkað.

„Það er skrítið að hugsa til baka að það skuli ekki hafa verið fleiri konur að taka að sér slík verkefni á þessum tíma," segir Hildur, „og ég var svolítið vön því að vera alltaf ein í stjórnum með körlum en ég sá það fljótt hvað það var bæði áhrifaríkara og skemmtilegra þegar það var blanda af konum og körlum, hvort sem það er í stjórnum eða einhverri annarri starfsemi." Hún settist enn fremur í fyrstu stjórn FKA árið 1999 og sat þar í níu ár og finnst ótrúlega mikið hafa breyst frá þeim tíma. „Sem dæmi má nefna að árið 1994 var ég á forsíðu tímaritsins Frjálsrar verslunar ásamt Rakel Olsen og Guðrúnu Lárusdóttur. Þá var rétt hægt að finna tíu konur í viðskiptalífinu sem hægt var að hampa. Svona var líka staðan þegar FKA var stofnað. Nú gefur Frjáls verslun út blað árlega um hundrað áhrifamestu konurnar í viðskiptalífinu og það eru mun fleiri góðar konur í stjórnunarstörfum. Og þó það sækist seint að koma okkur í áhrifamestu stöðurnar hefur tíðarandinn breyst verulega. En af hverju við erum ekki komin lengra get ég ekki alveg sett fingur á, það er einhver ósýnilegur veggur. Konur eru jafn vel menntaðar, þær gefa sig jafnmikið í verkefnin og karlar og eru alveg tilbúnar í þetta en strákunum finnst kannski þægilegra að vera saman, alveg eins og konum finnst ekki leiðinlegt að vera saman heldur. En ég verð að segja að út frá mínu sjónarhorni hefur mér alltaf fundist bæði áhrifaríkara og skemmtilegra þegar kynin vinna saman. Það hefur alltaf verið innprentað í mig að þannig virki það best." Þess má geta að Hans Petersen ljósmyndavörufyrirtækið sem Hildur stýrði í rúm tuttugu ár fyrstu jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs 1994.

Hildur Petersen hlýtur þakkarviðurkenningu FKA í ár. MYND/ANTON BRINK

Hildur bendir á að FKA hafi einnig unnið markvisst að því gegnum árin að virkja atvinnulífið með sér. „Við vorum í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð og í kjölfarið jókst skilningur á því að þetta er ekki vandamál kvenna heldur atvinnulífsins þegar sjónarmið beggja kynja koma ekki að borðinu."

Hildur Petersen hefur komið víða við í atvinnulífinu en í dag á fyrirtækið Vistvæn framtíð hug hennar allan en það var stofnað með það að leiðarljósi að minnka plastnotkun. „Þessi meinsemd hefur verið mér hugleikin í tvö til þrjú ár. Ég ákvað að fá til mín þrjá myndlistarmenn og rithöfunda til að vinna að hugmynd sem tengist menguninni í hafinu. Þetta eru ögrandi myndir sem sýna framtíðina sem blasir við okkur, bæði í máli og myndum, sem við látum prenta á innkaupapoka sem við erum að selja víða og markmiðið er að vekja fólk til vitundar um plastnotkun sína og gefa valkost við plastnotkun."

*En hver eru næstu skref fyrir konur í atvinnurekstri í átt að jafnrétti?* „Þetta er stór og mikil spurning," segir Hildur. „Ég held að FKA sé að gera mjög góða hluti með því til dæmis að gera konur sýnilegar í fjölmiðlum því það skiptir máli að konur komi fram og segi sínar skoðanir, þá kemur það smám saman í ljós að konur eru auðvitað oft með önnur sjónarhorn sem stuðla að þarfri framþróun. Við þurfum að virkja atvinnulífið enn betur með okkur því með sjónarhorn karla og kvenna við borðið verður heimurinn betri."

# Líkamsrækt fyrir andlitið

## Fagmennska, dekur og vellíðan eru aðalsmerki Snyrtistofunnar Ágústu sem flutti sig nýlega um set úr miðbænum yfir í glæsilegt húsnæði í Faxafeni. Þar er framúrskarandi þjónusta í öndvegi.

Ég var lítil stelpa í Vestmannaeyjum, þar sem ég er fædd og uppalin, þegar ég ákvað að verða snyrtifræðingur. Eftir námið ætlaði ég strax aftur til Eyja en er hér enn," segir snyrtifræðingurinn Ágústa Kristjánsdóttir sem stofnaði Snyrtistofuna Ágústu í miðbæ Reykjavíkur árið 1989 og hefur rekið hana allar götur síðan.

„Þegar ég var að innrétta stofuna skottaðist eins árs dóttir mín í kringum mig og hún telur árin fyrir mig því stofan verður þrjátíu ára að ári," segir Ágústa og brosir að minningunni.

Eftir hartnær þrjátíu ár í Hafnarstrætinu flutti Snyrtistofan Ágústa í glæsilegt húsnæði í Faxafeni 5 í lok nýliðins árs.

„Það var reyndar svolítið eins og að flytja að heiman því það fór vel um okkur í miðbænum," segir Ágústa. „Viðskiptavinirnir hafa þó tekið flutningunum fagnandi og margir segjast loksins geta komið aftur til okkar því þeir voru farnir að setja það fyrir sig að fara niður í bæ vegna skorts á bílastæðum. Það er auðvitað synd en tímarnir breytast sem og áherslur í miðbænum."

### Framúrskarandi þjónusta

Nýja húsnæðið í Faxafeni er einkar glæsilegt og rúmgott, þar er lyfta og næg bílastæði.

„Okkar aðalsmerki er framúrskarandi þjónusta og að gera alltaf betur. Ég þjálfa starfsfólk mitt vel og er með úrvals snyrtifræðinga sem leggja alúð við hvern og einn. Mannleg samskipti eru mikilvægur hluti af starfinu og því þurfa snyrtifræðingar að vera jákvæðir og gefandi," segir Ágústa.

Ágústa Kristjánsdóttir stofnaði Snyrtistofuna Ágústu árið 1989 og hefur rekið hana allar götur síðan. MYND/ANTON

Skemmtilegast við starfið sé viðurkenning viðskiptavina.

„Það jákvæða og mest gefandi við starfið er þegar viðskiptavinir koma aftur og aftur. Við leggjum mikinn metnað í framúrskarandi þjónustu og fagmennsku og þegar viðskiptavinirnir koma aftur er það merki um að okkur hafi tekist vel til og að þeir séu ánægðir með þjónustuna," segir Ágústa.

### Vaknar einfaldlega gordjöss

Snyrtistofan Ágústa er snyrti- og fótaaðgerðastofa sem vinnur meðal annars með franska snyrtivörumerkið Guinot. Á snyrtistofunni er boðið upp á fjölda meðferða en þær allra vinsælustu eru andlitsmeðferðirnar frá Guinot og augnháralengingar.

„Andlitslyfting án skurðaðgerðar hefur slegið í gegn. Hún fer fram í nýju meðferðartæki frá Guinot, Hydraderm Cellular Energy, sem er tíu sinnum áhrifaríkara en fyrra tækið í þeirri línu.

**„Við leggjum mikinn metnað í framúrskarandi þjónustu og fagmennsku og þegar viðskiptavinirnir koma aftur er það merki um að okkur hafi tekist vel til og að þeir séu ánægðir með þjónustuna.**

Meðferðin styrkir húðina, vekur upp andlitsvöðvana og er í raun eins og líkamsrækt fyrir andlitið. Árangurinn er stórkostlegur, strax sjáanlegur og skilar sér í sléttari húð sem er ljómandi og heilbrigð," segir Ágústa um meðferðina sem hentar fólki á öllum aldri.

Augnháralengingarnar njóta mikilla vinsælda hjá konum á öllum aldri. „Augnháralengingar eru einstaklega fallegar og eðlilegar og maður lítur út fyrir að vera með nýjan maskara alla daga. Kosturinn er þó óneitanlega þægilegheitin að losna við notkun maskara og að þrífa hann af. Með augnháralengingu þarf maður hreinlega ekkert að gera; þú vaknar einfaldlega gordjöss."

Snyrtistofan Ágústa er í Faxafeni 5. Sími 552 9070. Sjá nánar á snyrtistofanagusta.is

ISS er leiðandi í fasteignaumsjón og býður upp á fjölbreytta þjónustu á fyrirtækjamarkaði.

# Frumkvæði og gleði einkennir ISS

Björk Baldvinsdóttir, sviðsstjóri sölu- og viðskiptaþjónustu ISS, segir fyrirtækið hafa að leiðarljósi að árangur þess byggist á fjölbreytileika í stjórnun þar sem gildi og viðhorf beggja kynja koma fram. Fjölbreytta liðsheild þurfi til að stýra fyrirtækjum.

Markmið ISS er að vera fremsta þjónustufyrirtæki á Íslandi," segir Björk sem starfað hefur hjá ISS í átján ár og situr jafnframt í stjórn fyrirtækisins.

Hún segir ISS vera leiðandi í fasteignaumsjón og bjóða upp á fjölbreytta þjónustu á fyrirtækjamarkaði.

„Okkar markmið er að velja ávallt hæfasta fólkið í öll störf og við höfum að leiðarljósi að árangur fyrirtækisins byggist á fjölbreytileika í stjórnun. Mikilvægt er að gildi og viðhorf beggja kynja komi fram í stjórnun fyrirtækja," segir Björk.

## ISS byggir á sterkum gildum

„Við leggjum áherslu á samfélagslega ábyrgð og að búa starfsfólkinu okkar gott umhverfi. Í því þurfa stjórnendur að vera góðar fyrirmyndir því sú hegðun gefur gott fordæmi. Okkur er því annt um að vanda okkur hvernig við komum fram og tölum, til dæmis á samfélagsmiðlum," segir Björk.

ISS er eitt þriggja fyrstu fyrirtækjanna á Íslandi til að hljóta Jafnlaunavottun VR.

„Við erum virkilega stolt af því og lítum á vottunina sem hluta af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins. Það er eðlilegur hluti í rekstri fyrirtækja að sýna starfsfólki þá virðingu að meta framlag þess til jafns, óháð kyni," segir Björk.

Björk Baldvinsdóttir er sviðsstjóri sölu- og viðskiptaþróunar ISS þar sem 72 prósent stjórnenda og millistjórnenda eru konur. MYND/HANNA

Hjá ISS starfa 750 starfsmenn. „Þar af eru 70 prósent starfsmanna konur og jafnframt er gaman að segja frá því að 72 prósent stjórnenda og millistjórnenda hjá ISS eru konur," segir Björk. „Ég tel að sífellt mikilvægara sé að velja fjölbreyttari liðsheild til að stýra fyrirtækjum. Ólík þekking, reynsla og hæfni leiða til aukinna skoðanaskipta, gagnrýnni umræðu og dýpri greiningar á málum, sem svo aftur leiða til betri ákvarðanatöku."

## Aðlaðandi vinnustaður

ISS hefur umsjón með fasteignum og þjónustar fyrirtæki með hádegisverð, ræstingar og fasteignaumsjón.

„Í gangi er mikil þróun í stjórnun fyrirtækja og með auknu menntunarstigi verður vinnustaðurinn sífellt stærri hluti af upplifun starfsfólks," útskýrir Björk. „Í framtíðinni mun skipta æ meira máli að vinnustaðurinn sé aðlaðandi, skemmtilegur og gefandi. Samhliða því verður hann líka eftirsóttari og fyrirtækin meira aðlaðandi vinnuveitendur. Við erum að bregðast við þessari þróun og bjóðum hentugar lausnir fyrir fyrirtæki sem hækkar þjónustustig þeirra til starfsfólks."

Fagmennska og vandvirkni eru aðalsmerki fyrirtækjaþjónustu ISS.

ISS þjónustar meðal annars fyrirtæki með hádegisverð.

## Fremst í þjónustu á Íslandi

Eitt af því sem ISS gerir til að vinna að því markmiði að vera fremsta þjónustufyrirtæki á Íslandi er að greina þarfir viðskiptavina sinna.

„Til þess notum við svokallað ADP sem er sérþróuð aðferðafræði sem ISS hefur tileinkað sér. Með henni skoðum við viðskiptavininn út frá hans markmiðum, framtíðarsýn og stefnu og gerum áætlun um hvernig við getum hjálpað honum að ná meiri og betri árangri í sínum rekstri," útskýrir Björk.

„Til að viðhalda viðskiptasambandi og góðu samstarfi við viðskiptavini þarf ávallt að vera á tánum. Þannig fá viðskiptavinir okkar alltaf þá þjónustulausn sem hentar hverju sinni."

Samkvæmt skýrslu Ernst & Young eru Veitur fremst meðal orkufyrirtækja þegar kemur að ákvörðunarvaldi kvenna. Inga Dóra Hrólfsdóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. MYND/VILHELM

# Stýrir stærsta veitufyrirtæki landsins

Aðeins 8% æðstu stjórnenda stærstu orku- og veitufyrirtækja landsins eru konur, eða kona, því hún er aðeins ein. Hún heitir Inga Dóra Hrólfsdóttir og stýrir Veitum, stærsta veitufyrirtæki landsins sem er allt í senn hitaveita, vatnsveita, rafmagnsveita og fráveita og þjónar hátt í 75% íbúa á Íslandi.

Inga Dóra hefur verið framkvæmdastjóri Veitna frá stofnun fyrirtækisins árið 2014. Hún hóf feril sinn í orkugeiranum árið 1996 þegar hún, nýútskrifuð sem byggingaverkfræðingur, réði sig til Hitaveitu Reykjavíkur. Hún var þá fyrsti kvenkyns verkfræðingurinn hjá hitaveitunni. Þegar hitaveitan sameinaðist Rafmagnsveitu Reykjavíkur svo úr varð Orkuveita Reykjavíkur gegndi hún þar ýmsum stjórnendastöðum þar til Veitur urðu til sem sjálfstætt fyrirtæki.

## Krafa um betri þjónustu

„Starfsemi Veitna felst í þjónustu við viðskiptavini," segir Inga Dóra. „Undanfarin ár hafa kröfur til þjónustunnar aukist og þurfum við, eins og öll önnur fyrirtæki, að laga okkur að þeim. Við búum svo vel hér á landi að fólk tekur því sem sjálfsögðum hlut að fá þau lífsgæði er felast í nægu rafmagni, heitu og köldu vatni og fráveitu. En af og til kemur upp sú staða að ekki virkar allt sem skyldi. Viðskiptavinir okkar sýna því skilning þegar slíkt gerist, hvort sem upp koma bilanir eða sinna þarf viðhaldi, enda telst afhendingaröryggi í veitum Veitna mjög gott í alþjóðlegum samanburði. En það er uppi krafa um aukna upplýsingagjöf og við svörum því kalli. Hjá okkur hefur orðið stefnubreyting í upplýsingamálum, við höfum aukið gegnsæi og upplýsum almenning fyrr og betur en áður."

## Vatnsverndin mesta áskorunin

Aðspurð segir Inga Dóra áskoranir í rekstri Veitna vera nokkrar. „En mig langar að nefna vatnsverndina. Við erum svo heppin hér á höfuðborgarsvæðinu að eiga frábær vatnsból í Heiðmörk sem sjá okkur fyrir nægu hreinu vatni. Við viljum að svo sé áfram en til þess að svo megi verða þurfum við að vera vakandi fyrir þeim hættum sem steðja að vatnsverndarsvæðinu. Meðal hugsanlegra mengunarvalda eru t.d. olía, rusl, skólp og önnur efni sem geta komist í gegnum jarðlögin og í vatnið sem rennur neðanjarðar inn í vatnsbólin. Við höfum t.d. miklar áhyggjur af vaxandi umferð um vatnsverndarsvæðið sem nær alla leið frá Heiðmörk upp í Bláfjöll. Nægt hreint vatn handa öllum, núna og um alla framtíð, er okkar markmið."

## Jafnréttismál í öndvegi

Skýrsla sem gerð var af Ernst & Young fyrir Félag kvenna í orkumálum og fjallar um stöðu kvenna innan íslenskra orku- og veitufyrirtækja sýnir að enn er geirinn mjög karllægur. Markvisst hefur verið unnið að því hjá Veitum að jafna kynjahlutfall starfsfólks. Samkvæmt skýrslunni eru Veitur fremst meðal orkufyrirtækja þegar kemur að ákvörðunarvaldi kvenna. Framkvæmdastjóri þess er kona sem og helmingur forstöðumanna fyrirtækisins. Fimm stjórnarmenn eru í Veitum, þar af tvær konur. „Hjá Veitum hefur einnig gengið vel að fjölga konum með verk- og tæknifræðimenntun en þegar kemur að iðnmenntuðu fólki er staðan önnur. Þar eru karlar í miklum meirihluta. Vandinn liggur ekki síst í þeirri þjóðfélagsgerð sem við búum við, afar fáar konur hafa menntað sig á þessu sviði. Framboðið er því einfaldlega ekki til staðar. Veitur hafa gripið til aðgerða því við viljum gera okkar til að breyta þessu. Við tökum t.d. ríkan þátt í að kenna valáfangann Iðnir og tækni í samstarfi við Árbæjarskóla sem er nú kenndur í þriðja sinn. Í honum fá átta stúlkur og átta drengir úr 10. bekk að kynnast iðngreinum eins og rafvirkjun, pípulögnum og málmiðn. Með þessu viljum við vekja áhuga krakkanna á iðn- og tæknigreinum og vonandi fylgja fleiri fyrirtæki í kjölfarið."

Ingvar Jón Ingvarsson, svæðisstjóri og loftlínumaður, kennir Bríeti Reine Geirsdóttur úr Árbæjarskóla handtökin við stauraklifur. MYND/HILDUR INGVARSDÓTTIR

## Vinnan aðlöguð fjölskyldulífi

Inga Dóra segir jafnréttismál snerta alla, ekki bara konur. Algengt sé að iðnmenntað fólk, sem í flestum tilfellum eru karlmenn, vinni langan vinnudag sem auðvitað hefur áhrif á fjölskyldulífið, t.d. hvað varðar að koma börnum í skóla eða leikskóla og sækja þau að degi loknum. „Við höfum á undanförnum árum unnið að breytingum á vinnutíma þessa hóps og nú hefst vinnudagurinn kl. 8.20 og lýkur kl. 16.15. Með þessu móti getur starfsfólkið ekki bara tekið virkari þátt í fjölskyldulífinu heldur skapar þetta einnig mökum aukið svigrúm og tækifæri á vinnumarkaði. Allar breytingar í jafnréttisátt skila sér í ánægðara starfsfólki, betri vinnustað og réttlátara þjóðfélagi. Þær eru því afar mikilvægar," segir Inga Dóra að lokum.

# Stuðningur sem skiptir máli!

Vinnumálastofnun býður frumkvöðlakonum og fyrirtækjum í eigu kvenna ýmiss konar stuðning, og má þar helst nefna styrki til atvinnumála kvenna og lán hjá Svanna – lánatryggingasjóði kvenna. Þá er Vinnumálastofnun þátttakandi í Evrópuverkefni fyrir frumkvöðlakonur á landsbyggðinni.

Ásdís Guðmundsdóttir er verkefnastjóri hjá Vinnumálastofnun og stýrir þessum verkefnum.

*Fyrir hverja eru styrkirnir?* Frumkvöðlakonur eða fyrirtæki í eigu kvenna (51% eða meira) geta sótt um styrki til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna markaðskostnaðar og vöruþróunar. Einnig er hægt að sækja um svokallaðan launastyrk fyrir nýstofnuð fyrirtæki. Styrkirnir eru sem sagt bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki í rekstri, þær sem eru í startholunum byrja oftast á því að fá styrk til að gera viðskiptaáætlun en eiga síðan möguleika á því að sækja um frekari stuðning þegar fyrirtæki er komið í rekstur.

Óhætt er að segja að mikil samkeppni sé um styrkina, en á hverju ári fáum við um eða yfir 300 umsóknir sem allar eru teknar til skoðunar. Verkefnin eru mjög fjölbreytt og sýna glöggt hversu mikill kraftur er í íslenskum frumkvöðlakonum. Þar má nefna hönnun af ýmsu tagi, tækni, framleiðslu, þjónustu og bara allt milli himins og jarðar!

Heildarstyrkur árið 2018 er 35 milljónir króna og er mest hægt að sækja um fjórar milljónir en helmingur af kostnaði er styrktur.

Nú höfum við opnað fyrir umsóknir um styrkina og er umsóknarfrestur frá 1. febrúar til og með 8. mars. Umsóknareyðublöð eru aðgengileg á heimasíðunni www.atvinnumalkvenna.is.

Frá úthlutun styrkja til atvinnumála kvenna árið 2017.

Einnig má geta þess að við stefnum á að bjóða styrkhöfum upp á þátttöku í svokölluðum færnihringjum. Um er að ræða litla hópa sem hittast nokkrum sinnum og er markmiðið að þátttakendur geti rætt um áskoranir sínar í fyrirtækjarekstrinum og setji sér markmið. Um eins konar jafningjafræðslu er að ræða þar sem þátttakendur deila reynslu og þekkingu með hver annarri.

*Hvað er Svanni – lánatryggingasjóður kvenna?* Svanni er lánatryggingasjóður fyrir fyrirtæki í meirihluta eigu konu eða kvenna. Þar má sækja um lán hjá sjóðnum sem oft er næsta skref hjá fyrirtækjum eftir að nokkur velta er komin. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann sem veitir lánin. Ekki þarf að leggja fram veð fyrir láninu en það er oft hindrun fyrir fyrirtæki. Við finnum það að skortur á þolinmóðu fjármagni stendur oft konum fyrir þrifum. Hámarksfjárhæð lána er 10 milljónir króna og þarf fyrirtækið að vera í eigu konu eða kvenna að minnsta kosti 51 prósenti.

### Könnun um þjónustu og styrki

Á haustmánuðum létum við Maskínu framkvæma könnun um hvernig styrkir hafa komið að notum ásamt þjónustu okkar og kom í ljós að mikill meirihluti styrkhafa er enn starfandi við sitt fyrirtæki eða verkefni. Oft réð styrkurinn úrslitum um það hvort verkefni varð að veruleika og er mikil hvatning. Enn fremur eru styrkhafar mjög ánægðir með þjónustu okkar sem við erum mjög hreyknar af. Við höldum úti heimasíðu þar sem finna má ýmsar hagnýtar upplýsingar ásamt rafrænu umsóknarkerfi. Einnig tökum við vel á móti konum sem vilja koma til okkar og spjalla um sín verkefni.

### Efling frumkvöðlakvenna á landsbyggðinni

Að lokum langar mig að segja frá Evrópuverkefninu FREE sem við stýrum, en það snýst um að efla færni frumkvöðlakvenna á landsbyggðinni. Nú erum við að fara af stað með seinni námslotuna á netinu, en þar er hægt að nálgast ýmislegt hagnýtt fræðsluefni varðandi stefnumótun, markaðssetningu, samfélagsmiðla, vöruþróun og fjármál.

Við hvetjum landsbyggðarkonur til að skoða námssíðuna okkar og skrá sig til leiks! http://www.ruralwomenacademy.eu/?lang=is

# Svanni og Atvinnumál kvenna gerðu allt miklu auðveldara

Er Fida Abu Libdeh hóf þróun vinnslu fæðubótarefnis úr kísli hlaut hún styrk til vöruþróunar frá Atvinnumálum kvenna og þegar fyrirtæki hennar GeoSilica var komið á laggirnar fékkst lán frá Svanna – lánatryggingasjóði kvenna – vegna frekari uppbyggingar fyrirtækisins.

Fida Abu Libdeh fékk stuðning bæði í formi styrkja frá Atvinnumálum kvenna og láns frá Svanna til að koma fyrirtæki sínu GeoSilica upp á næsta stig. Hún segir þennan stuðning forsendu þess að fyrirtækið er starfandi í dag. „Við stofnum fyrirtækið 2012 út frá lokaverkefnum í orku- og umhverfistæknifræði við Háskóla Íslands þar sem við vorum að skoða möguleika í nýtingu á kísli og ákváðum að þróa fæðubótarefni. Við fengum styrk frá Tækniþróunarsjóði til að þróa framleiðsluferla og tæknihugmyndir og svo fórum við að þróa vörurnar okkar sem fóru á markað 2015. Það gekk vel og var mikil eftirspurn sem olli því að við þurftum að auka við framleiðsluna og þá lentum við á vegg," segir Fida. „Bankinn var ekki tilbúinn að lána okkur því við vorum ekki með rekstrarsögu og þá sóttum við um hjá Svanna og fengum lán hjá þeim til að kaupa tækjabúnað og svo seinna markaðsstyrk frá Atvinnumálum kvenna til að markaðssetja vörurnar."

Er Fida hóf þróun vörunnar hlaut hún styrk til vöruþróunar frá Atvinnumálum kvenna og er GeoSilica var komið á laggirnar fékkst lán frá Svanna – lánatryggingasjóði kvenna vegna frekari uppbyggingar fyrirtækisins. Fida segir þessa aðkomu hafa skipt gríðarlega miklu máli. „Þessi stuðningur er forsenda þess að við erum starfandi í dag," segir hún. „Það var enginn annar tilbúinn til að taka áhættuna með okkur og það gerði allt miklu auðveldara fyrir okkur, var forsenda þess að við náðum að stækka og vaxa."

> **Styrkurinn gerði allt miklu auðveldara, var forsenda þess að við náðum að stækka og vaxa**

Hún segir umsóknarferlið hafa verið gagnlegt og uppörvandi. „Við mættum jákvæðu viðhorfi og miklum áhuga á verkefninu. En þetta var ekki auðvelt og mikil heimavinna ef svo má að orði komast en sú vinna gagnast okkur vel í dag. Við þurftum að skila fimm ára rekstraráætlun og viðskiptaáætlun sem við byggjum enn á."

Fida Abu Libdeh, framkvæmdastýra GeoSilica, en fyrirtækið hlaut bæði styrk og lán frá Svanna, lánatryggingasjóði kvenna.

GeoSilica stefnir á erlendan markað. „Við erum í viðræðum við nokkur lönd enda höfum við nú framleiðslugetu til að leita á fleiri mið. Við höfum líka lært ýmislegt af íslenskum markaði og höfum unnið með neytendum að því að bæta vöruna auk þess sem hún uppfyllir núna öll skilyrði frá erlendum aðilum."

Fida segist hiklaust mæla með því að leita til Atvinnumála kvenna og Svanna. „Það er erfitt að vera frumkvöðull og leggja allt sem þú átt undir og viðurkenning og fjármagn frá svona aðilum gefur sjálfstraust til að halda áfram og minnkar persónulega áhættu og streitu sem því fylgir. Svanni kemur einnig til móts við lánþega, meðal annars með því að vera sveigjanlegur með afborganir, það er jafnvel hægt að setja pásu í nokkra mánuði. Svanni og Atvinnumál kvenna gera enn fremur þá kröfu að fyrirtækið sé í meirihlutaeigu kvenna sem þýðir að mín staða gagnvart öðrum fjárfestum er sterkari þar sem karlar eiga almennt auðveldara með að útvega fjármagn en konur. Svo Svanni og Atvinnumál kvenna hafa bæði styrkt fyrirtækið mitt og mig í því að halda áfram."

# Tækifærin felast í öflugum hópi starfsmanna

Sjöfn Sigurgísladóttir er doktor í matvælafræði og framkvæmdastjóri KeyNatura og SagaMedica. Hún segir fyrirtækin leggja áherslu á að ráða færar konur til starfa enda sé jafnt hlutfall karla og kvenna í starfsmannahópnum og telur það lykilatriði í að viðhalda breidd og starfsánægju.

Sjöfn Sigurgísladóttir er framkvæmdastjóri KeyNatura og SagaMedica. Hún er með doktorspróf í matvælafræði og lærði í Kanada, Noregi og Íslandi. Sjöfn býr að mikilli reynslu sem stjórnandi en hún hefur m.a. starfað sem framkvæmdastjóri Ocean Ecopark hjá Bluerise AG í Hollandi, forstjóri Matorku, forstjóri Matís og forstöðumaður matvælasviðs Hollustuverndar ríkisins. Hún er einnig núverandi stjórnarformaður Matís.

Eftir að Sjöfn tók við sem framkvæmdastjóri hafa fyrirtækin SagaMedica og KeyNatura hafið formlegt samstarf sín á milli, en fyrirtækin starfa bæði á sviði framleiðslu og sölu náttúruvara úr íslenskum hráefnum til heilsubótar. Ávinningur samstarfsins felst í samnýtingu á þverfaglegri þekkingu starfsmannanna á sviði rannsókna og framleiðslu. Jafnframt er mikill ávinningur í samnýtingu á söknarfærum á erlendum markaði en SagaMedica hefur á síðustu árum stóraukið tengsl og söknarmöguleika á erlendum mörkuðum og selur nú þegar vörur sínar í Norður-Ameríku, Kanada, Nýja-Sjálandi, Finnlandi og Svíþjóð.

Hún segir viðskiptaþróun fyrirtækjanna byggja á að nýta heima-

Sjöfn er framkvæmdastjóri KeyNatura og SagaMedica.

markaðinn á Íslandi til að byggja upp vörumerki og þróa nýjar vörur sem seldar eru til stærri kaupenda erlendis. „Meginmarkmiðið er að selja vörurnar á erlenda markaði."

„KeyNatura er líftæknifyrirtæki sem hóf starfsemi sína árið 2014 og sérhæfir sig í ræktun þörunga sem framleiða náttúrulega andoxunarefnið Astaxanthin," segir Sjöfn. „Astaxanthin er eitt af öflugustu andoxunarefnum náttúrunnar og mikill áhugi er á virkni efnisins en það eru fleiri hundruð ritrýndra greina sem fjalla um lífvirkni þess og heilsubætandi áhrif."

SagaMedica hefur frá stofnun verið leiðandi fyrirtæki í íslenskum náttúruvöruiðnaði en sérstaða

Öflugur hópur kvenna starfar hjá SagaMedica og KeyNatura. Frá vinstri: Halla Jónsdóttir, Sjöfn Sigurgísladóttir, Lilja Kjalarsdóttir, Gunnur Sveinsdóttir og Jenný Björk Þorsteinsdóttir. Á myndina vantar Jónu Björk Viðarsdóttur.

félagsins felst einkum í nýtingu íslensku hvannarinnar í fæðubótarefni.

Hún segir fyrirtækin hafa öflugan hóp starfsmanna sem hefur byggt upp fyrirtækið á síðastliðnum árum, þróað framleiðsluferlið sem verið er að sækja um einkaleyfi á, rannsakað lífvirkni, þróað öflugar vörur og eflt söluna. „Það er gaman að segja frá því að hlutfall milli karla og kvenna í báðum fyrirtækjum er jafnt. Ég tel það vera lykilatriði til þess að viðhalda breidd og ekki skemmir að mórallinn er líka betri í kjölfarið. Við erum með alveg frábæran hóp af kláru fólki með mjög fjölbreyttan starfsbakgrunn og mismunandi námsbakgrunn bæði úr bók og iðnnámi. Það eru sérstök gleðitíðindi að upplifa það hvað konur eru að sækja sterkt inn á vísinda og framleiðslusviðið og við erum með mjög öflugan hóp kvenna hjá okkur. Lilja Kjalarsdóttir var að koma fersk inn, Halla Jónsdóttir stýrir rannsóknarverkefnum KeyNatura, Gunnur Sveinsdóttir er öflug í framleiðslunni og gæðamálunum og síðan erum við með Jennýju Björk Þorsteinsdóttur sem er í framleiðslunni og sér um rannsóknir tengdar framleiðsluþróun. Nýlega bættist Jóna Björk Viðarsdóttir við markaðs- og söluteymið en hún er með masterspróf í næringarfræði."

# Mikilvægt að efla framgang kvenna í vísindum

Lilja Kjalarsdóttir, doktor í sameindalíffræði, er rannsókna- og þróunarstjóri SagaMedica og KeyNatura og einn stofnmeðlima Samtaka kvenna í vísindum, SKVÍS.

Lilja Kjalarsdóttir er nýráðin rannsókna- og þróunarstjóri hjá KeyNatura og SagaMedica en hún er með doktorspróf í sameindalíffræði og er með mikla reynslu úr líftæknirannsóknum.

„Ég var mikið í íþróttum hér áður fyrr og spilaði meðal annars fótbolta með meistaraflokki kvenna í Stjörnunni," segir Lilja og bætir við: „Ég hafði alltaf miklu meiri áhuga á fæðubótarefnum heldur en liðsfélagarnir mínir og stúderaði mikið hvað ég ætti að borða til að ná sem mestu út úr líkamanum í kringum leiki. Hugsandi til baka þá var ég kannski aðeins á undan minni samtíð, en þetta er eðlilegur hluti af því að vera íþróttamaður í dag. Ég hætti svo í boltanum þegar ég fór í doktorsnám við UTSW í Dallas til að rannsaka sykursýki týpu 2. Eftir námið hélt ég rannsóknum á sykursýki áfram en færði mig til Duke University í Norður-Karólínu og ætlaði að vera áfram í Bandaríkjunum." Þær áætlanir breyttust þegar Lilju var boðin staða rannsóknar og þróunarstjóra hjá líftæknifyrirtækinu Genís. „Ég vann þar í gegnum þróunar-

Lilja Kjalarsdóttir er nýráðin rannsókna- og þróunarstjóri hjá KeyNatura og SagaMedica. MYND/EYÞÓR

ferli, uppsköllun og loks markaðssetningu á fyrstu vörunni svo þessi tími hjá Genís var mikill skóli fyrir mig."

Um áramótin tók svo nýtt ævintýri við hjá Lilju þegar að hún tók við stöðu rannsóknar- og þróunarstjóra stöðu hjá KeyNatura og SagaMedica.

„Ég mun vera með puttana í mörgu hjá báðum fyrirtækjum allt frá framleiðslu til vöruþróunar og klínískra rannsókna. Bæði fyrirtæki eru nú þegar komin með öflugar vörur sem seljast vel, svo sem AstaCardio og AstaLýsi frá KeyNatura og SagaPro og Voxis frá SagaMedica en við ætlum ekki að

**„Þrátt fyrir að vera komnar langt eru konur enn ekki að komast í efstu stöður innan vísindageirans svo baráttan heldur áfram.**

hætta þar. Við erum á fullu í rannsóknum og vöruþróunum og erum m.a. að vinna að spennandi blóðfitulækkandi fæðubótarefni frá KeyNatura sem mun bráðlega fara í klínískar prófanir. Síðan erum við líka að þróa efni til inntöku fyrir húð sem mun fara inn á hinn örstækkandi næringarsnyrtivöru (e. nutricosmecutical) markað. Þar er Astaxanthin með stórt hlutverk því það verndar húðina gegn UV geislum sólarinnar sem valda ótímabærri öldrun húðar."

Lilja segir gaman að koma inn á vinnustað með svo öflugan hóp kvenna. „Sjöfn er auðvitað ein af þessum konum sem hafa rutt veginn fyrir okkur hinar svo það er sérstaklega ánægjulegt að fá að læra aðeins af henni. Þrátt fyrir að vera komnar langt eru konur enn ekki að komast í efstu stöður innan vísindageirans svo baráttan heldur áfram. Ég er einmitt ein af stofnmeðlimun Samtaka kvenna í vísindum (SKVÍS) sem stendur m.a. fyrir því að efla tæki og tól kvenna til að komast í hærri stöður."

Landsmenn hafa tekið vel á móti vörum KeyNatura. „AstaCardio, AstaEnergy og AstaLýsi hafa virkilega átt erindi við landsmenn en AstaCardio er uppselt í bili. Lýsið okkar inniheldur síldarlýsi frá samstarfsaðilum okkar í Margildi, en síldarlýsið hefur unnið til bragðverðlauna á erlendri grundu. Þá þekkja flestir til SagaPro vörunnar og vinsælu hálsbrjóstsykranna Voxis. Voxis línan er að þróast og hafa nú glænýjar vörur bæst í hópinn en það eru hálsmixtúrur í tveimur bragðtegundum. Núna erum við á fullu að vinna að vöruþróun sem passar fyrir erlenda markaði og munum við kynna þær vörur á næstu misserum."

LANCÔME
PARIS

FRÖNSK MELISSA
NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI
VISTVÆN -
UMHVERFISVÆNAR UMBÚÐIR*

## NÝTT ÉNERGIE DE VIE

FRÖNSK MELISSA, TRÖNUBER & GINGSENG – ORKUSKOT GEGN ÞREYTU

NÚ ENN STÆRRI LÍNA: LOTION, LIQUID CARE RAKAKREM, DAGKREM, AUGNKREM, NÆTURMASKI, KORNAMASKI OG GRÆNN LEIRMASKI.

*20% ENDURUNNIÐ GLER Í KRUKKUM OG FLÖSKUM, ENGINN BÆKLINGUR.

# LANCÔME MASKAR

ÞVÍ EKKI AÐ DEKRA VIÐ SJÁLFA ÞIG EÐA EINHVERJA SEM ER ÞÉR KÆR?
HJÁ LANCÔME FINNUR ÞÚ ÚRVAL LÚXUSMASKA SEM DEKRA VIÐ ÞIG DAG OG NÓTT.

**ENERGIE DE VIE**
**ILLUMINATING & PURIFYING**
**EXFOLIATING MASK**
Þessi 2-í-1 raka og kornamaski hentar mjög vel til að losa um dauðar húðfrumur líflausrar húðar svo fersk ljómandi húðin fái að njóta sín og húðholur verði minna sjáanlegar.
Notist 2 í viku í 3 mín.

**ENERGIE DE VIE**
**ANTIOXIDANT OVERNIGHT**
**RECOVERY SLEEPING MASK**
Næturmaski sem rakafyllir og þéttir húðina sem verður fersk og sjáanlega jafnari. Hann kælir húðina og undirbýr hana fyrir nóttina.
Notist á hverju kvöldi sem næturkrem eða 2 – 3 í viku í 10 mín. sem orkugefandi maski sem vinnur á þreytumerkjum.

**ENERGIE DE VIE**
**PURIFYING & REFINING CLAY MASK**
Mjúkur, grænn kremaður leirmaski. Hreinsar húðina, vinnur gegn stífluðum húðholum, hreinsar farða og mengun af húðinni sem verður hrein, fersk, húðholur minna sjáanlegar og húðlitur bjartari. Notist 2 í viku í 5 mín.

**ABCOLUE PRECIOUS CELLS**
**REVITALIZING NIGHT RITUAL MASK**
Næturmaski sem dekrar við húðina meðan þú sefur, svo hún verður fersk, rakafyllt og þétt að morgni og betur varin gegn áreiti dagsins.
Við mælum með notkun þessa lúxusmaska 2 kvöld í viku.

**ABSOLUE PRECIOUS CELLS**
**NOURISHING AND REVITALIZING**
**ROSE MASK**
Það besta frá Lancôme. Maski með dýrmætu rósaseyði og rósavatni sem dekrar við andlitið, róar, rakafyllir og endurheimtir ljóma, mýkt og friskleika húðarinnar á aðeins 10 mínútum.
Má nota daglega.

**HYDRA ZEN**
**ANTI-STRESS MOISTURIZING**
**OVERNIGHT SERUM-IN-MASK**
Ferskur eins og serum, nærir eins og maski, vinnur gegn streitu og rakafyllir húðina sem verður ferskari og stinnari.
Má nota sem næturkrem eða sem maska.

Sænski fatarisinn H&M er í vanda. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Vandræði H&M halda áfram

H&M stendur í miklu stappi. Fyrir skömmu fékk fyrirtækið yfir sig holskeflu mótmæla og nú kemur í ljós að hagnaður minnkaði meira á síðasta ári en öll síðustu sex ár.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Fatafyrirtækið H&M hefur tilkynnt að á síðasta ári hafi orðið meiri samdráttur í hagnaði fyrirtækisins en síðustu sex ár á undan. Þessi tilkynning hefur aukið þrýsting á forstjóra fyrirtækisins, Karl-Johan Persson, sem á nú þegar við ímyndarvandamál að stríða.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að hagnaður dróst saman um 14% milli nóvember 2016 og 2017. Fyrirtækið segist ætla að loka 170 búðum á þessu ári og bæta við nýju kerfi sem heitir Afound, sem á að selja ódýran varning.

Persson segir að breytingar á fataiðnaði séu að skapa nýjar áskoranir og það muni halda áfram á þessu ári.

Á síðastu þremur mánuðum síðasta árs dróst hagnaður fyrirtækisins saman meira en nokkru sinni áður. Fataverslun á netinu hefur aukist verulega og fyrir vikið heimsækja færri búðir H&M. Fyrirtækið hefur verið í vandræðum með að sitja uppi með mikið magn af fatnaði á lagernum, þurft að selja vörur á miklum afslætti og verið gagnrýnt fyrir að vera ekki nógu öflugt í netverslun.

Didner & Gerge Fonder AB, einn stærsti hluthafi í H&M, hefur óskað eftir að hrist verði upp í stjórn fyrirtækisins.

H&M hefur að auki þurft að eiga við ímyndarvandamál eftir að vera sakað um kynþáttahatur. Fyrirtækið birti auglýsingu með mynd af svörtu barni sem var í hettupeysu sem á stóð „flottasti apinn í frumskóginum“. Auglýsingin vakti hörð viðbrögð og olli meðal annars mótmælum í Suður-Afríku. H&M baðst afsökunar á auglýsingunni.

Nýlega þurfti fyrirtækið líka að endurkalla sokka sem voru mynstur sem virtist líkjast orðinu Allah, skrifað á arabísku, ef sokkunum var snúið við. Mynstrið var hluti af teikningu af Lego-karli sem var að beita verkfæri. Talsmaður H&M sagði að öll þýðing sem fólk sæi væri tilviljun og að fyrirtækið bæðist afsökunar ef þetta móðgaði einhvern.

Þetta gerðist þrátt fyrir að H&M hafi nýlega ráðið starfsmann sem átti að huga sérstaklega að fjölbreytni. Vonin var sú að ráðningin sýndi opinberlega hve miklu máli fjölbreytni og þátttaka allra skipti fyrirtækið og koma í veg fyrir frekari ásakanir um kynþátta hatur.

H&M segist ætla að vinna sig upp með því að stækka við sig í netverslun, auka fjölbreytni með nýjum vörumerkjum, bæta verslanirnar og beita nýjustu tækni til að lágmarka stærð lagera og stytta afhendingartíma.

Karl-Johan Persson, forstjóri H&M, er undir miklum þrýstingi. NORDICPHOTOS/GETTY

Það var mótmælt fyrir utan verslun H&M í Suður-Afríku fyrr í þessum mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

» Fataverslun á netinu hefur aukist verulega og fyrir vikið heimsækja færri búðir H&M.

Fæst í flestum apótekum, heilsuvöru-
búðum og í Hagkaup, Smáralind.

Náttúrulegt og lífrænt
Án parabena
Ekki prófað á dýrum

Konungur poppsins kvæntist dóttur konungs rokksins árið 1994. Hjónabandinu lauk tveimur árum síðar en þau Lisa Marie og Michael Jackson reyndu næstu fjögur árin að ná aftur saman og fór Lisa Marie oft út um allan heim til að þau gætu átt sínar privatstundir saman. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Fimmtug og frækin rokkprinsessa

Lisa Marie Presley stendur á fimmtugu í dag. Hún er einkabarn rokkkóngsins Elvis Presley og Priscillu Presley og fæddist sléttum níu mánuðum eftir brúðkaup þeirra.

Lisa Marie Presley fæddist 1. febrúar árið 1968 og var augasteinn föður síns. Hún þykir sláandi lík Elvis Presley og fetaði ung í fótspor hans í tónlistinni. Ástalíf hennar hefur þó oftar en ekki komist á síður blaðanna enda er hún fjórgift og var um tíma eiginkona leikarans Nicolas Cage og tónlistarmannsins Michaels Jackson. Fyrstu kynni þeirra Michaels voru þegar hún var sjö ára og sótti tónleika með honum í Las Vegas en mörgum þótti við hæfi að dóttir rokkkóngsins skyldi giftast sjálfum konungi poppsins.

Lisa Marie á fjögur börn, þar af tvíburadætur, en tvíburar eru algengir beggja vegna í fjölskyldu hennar, meðal annars var Elvis tvíburi, en bróðir hans fæddist andvana, og móðir hennar á yngri tvíburasystur.

Lisa Marie var aðeins níu ára þegar faðir hennar féll frá. Hún er einkaerfingi föður síns og fékk aðgang að eignum hans þegar hún varð 25 ára. Þá hafði verðmæti eigna hans aukist gífurlega undir styrkri stjórn móður hennar, Priscillu, sem gerði Graceland, heimili Elvis Presley, að opnu safni og hélt öllu óbreyttu innanhúss frá því Elvis varð þar bráðkvaddur 16. ágúst 1977. Enn í dag geta aðdáendur Elvis Presley heimsótt Graceland og vitjað grafar hans.

Lisa Marie var um tíma meðlimur í Vísindakirkjunni en sagði sig úr henni árið 2016. Hún vinnur ötullega að góðgerðarmálum.

Lisa Marie giftist leikaranum Nicolas Cage en hjónabandið entist stutt.



Lisa Marie er einkabarn rokkkóngsins Elvis Presley en missti föður sinn níu ára. Hér er hún á þriðja árinu með Elvis og móður sinni, Priscillu Presley.

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**






**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**

OPEL Mokka Turbo. Árgerð 2017, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Bluetooth. Ásett verð 3.390.000.- TILBOÐSVERÐ 2.990.000. Rnr.312101.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**ECO RAFBÍLAR**

**OPNUNARTILBOÐ!!**
Flottasta útfærslan af Mitsubishi Outlander PHEV INSTYLE Árg: 2017 Ekinn 1Þkm sjálfskiptur Verð: 5.500.000kr Opnunartilboð: 4.990.000kr Sími: 519-5333

**ECO Rafbílar**
**Engihjalli 8, 200 Kópavogur**
**Sími: 519 5333**
**ecorafbilar.is**

**BÍLA GALLERÍ**

**TILBOÐ 5.850Þ**
TOYOTA LAND CRUISER 150 GX. Árg. 2015, EK: 99 Þ.KM, Dísel, Sjálfsk. Tilboð 5.850þ Ásett 6.790þ Sjá raðnr 101019 www.bilagalleri.is

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

## Bílar til sölu

VW Passat 2012, ek. 86þ. Verð 1790 þ.kr. Vistvænn, sjálfsk., leður, topplúga. S. 820 2200

## Hópferðabílar

**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

## Hjólbarðar

**VAKA**

**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**

- *MÚRVINNA*
- *FLÍSALAGNIR*
- *SMÍÐAVINNA*
- *MÁLNINGARVINNA*

***TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !***

**Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is**
**Múrum og smíðum ehf**

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Önnur þjónusta

**Borgarafl ehf - Kranaleiga**
**Gott verð**
**Sími 660 1701 eða 660 1704**

## Keypt & Selt

## Til sölu

**myranaut**

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**CR-V Elegance Navi**
Nýskráður 8/2016, ekinn 35 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.690.000**

**CR-V Elegance**
Nýskráður 7/2015, ekinn 35 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.390.000**

**BÍLL DAGSINS**

**Chevrolet Cruze LTZ**
Nýskráður 5/2015, ekinn 13 þús.km., dísel, 6 gírar. **Ásett verð 2.790.000**

**Tilboð kr. 1.999.000**

**CR-V Elegance**
Nýskráður 3/2014, ekinn 67 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.790.000**

**CR-V Lifestyle**
Nýskráður 11/2012, ekinn 57 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.990.000**

**CR-V Lifestyle**
Nýskráður 9/2011, ekinn 113 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.490.000**

**CR-V Executive**
Nýskráður 2/2008, ekinn 98 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**

**CR-V Executive**
Nýskráður 7/2007, ekinn 174 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.590.000**

**Spark**
Nýskráður 10/2013, ekinn 62 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 890.000**

**Afgreiðslutími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga**
**milli kl. 12:00 og 16:00**
**notadir.bernhard.is**
**opið allan sólarhringinn**

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
**Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is**

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd

**NUDD/MASSAGES**
Heilnudd, slökun, íþróttanudd og snyrting. Afslappandi og gott umhverfi á sv. 105 rvk. Opið kvöld og helgar. S. 894 4817

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.




# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**ÞÝSKA SENDIRÁÐIÐ ÓSKAR EFTIR VEL ÚTBÚNU HÚSNÆÐI M/HÚSGÖGNUM (EINBÝLISHÚS EÐA ÍBÚÐ)**
200-300 m2, frá 01. apríl til 31. október 2018 miðsvæðis í Rvk, bílskúr.

Tilboð vinsamlegast með myndum til Þýska sendiráðsins, Laufásvegi 31, 101 Reykjavík, einnig með tölvupósti á info@reykjavik.diplo.de
Uppl. í s. 530 1100

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
s. 780 1444

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Fasteignir

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
2015 Framúrskarandi fyrirtæki
2016 - 2017 Framúrskarandi fyrirtæki
**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**

**BURKNAVELLIR 9 -HFJ**
**Einbýli**
**Einstök staðsetning**

**Opið hús í dag fimmtudag 1.feb kl.17:30-18:00.**

Glæsilegt arkitekta hannað 200 fm einbýli á einni hæð í Hafnarfirði. Rúmgóðar stofur, glæsilegt eldhús, 2-3 rúmgóð svefnherbergi og 2 baðherbergi.
Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar. Náttúrusteinn og parket á gólfum.

**Eign í sérflokki. Sjón er sögu ríkari.**

**Freyja Sigurðardóttir**
Lögg. fast. / Eigandi
freyja@hraunhamar.is

Nánari upplýsingar veitir:
**Hilmar Þór Bryde**
Sölumaður
hilmar@hraunhamar.is
892 9694

ráðum ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# GÓÐUR 4X4 BÍLL
# BETRI DÍLL

EINN VINSÆLASTI SMÁJEPPI LANDSINS Á LÆKKUÐU VERÐI

NÝ HEILSÁRS-DEKK FYLGJA

49 þús á mánuði*

**LÍTIÐ NOTAÐIR SUZUKI VITARA GLX DÍSEL**

**Árgerð 2017 - sjálfskiptir**

- √ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- √ Allt að 90% fjármögnun
- √ Til í ýmsum litum
- √ Góð endursala
- √ Tökum bíla upp í

*m.v. 20% útborgun í 84 mánuði

**HLAÐNIR ÞÆGINDUM**

- √ Panorama þak
- √ Leður/ rúskinn sæti
- √ Bakkmyndavél
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Lyklalaus ræsing og hurðaopnun
- √ Álfelgur
- √ Hraðastillir (Cruise Control)
- √ Bluetooth
- √ USB tengi
- √ Akreina og árekstrarvari
- √ Litað gler
- √ Ofl.

AÐEINS KR.
**3.590**
ÞÚSUND

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

# HJÁ OKKUR

## LANDSINS AF ÖLLU FYRIR TÖLVUNA

**24" AH-IPS FHD**
1920x1080, FreeSync tækni

**27" AMVA+ FHD**
1920x1080, Brightness I. tækni

BenQ

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 79.990

**32" AMVA+ QHD**
2560x1440, Brightness I. tækni

BenQ

**BENQ GW2406Z**
Rammalaus skjár með nýrri Advanced High Performance IPS myndtækni

**24.990**
Edge to Edge skjár með AH-IPS tækni

**BENQ EW2775ZH**
Rammalaus Edge to Edge AMVA+ skjár með 178° True To Life sjónarhorni

**34.990**
Ambient birtuskynjari fyrir fullkomin gæði

**BENQ EW3270ZL**
QHD skjár með 100% sRGB AMVA+ tækni sem tryggir yfirburði í skerpu og litadýpt

**69.990**
Slim Bezel hönnun og Ambient birtuskynjari

TILBOÐ Á DJI DRÓNUM
VERÐ FRÁ 59.990

Bluetooth

60W RMS

THONET & VANDER

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 119.990

**300" DLP FHD**
1920x1080, 3300 ANSI birta

BenQ

**DJI MAVIC PRO**
Platinum Combo pakkinn með flottum aukahlutum

**209.990**

**KÚRBIS ÞRÁÐLAUS**
Öflugir þráðlausir hágæða BlueTooth 4.0 hátalarar

**19.990**

**BENQ MH534**
Hljóðlátur FHD 1080p skjávarpi með 10.000 tíma lampa

**99.990**

4TB ÚTGÁFA 24.990
2TB ÚTGÁFA 14.990

SEAGATE

**1TB FLAKKARI**
2.5" Seagate Expansion flakkari
**7.990**
1TB SG EXPAN

SEAGATE

**1TB SLIM**
Seagate SLIM ferðaflakkari í 4 litum
**9.990**
1TB SG BP BK

KOSS

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 2.990

**HEYRNARTÓL**
KOSS heyrnartól í 4 mismunandi litum
**1.990**
UR23i

Wi-Fi ÞRÁÐLAUS

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 14.990

brother

**J562DW**
Fjölnotatæki frá Brother
**9.990**
J562DW

360°

EASY USB-MICRO SNÚRAN SNÝR ALLTAF RÉTT

DELOCK

**EASY USB!**
USB í Micro USB sem snýr alltaf rétt
**990**
EASY USB

• Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# LEIKJADEILDIN

## FYRIR KRÖFUHARÐA LEIKJASPILARA

RYZEN

NVIDIA GEFORCE GTX

**GTX1050 SKJÁKORT**
2GB GDDR5 7.0GHz 640 Cores

**AMD RYZEN3 1300X**
3.9GHz XFR+ Quad Core örgjörvi

**8GB minni**
DDR4 3000MHz

**256GB SSD**
M.2 diskur

AUDIO STRAP
19.990

VIVE VR
119.990

GIGABYTE

intel CORE i3 8th Gen

NVIDIA GEFORCE GTX

**GTX1060 SKJÁKORT**
3GB GDDR5 8.0GHz, 1280 cores

**Intel i3 8350K**
4.0GHz Turbo Quad Core örgjörvi

**8GB minni**
DDR4 2400MHz

**256GB SSD**
M.2 diskur

Leikja Skjákort
4GB GTX 1050 með 640 CUDA örgjörvum

BAKLÝST LYKLA-BORÐ

**15" FHD IPS**
1920x1080 Anti-Glare

**Intel i5 7300HQ**
3.5 GHz Turbo Quad Core örgjörvi

**8GB minni**
DDR4 2400MHz

**256GB SSD**
NVMe diskur

acer

**GAMING 1**
Fjögurra kjarna leikja-skrímsli með Gaming móðurborði og GTX 1050 leikjaskjákorti

**149.990**

Öflugur leikjaturn í alla nýjustu leikina

**GAMING 2**
Nýjasta 8. kynslóð 4 kjarna Coffee Lake leikjaturna með GTX 1060 leikjaskjákorti

**179.990**

Ofur leikjaturn fyrir kröfuharða spilara

**ACER NITRO 5**
Ný kynslóð Nitro frá Acer með Quad Core örgjörva og GTX 1050 G-Sync leikjaskjákorti

**149.990**

Öflug og flott Nitro 5 leikjafartölva frá Acer

**24" 144Hz FHD**
1920x1080, 1ms, Black eQualizer

ZOWIE
a brand by BenQ

NÝTT! VAR AÐ LENDA

DOLBY ATMOS 3D
24 TÍMA RAFHLAÐA
10M DRÆGNI
MEMORY FOAM

plantronics

MÖGNUÐ FJARSTÝRING
Sem nötrar þegar dróni er skotinn, hljóð effectar og Star Wars tónlist, festing fyrir síma með Appi fyrir Android eða IOS.

STAR WARS

PROPEL

**ZOWIE XL2411P**
144Hz leikjaskjárinn sem atvinnuspilararnir velja!

**49.990**

**RIG 800HD ÞRÁÐLAUS**
Öflug 24 tíma Lag-free þráðlaus leikjaheyrnartól

**24.990**

**STAR WARS DRÓNAR**
3 gerðir dróna frá Propel með Laser keppnisham

**19.990**




**XBOX ONE X**
Nýjasta leikjatölvan frá Microsoft
**79.990**
XBOX ONE X

2.STK STÝRIPINNAR FYLGJA

PS4

**1TB PS4 SLIM**
1TB SLIM - 2 stýripinnar fylgja með
**49.990**
1TB SLIM 2X PINNAR

UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR

Trust

**LEIKJALYKLABORÐ**
Trust GXT 860 Semi mekanískt
**6.990**
GXT 860

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 12.990

ZOWIE | a brand by BenQ

**EC SERIES**
Íslenska CS:GO landsliðið mælir með!
**9.990**
EC1-A

Trust

**LEIKJASTÓLL**
Hágæða leikjastóll með PU-Leðri
**29.990**
RESTO RD

TÖLVUTEK **Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-16**

## SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn,
múrara, pípara og lagerstarfsmenn
sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**



## Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið:**
Mánudaga og miðvikudaga 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska II:**
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:30 - 15:00

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45




**Námskeiðin hefjast 5 og 6. febrúar.**
**Verð á mann er 29.000**

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða**
**spaenskuskolinnhablame@gmail.com**

***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***



EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Hléskógar 9, 109 Reykjavík**

Vorum að fá í sölu 303,1 fm. einbýlishús á þremur hæðum við Hléskóga. Húsið virðist í góðu standi og mögulegt væri að útbúa sér íbúð í kjallara. Eignin skiptist m.a. í forstofu, 6 svefnherbergi, 3 stofur, eldhús og 2 baðherb., bílskúr og aukarými um 30 fm. sem ekki er skráð. Stutt er í alla helstu þjónustu. **Verð: 95,0 millj.**

**Opið hús fimmtud. 1. feb. milli kl. 17:00 og 17:30.**

**Nánari upplýsingar:**
**Kjartan Hallgeirson**
Löggiltur fasteignasali

**Daði Hafþórsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími 824 9096

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

## Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Nauthólsvegur 100
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. desember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 11. janúar 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna lóðarinnar nr. 100 við Nauthólsveg. Í breytingunni felst m.a. fjölgun bílastæða um 16 þar af 3 fyrir hreyfihamlaða ásamt tilfærslu á innkeyrslu á bílastæði við byggingu 6a. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Víðidalur, C-Tröð 1
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. janúar 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 25. janúar 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Fákssvæðið í Víðidal. Í breytingunni felst m.a. að byggt verður yfir tamninga aðstöðu við Hesthús að C-Tröð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Lyngháls 10
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. janúar 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 25. janúar 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 10 við Lyngháls. Í breytingunni felst m.a. að nýtingarhlutfall á lóðinni verði leiðrétt í samræmi við núverandi byggingar og verður 1,0 og að skilgreina byggingarreit utan um núverandi byggingar á lóðinni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna..

Tillögurnar má einnig sjá og fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 1. febrúar 2018 til og með 15. mars 2018**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 15. mars 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 1. febrúar 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



EYJALIND
GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



**Sjálfsdáleiðsla**
**Leið að betri líðan**

Námskeið í sjálfsdáleiðslu verður haldið **laugardaginn 3. febrúar klukkan 13.00 - 16.00** í Yogasmiðjunni Spönginni 37 Reykjavík
Skemmtilegt og fróðlegt námskeið

Nánari upplýsingar og skráning í síma 864 2627
og bernhoft@gmail.com
**Ingibjörg Bernhöft**
Hjúkrunarfræðingur og dáleiðslufræðingur



**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**



**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Merkisatburðir

**1918** Rússland tekur upp gregoríska tímatalið.

**1930** Kvenfélagasamband Íslands er stofnað í Reykjavík.

**1935** Áfengisbann er fellt úr gildi á Íslandi. Bannið hafði staðið í tuttugu ár og einn mánuð, eða frá 1. janúar 1915.

**1946** Norðmaðurinn Trygve Lie er kjörinn fyrsti aðalritari Sameinuðu þjóðanna.

**1946** Sundhöllin á Ísafirði er vígð.

**1948** Ríkisútvarpið hefur stuttbylgjusendingar fyrir Íslendinga erlendis.

**1963** Hastings Banda tekur við sem fyrsti forsætisráðherra Malaví.

**1970** 236 manns látast í lestarslysi í Búenos Aíres í Argentínu.

**1973** Viðlagasjóður er stofnaður til að bæta tjón eftir eldgosið í Vestmannaeyjum.

**1977** Síðasta mjólkurbúðin í Reykjavík er lögð niður.

**1977** Ítalska sjónvarpsstöðin RAI hefur útsendingar í lit.

**1978** Kvikmyndaleikstjórinn Roman Polanski flýr frá Bandaríkjunum eftir að hafa játað að hafa haft kynmök við 13 ára stúlku.

**1979** Íranska byltingin: Ayatollah Khomeini, æðsti maður íslam í Íran, snýr heim úr margra ára útlegð í París.

**1982** Senegal og Gambía mynda laustengt ríkjasamband, Senegambíu.

†

Ástkær bróðir okkar,

**Jón Ágústsson**

kennari,
Skúlagötu 20,

andaðist á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 28. janúar.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 7. febrúar kl. 13.00.

**Ágúst Ágústsson**
**Þorlákur Ari Ágústsson**
**Þuríður Jana Ágústsdóttir**

†

Móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

**Ólöf Hjálmarsdóttir**

lést á Hrafnistu, Boðaþingi, 25. janúar.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 5. febrúar kl. 15.00.

**Hjálmar Loftsson**
**Ingibjörg Loftsdóttir**
**og fjölskyldur.**

†

Yndislegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Reynir Jónsson**

hárskerameistari,

lést 26. janúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Rósa Andersen og fjölskylda.**

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingibjörg Þorvaldsdóttir**

(Dídí)
Hringbraut 50,
Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Grund 24. janúar sl. Útförin fer fram föstudaginn 2. febrúar í Hafnarfjarðarkirkju kl. 15.00.

**Aðstandendur**

**Margir meistarar tónlistarinnar hafa stigið sín fyrstu skref hjá Þorgerði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þorgerður heiðursborgari

**Þorgerður Ingólfsdóttir, tónlistarkennari og kórstjóri, var sæmd heiðursborgaratitli Reykjavíkurborgar við hátíðlega athöfn í gær. Hún er stofnandi Hamrahlíðarkórsins.**

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sæmdi Þorgerði Ingólfsdóttur, tónlistarkennara og kórstjóra, heiðursborgaranafnbót Reykjavíkurborgar við hátíðlega athöfn í Höfða í gær. Sagði borgarstjóri í ræðu sinni að með nafnbótinni vildi Reykjavíkurborg þakka Þorgerði fyrir ómetanlegt og óeigingjarnt starf í þágu borgarinnar og þjóðarinnar allrar á sviði tónlistar og kóramenningar.

Þorgerður á langan tónlistarferil að baki en hún hóf tónlistarnám sjö ára að aldri. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1963, tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og nam tónvísindi og kórstjórn á meistarastigi við University of Illinois í Bandaríkjunum. Hún hefur einnig stundað tónlistarnám í Austurríki, Bretlandi, Ísrael, Noregi og Sviss og nam auk þess guðfræði um hríð við Háskóla Íslands.

Þorgerður stofnaði Kór Menntaskólans við Hamrahlíð árið 1967 og framhaldskór hans, Hamrahlíðarkórinn, árið 1982. Undir stjórn Þorgerðar hafa kórarnir notið gríðarlegra vinsælda, haldið fjölda tónleika hér heima og erlendis og hlotið margvísleg verðlaun, viðurkenningar og lofsamlega dóma. Ljóst er að kórarnir hafa haft víðtæk áhrif á íslenskt tónlistarlíf, í gegnum tónlistaruppeldi, innblástur og öguð vinnubrögð. Þúsundir ungmenna hafa hlotið tónlistaruppeldi í kórunum og fjöldi landsþekktra tónlistarmanna og hljómsveita hafa haft þar viðkomu og má þar nefna Sigríði Thorlacius, Björk Guðmundsdóttur, Kristin Sigmundsson, Egil Ólafsson og Valgeir Guðjónsson, og hljómsveitirnar Spilverk þjóðanna, Hjaltalín og Moses Hightower.

**Þorgerður hefur á ferli sínum hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín, en meðal annars var hún gerð að borgarlistamanni Reykjavíkur árið 2012 og ári síðar var hún sæmd heiðursverðlaunum Íslensku tónlistarverðlaunanna. Þá var Þorgerður sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1985.**

Þorgerður kenndi við Tónlistarskólann í Reykjavík í tæp þrjátíu ár og var fulltrúi tónlistarmanna í stjórn Bandalags íslenskra listamanna. Hún hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði tónlistar og meðal annars setið í dómnefndum í ýmsum alþjóðlegum tónlistarkeppnum.

Þorgerður hefur á ferli sínum hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín, en meðal annars var hún gerð að borgarlistamanni Reykjavíkur árið 2012 og ári síðar var hún sæmd heiðursverðlaunum Íslensku tónlistarverðlaunanna. Þá var Þorgerður sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1985 fyrir tónlistarstörf.

Hingað til hafa sex Reykvíkingar verið gerðir heiðursborgarar Reykjavíkur en þeir eru; séra Bjarni Jónsson árið 1961, Kristján Sveinsson árið 1975, Vigdís Finnbogadóttir árið 2010, Erró (Guðmundur Guðmundsson) árið 2012, Yoko Ono árið 2013 og Friðrik Ólafsson árið 2015. **benediktboas@365.is**

Elsku hjartans ástin mín, sonur, bróðir, barnabarn, mágur og frændi,

**Höskuldur Freyr Hermannsson**

lést laugardaginn 20. janúar á heimili sínu á Egilsstöðum.
Útför fer fram laugardaginn 3. febrúar kl. 11.00 í Egilsstaðakirkju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á björgunarsveitina Hérað, kt. 481199-2989 og reikningsnr. 0166-26-48.

**Steinunn Steinþórsdóttir**
**Halldóra Eiríksdóttir**
**Hermann Dalberg Kristjánsson**
**Eiríkur Orri Hermannsson** — **Kristin Johansen**
**Þorgeir Starri Hermannsson** — **Sólrún Una Þorláksdóttir**
**Kristján Helgi Hermannsson**
**Helga Hermannsdóttir** — **Björn Jónsson**
**Kristján Guðmundur Sigurðsson**
**Albert Sigurðsson**
**Hulda Steinsdóttir**
**og frændsystkin.**

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hallbjörg Jóhannsdóttir**

lést á heimili sínu.
Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 5. febrúar kl. 13.00.

**Petter A. Tafjord**
**Sigurrós Tafjord** — **Ármann Baldursson**
**Jóhann Á. Tafjord** — **Elín Jónbjörnsdóttir**
**Kristján Tafjord** — **Jarþrúður Bjarnadóttir**
**Birna Tafjord** — **Birgir Kristjánsson**
**Pétur Smári Tafjord** — **Þórey Svana Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

10% AUKAAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

# LOKADAGAR
# ÚTSÖLU
# 30-70%

AFSLÁTTUR AF ALLS KONAR VÖRUM*

ÚTILÍF

*síðan 1974*

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ÁRNASYNIR

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Austlæg átt og bjartviðri allvíða á landinu en vaxandi suðaustanátt með snjókomu um sunnan og vestanvert landið þegar líður á daginn. Suðaustan stormur með snjókomu og síðan slyddu og rigningu í kvöld og hlýnar í veðri.










**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. vagga
5. eyrir
6. íþróttafélag
8. frumdrög
10. í röð
11. samræða
12. hörund
13. skjótur
15. gimsteinn
17. strita

**LÓÐRÉTT**
1. slengjast
2. stækkuðu
3. fugl
4. afhending
7. tolla
9. ögra
12. hratt
14. nudda
16. svell



**LÁRÉTT:** **1.** kjaga, **5.** aur, **6.** fh, **8.** skissa, **10.** tu, **11.** tal, **12.** hold, **13.** snar, **15.** túrkís, **17.** atast.
**LÓÐRÉTT:** **1.** kastast, **2.** juku, **3.** arf, **4.** afsal, **7.** haldast, **9.** storka, **12.** hart, **14.** nua, **16.** ís.

## Skák Gunnar Björnsson

Björgquist átti leik gegn Timman árið 1971.
**Hvítur á leik**
**1. Rh5!! gxh5 2. Re6! fxe6 3. Hg5+ Kf7 4. Dg6# 1-0.** Björgvin Jónsson er efstur með 3½ vinning eftir fjórðu umferð Skákhátíðar MótX. Stórmeistararnir Jóhann Hjartarson, Hjörvar Steinn Grétarsson og Þröstur Þórhallsson koma næstir með 3 vinninga.

**www.skak.is:** Toyota-skákmótið (60+) á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.

## Pondus

Eftir Frode Øverli

## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LÍFIÐ ER NÚNA

**KRABBAMEIN** KEMUR ÖLLUM VIÐ!

LEGGÐU OKKUR LIÐ

www.lifidernuna.is

FÉLAG UNGS FÓLKS SEM GREINST HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR

KRAFTUR

# Fullmeyrnað ÍSLENSKT Ungnautakjöt

**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye

**398** kr. 250 ml

**Íslandsnaut Bernaissósa**
250 ml

750g

**298** kr. 750 g

**Aviko Steikar Franskar Kartöflur**
Frosnar, 750 g

Ferskur **ÍSLENSKUR** fiskur

**2.198** kr. kg

**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk

Ferskur **ÍSLENSKUR** fiskur

**2.198** kr. kg

**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk, krydduð

750g

**298** kr. 750 g

**Aviko Rösti Kartöflur**
Frosnar, 750 g

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita

**26** stk. í boxi

**498** kr. 800 g

**Bónus Buffaló Vængir**
Fulleldaðir, 800 g

Ertu klár fyrir **SUPER BOWL?**

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita

**798** kr. kg

**Ali Spareribs**
Fullelduð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# SÚPUDAGAR Í BÓNUS

## Fulleldaðar - aðeins að hita

**1.498**
kr. 1 kg

**Ungversk Gúllassúpa**
1 kg

**1.498**
kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

**1.498**
kr. 1 kg

**Íslensk Kjötsúpa**
1 kg

**149**
kr. pk.

**Hvítlauksbrauð**
2 stk. í pakka

**FLJÓTLEGT OG GOTT**

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita

**998**
kr. 1 kg

**Stjörnugrís Steiktar Hakkbollur**
Fulleldaðar, 1 kg

**198**
kr. 520 g

**ES Súrsæt Sósa**
520 g

**198**
kr. 500 g

**ES Basmati Hrísgrjón**
Í suðupokum, 5x100 g

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ MENNING

Mynd úr ljósainnsetningunni Örævi.

# Hvernig er hægt að dansa undir smásjá?

**Vetrarhátíð verður sett með viðhöfn í kvöld þegar opnunarverkinu Örævi, ljósainnsetningu af líkömum sem eru myndaðir undir smásjá, verður varpað á tankana við Marshallhúsið undir tónum Sigur Rósar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Erna Ómarsdóttir, Valdimar Jóhannsson og Pierre Alain Giraud hafa undanfarið unnið að opnunarverki Vetrarhátíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vetrarhátíð verður sett í kvöld klukkan 19.45 með ljósainnsetningu sem verður varpað á olíutankana við Marshallhúsið. Innsetningin kallast Örævi og er eftir Valdimar Jóhannsson, Ernu Ómarsdóttur, Pierre Alain Giraud og Íslenska dansflokkinn. Auk þeirra koma koma fram í verkinu þau Aðalheiður Halldórsdóttir, Hannes Þór Egilsson, Þyrí Huld Árnadóttir, Úlfur Óðinn Valdimarsson og Kristín Geirsdóttir en þegar náðist í þau Valdimar og Ernu voru þau að leggja lokahönd á verkið.

### Dansa á mörkunum

Erna segir að Örævi sé hugsað í beinu framhaldi af því sem þau voru að fást við með dansflokknum á Norður og niður hátíðinni fyrr í vetur í sýningunni Myrkrið faðmar. Erna segir að þar hafi þau verið að fjalla um hinn berskjaldaða líkama sem er með öllu óvarinn í myrkrinu og maður veit aldrei á hverju er von og er með öll skynfæri í viðbragðsstöðu. „En núna erum við ekki lengur að skoða líkamann í myrkrinu heldur í örsmáum einingum ef svo má segja. Við fengum lánaða smásjá sem er hægt að festa myndavél á og erum búin að vera að mynda munninn, slímhúðina og ýmis svona smáatriði líkamans. Þarna eru við að skoða fegurðina í öllum þessum smáatriðum sem við tökum ekki eftir dagsdaglega.“

„Við erum svona að skoða landslagið í líkamanum,“ skýtur Valdimar inn í. „Já, nákvæmlega,“ tekur Erna undir. „Þetta er ákveðinn hluti af því sem líkaminn hefur upp á að bjóða. Sumar myndirnar dansa óneitanlega á mörkum fegurðar og ljótleika og eru svona af þessu sem fær fólk kannski til þess að segja oj, en samt er þetta fallegt. Við erum bara ekki vön því að sjá fegurðina í þessum hluta líkamans.“

### Hrukkur og hreyfingar

Valdimar bendir á að það sem er á þessum myndum séu í raun hlutir sem við sjáum á hverjum degi. „Við erum bara ekki vön að sjá þetta svona nálægt. Þannig að þetta er orðið svona stórt þá finnst þér þetta kannski ógeðslegt en samt hefurðu þetta fyrir augunum á hverjum degi og það er gaman að skoða það með þessum hætti.“ Erna tekur undir þetta og segir að þetta séu líka hlutir af líkamanum sem halda okkur gangandi og sjái til þess að öll starfsemi sé með eðlilegum hætti.

Erna segir að dansararnir Aðalheiður, Hannes og Þyrí úr dansflokknum hafi líka verið að vinna þetta með þeim. „Þetta eru allt mjög flinkir dansarar sem búa yfir ótrúlegri færni eins og að geta hreyft vöðva á skrítnum stöðum í líkamanum en það er líka eitthvað sem maður sér vanalega ekki á danssýningum einfaldlega vegna fjarlægðar áhorfenda. Þannig að þau voru að dansa með t.d. herðablöðunum og það kemur mjög skemmtilega út.

Mamma mín tekur líka að sér að dansa með hrukkunum og Úlfur Óðinn sonur okkar tók líka að sér eitt hlutverk þannig að þetta er mjög fjölbreytt.“

### Tunguhaftssóló

Valdimar bendir á að með þessari miklu nánd við líkamann sem fæst með myndavélinni og svo færni dansaranna við að dansa með svona afmörkuðum svæðum náist fram þetta landslag líkamans sem þau hafi verið að falast eftir. „Þetta er líka vegna þess að augun í okkur virka dálítið eins og Photoshop-forritið. Augað velur það sem við sjáum með ómeðvituðum hætti en með því að stækka þessi smáatriði svona upp þá verða þau ekki lengur umflúin.

Þegar ég kveikti á smásjánni þá fór ég fyrst inn á klósett, þreif vel á mér hendurnar og setti þær svo undir smásjána og það var sko líf og fjör. Það er greinilega ýmislegt sem gerist undir smásjá. Þá fórum við líka að hugsa hvernig væri hægt að dansa undir smásjá því hreyfingarnar þurfa að vera alveg pínulitlar en koma svo fram sem ógnarstórar á myndunum.“

Erna segir að þau hafi til að mynda skoðað tunguhaftið sérstaklega og það hafi komið í ljós að dansararnir voru með mjög ólíkt tunguhaft. „Ein var með ekkert og Aðalheiður var með flott og liðugt tunguhaft sem hún nýtti til þess að gera mjög flott tunguhaftssóló þannig að þetta er búið að vera alveg rosalega gaman hjá okkur.“

### Ör og ævi

Myndunum er svo varpað á tankana við Marshallhúsið og undir þessu er leikin tónlist eftir Sigur Rós. „Við vorum enn svo innblásin af tónlistinni þeirra sem við vorum að vinna með á milli jóla og nýárs,“ segir Valdimar. „Ég fékk tónlistina þeirra til þess að leika mér að henni og útfæra hana svona eftir því sem hentaði að þessu sinni. Það virkaði einhvern veginn þannig að þetta hélt okkur við efnið. Tónlist Sigur Rósar er líka þannig að hún fer á einhvern hátt nálægt manni.

En annars held ég að næsta skref hjá okkur hljóti að vera að búa til dansverk fyrir örverur,“ segir Valdimar og glottir. „Og bakteríur líka. Það hefur enginn gert það. Það gæti reyndar verið dálítið erfitt að hafa stjórn á þeim en það er þá helst Erna geti talað þær til og fengið til þess að dansa.“ Erna brosir að þessu og bendir á að nefnið Örævi feli einmitt í sér ákveðinn orðaleik að orðunum ör og ævi, að viðbættu öræva-orðinu þá sé þetta nú eins og Valdimar segir: „Farið að vísa til ævinnar sem landslags.“

1.- 11. febrúar

# 20%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM FÖNDURVÖRUM



Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Býr til nýtt umhverfi, betra líf og nýja von

**Sala málverks eftir Leonardo da Vinci á 46 milljarða varð myndlistarkonunni Katrínu Matthíasdóttur innblástur að seríu um bjargvætt heimsins. Hún opnar sýninguna Hið augljósa í Galleríi Fold á morgun.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Katrín við eitt verkið í bjargvættarseríunni þar sem sonur hennar situr fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segja má að verkin á sýningunni skiptist í tvö skaut, annars vegar virðingu fyrir lífshlaupi sérhverrar persónu, hins vegar áhyggjur af framtíðinni," segir Katrín Matthíasdóttir listmálari um inntak sýningarinnar Hið augljósa sem verður opnuð í Galleríi Fold við Rauðarárstíg klukkan 18 á morgun, föstudag.

Katrín er hugsjónakona og verk hennar endurspegla það. „Auðvitað geta áhorfendur túlkað verkin á sinn hátt, þannig á það að vera," segir hún. „Ég sá að verk eftir Leonardo da Vinci seldist í lok síðasta árs á 46 milljarða króna, sem er auðvitað klikkun. Verkið á að sýna bjargvætt heimsins, sem í augum Da Vincis er Jesú. Í mínum augum er það mannkynið sjálft því við þurfum öll að leggja okkar af mörkum til að leysa þau vandamál sem steðja að okkur. Ég setti son minn í stellingar þar sem hann er að blessa heiminn með annarri hendi og í hinni heldur hann á kúlu sem er jörðin."

Katrín segir myndirnar raðast upp í seríur. „Ég set minn bjargvætt meðal annars fyrir framan blokk. Það táknar að við erum orðin aðþrengd en jörðin er okkar eina athvarf og við megum ekki ganga of hratt á auðlindir hennar því fleiri koma á eftir okkur. Svo eru barnsaugu sem minna okkur á að vinna að brýnum málum. Við erum með lausnirnar og verðum að setja fókus á þær."

> **ÉG SET MINN BJARGVÆTT MEÐAL ANNARS FYRIR FRAMAN BLOKK. ÞAÐ TÁKNAR AÐ VIÐ ERUM ORÐIN AÐÞRENGD.**

Synir Katrínar, þrír að tölu, koma fyrir í mörgum verkum hennar. Skyldu þeir hafa mikla þolinmæði til að sitja fyrir? „Ég tek helling af ljósmyndum af þeim en annar tvíburinn minn, sem er sextán ára, gat nú alveg setið kyrr í nokkurn tíma um daginn!"

Svo eru níu vatnslitaverk. „Ég strekki pappírinn á blindramma og þar mála ég börn sem ég finn myndir af í mannheimum, netheimum, oft börn sem hafa séð hluti sem þau eiga ekki að hafa upplifað, og býr til nýtt umhverfi, betra líf og nýja von," lýsir listakonan.

Þess utan er hún með fjögur verk sem túlka lífsskeiðin fjögur, bernsku, ungdóm, fullorðinsár og elli. „Bara til að undirstrika að öll göngum við í gegnum það sama, ef við fáum að lifa, berum sömu tilfinningar og væntingar," segir Katrín. „Því þurfum við að jafna möguleikana milli fólks."

markhönnun ehf

# nettó

## VERIÐ VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA NETTÓ

## ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF HEILSUVÖRUM

128 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM

## OFURTILBOÐ Í 11 DAGA!

HVERT TILBOÐ GILDIR Á TILGREINDUM DEGI EN AÐRA DAGA ERU SÖMU VÖRUR Á ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI.

### FIMMTUDAGUR 1. FEB

*Tilboð dagsins*

56% AFSLÁTTUR

**WHOLE EARTH**
LÍMONAÐI GOS- 330 ML
~~VERÐ ÁÐUR: 225 KR/STK~~
**56% | 99 KR/STK**

### FÖSTUDAGUR 2. FEB

*Tilboð dagsins*

45% AFSLÁTTUR

**KOKO**
KÓKOSDRYKKUR 1 L
~~VERÐ ÁÐUR: 325 KR/STK~~
**45% | 179 KR/STK**

### LAUGARDAGUR 3. FEB

*Tilboð dagsins*

44% AFSLÁTTUR

**NOW**
OMEGA-3 1000 MG
100 SGELS
~~VERÐ ÁÐUR: 1.319 KR/STK~~
**44% | 739 KR/STK**

**NOW**
B12 ULTRA LIQUID - 118 ML
~~VERÐ ÁÐUR: 2.499 KR/STK~~
**44% | 1.399 KR/STK**

### SUNNUDAGUR 4. FEB

*Tilboð dagsins*

40% AFSLÁTTUR

**FITAID**
RECOVER - 355 ML
~~VERÐ ÁÐUR: 299 KR/STK~~
**40% | 179 KR/STK**

**Tilboðin gilda 1. - 4. febrúar 2018** **www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavik • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

nettó Á NETINU

www.netto.is

Winston Churchill er ein magnaðasta persónan í sögu síðustu aldar. Hann hefur því eðlilega komið við sögu í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta og hefur aldrei verið betri en núna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kvikmyndastjarnan Winston Churchill

**Winston Churchill er einn af þeim stóru og hefur komið við sögu í yfir sextíu kvikmyndum. Aldrei betri en í Darkest Hour sem er loksins frumsýnd á Íslandi á föstudaginn.**

**KVIKMYNDIR** Gary Oldman gerir Churchill frábær skil í Darkest Hour og þykir beinlínis umbreytast í Sir Winston undir þykkum farða og frábæru gervi sem tók fimm klukkustundir að klína utan á hann fyrir tökur.

Fleiri leikarar hafa þó gert Churchill góð skil og hér eru dregnir fram fjórir leikarar sem raða sér á eftir Oldman á listann yfir fimm bestu Churchillana í kvikmyndum.

Á þessum topp fimm lista er stuðst við lista Michael F. Bishop á vef The International Churchill Society, winstonchurchill.org. Þó með því inngripi að hér er John Lithgow, sem lék Churchill í Netflix-þáttunum The Crown, troðið inn en Bishop er lítt hrifinn af frammistöðu þessa hávaxna, bandarísku leikara, í hlutverki hins dáða, samanrekna breska bolabíts.

## 1. Gary Oldman
### Darkest Hour (2017)

Oldman öðlaðist frægð á sínum tíma fyrir túlkun sína á pönkaranum Sid Vicious í Sid and Nancy. Valið á honum í hlutverk Churchills þótti nokkuð undarlegt þegar hann var fenginn til verksins 2015. Hann hefur þó margsannað sig sem ótrúlegt kamelljón og einn besti leikari sinnar kynslóðar og verður beinlínis að Churchill á tjaldinu. Churchill-sérfræðingurinn Bishop segir að þótt Darkest Hour sé engan veginn heimildarmynd sé á köflum ekki hægt að greina á milli Oldmans og Churchills á gömlum fréttamyndum.

## 2. Albert Finney
### The Gathering Storm (2002)



Þessi sjónvarpsmynd, samstarfsverkefni BBC og HBO skartar úrvalsliði leikara í öllum hlutverkum og yfir hópnum öllum gnæfir sá mæti leikari Albert Finney sem Churchill. Bishop segir myndina veislu fyrir augun frá fyrsta ramma. Eini gallinn við hana sé að hún er of stutt og dramatísk ár í lífi stríðsforsætisráðherrans tilvonandi líði allt of hratt á 90 mínútum.

## 5. John Lithgow
### The Crown (2016)

Þótt okkar manni, honum Bishop hjá Alþjóðlega Churchill-félaginu, líki ekkert sérstaklega vel við John Lithgow í gervi Churchills þá er hann nú samt á lista hér. Valið á þessum hávaxna Ameríkana í rulluna þótti galið og sjálfur botnaði hann ekkert í þessu. „Ég hélt þeir hefðu farið mannavillt. Ég var smeykur við hlutverkið en ég var ekkert að fara að afþakka það," segir leikarinn.

Lithgow var ekki aðeins meðvitaður um stóran skugga Churchills heldur einnig að hann fetaði í fótspor stórleikara sem áður höfðu túlkað Winston. Hann segir Albert Finney hafa verið dásamlegan en leikur hans hafi einng frelsað hann. „Fínt, það er ekki nauðsynlegt að vera hann, ég þarf aðeins að segja sögu hans, að holdgera hvað hann var í huga alls þessa fólks og hvaða áhrif hann hafði á það."

## 3. Brendan Gleeson
### Into the Storm (2009)

Brendan Gleeson, eini írski leikarinn sem hefur tekist á við hlutverk Churchills, tók við keflinu af Finney í þessu framhaldi The Gathering Storm. Myndin fylgir Churchill frá því hann verður forsætisráðherra til 1945 þegar þjóð hans hafnaði stríðsleiðtoga sínum í kosningum.

## 4. Simon Ward
### Young Winston (1972)

Richard Attenborough leikstýrði þessari hressilegu mynd sem baðar hinn unga Churchill í nokkrum hetjuljóma. Myndin byggir á sjálfsævisögu Winstons, My Early Life, sem kom út 1930. Hér segir frá barnæsku hans, ævintýrum hans sem stríðsfréttaritara í seinna Búastríðinu í Suður-Afríku og uppgangi hans í stjórnmálum sem skila honum á þing í fyrsta sinn.

thorarinn@frettabladid.is

# VIÐ ERUM AÐ FERMAST !

## GALLERI SAUTJÁN 2018

... fleiri myndir á
**facebook.com/gallerisautjan**

galleri sautján

KRINGLAN | SMÁRALIND








# Góða skemmtun í bíó

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 1. FEBRÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Reykjavík Cocktail Weekend 2018 í Bjórgarðinum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bjórgarðinum, Þórunnartúni
Við blásum til svakalegrar veislu á Reykjavík Cocktail Weekend í samstarfi við Ölgerðina í Bjórgarðinum. Við ætlum að fara alla leið og verður húsbandið, JazzenHausen í Metallica filing og tekur þekkta slagara í djassútgáfum.

### Viðburðir

**Hvað?** Frúin í Hamborg — um upptök þýskrar verslunar á Íslandi á 15. öld og blómaskeið hennar á 16. öld
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Lögbergi, Háskóla Íslands
Í dag heldur Helgi Þorláksson, prófessor emeritus í sagnfræði við Háskóla Íslands, fyrirlestur hjá Miðaldastofu Háskóla Íslands í stofu 101 í Lögbergi um upptök þýskrar verslunar á 15. öld og blómaskeið hennar á 16. öld.

**Hvað?** Málþing um erfðafræðileg áhrif laxeldis á villta laxastofna
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Íslenskri erfðagreiningu
Málþingið fer fram fimmtudaginn 1. febrúar í Fróða, fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, og stendur frá kl. 13.00-16.30. Fjórir fyrirlesarar halda erindi.

**Hvað?** Opnun Þýskra kvikmyndadaga
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Opnunarmynd Þýskra kvikmyndadaga er In the Fade leikstýrt af Fatih Akin með Diane Kruger í aðalhlutverki en myndin hlaut Golden

Rapparinn Kilo verður með Bingó á skemmtstaðnum Tívolí í kvöld.

Sigurborg Stefánsdóttir sýnir málverk í Gallerí Gróttu á Eiðistorgi.

Globe verðlaunin sem besta erlenda kvikmyndin 2018. Myndin er sýnd á þýsku með enskum texta.

**Hvað?** Sci fi quiz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Lebowskibar, Laugavegi
Fimmtudaginn 1. febrúar verður Movie Quiz með Sci Fi þema á Lebowski Bar.

**Hvað?** Kilo Bingo á Tivoli Bar
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Tivoli bar, Hafnarstræti
Í fyrsta skipti á ævinni mun okkar maður KILO / KiloKefCity halda bingó á neðri hæðinni hjá okkur á Tivoli Bar.

### Sýningar

**Hvað?** Vetrarmyndir
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Gallerí Gróttu
Málverkasýning Sigurborgar Stefánsdóttur stendur til 3. mars.

**Hvað?** Án titils – samtímalist fyrir byrjendur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Listasafn Reykjavíkur býður upp á létta leiðsögn um valdar sýningar í Hafnarhúsinu fyrir gesti sem vilja forvitnast um hvað er í gangi í samtímalist. Markhópurinn er fróðleiksfúsir byrjendur á öllum aldri. Sagt verður stuttlega frá sögu Listasafns Reykjavíkur og hlutverki þess, sérstöðu Hafnarhúss sem miðstöðvar samtímamyndlistar og einstakri hönnun hússins. Loks skoðum við saman nokkur verk á sýningum og veltum því fyrir okkur hvað listamennirnir eru að pæla.

**Hvað?** Sjónarhorn
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Safnahúsinu, Hverfisgötu
Sýningin Sjónarhorn er ferðalag um íslenskan myndheim fyrr og nú. Í sjö álmum Safnahússins við Hverfisgötu eru jafn mörg sjónarhorn sem tengja saman ólík listaverk og áhugaverða muni, þvert á efni og tímabil.

**Hvað?** Kann frekar vel við þig en samt ekki – Kristín Dóra
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Hinu húsinu
Áhrif popptónlistar á mannshugann er eins og áhrif hita á eitt stakt poppkorn, það stækkar, fær nýjan tilgang og verður aldrei eins. Á sýningunni skoðar Kristín Dóra sannleikann og hreinskilnina í poppinu. Lagið Hlið við hlið með Friðriki Dór var Kristínu mikill innblástur og er titill sýningarinnar fenginn úr því.

**Hvað?** Fagra veröld
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Mokka-Kaffi, Skólavörðustíg
Á sýningunni „Fagra veröld“ er viðfangsefni Kristjáns Jóns íslenska náttúran. Þetta eru léttar vatnslitamyndir af því sama sem Jónas orti um í hulduljóðum sínum, blómum og gróðri.

**Hvað?** Myrkraverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Á sýningunni eru verk listamanna sem hafa fengið innblástur úr þjóðsögum og ævintýrum eða skapað sinn eigin huliðsheim. Hvort tveggja endurspeglar mannlega tilvist, samskipti, tilfinningar og hugarástand. Sýningin er uppfull af dularfullum og spennandi verkum sem kveikja á ímyndunaraflinu einmitt á myrkasta tíma ársins.



**Guli miðinn**
Bætiefni fyrir alla fjölskylduna á frábæru verði – Guli miðinn fyrir okkur.

***Öll línan á 25% afslætti.***

**Salus jurtaveigar**
Jurtaveigar úr lífrænum hráefnum sem henta allri fjölskyldunni og bragðast vel. Frábært úrval í Heilsuhúsinu.

***Öll línan á 25% afslætti.***

# BÆTIEFNA-TILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA 23.JAN.–4.FEB.

**Terranova**
Hágæða bætiefni, 100% hrein og 100% vegan. Kíktu á frábært úrval í næsta Heilsuhúsi.

***Öll línan á 25% afslætti.***

**Higher Nature**
Lausnamiðuð bætiefni fyrir fólk sem gerir kröfur.

***Öll línan á 25% afslætti.***

**Solaray**
Finndu þinn sólargeisla frá Solaray í Heilsuhúsinu.

***Öll línan á 25% afslætti.***

**Optibac**
Optibac eru sérfræðingar í framleiðslu á hágæða góðgerlum. Mikið úrval góðgerla og þú finnur lausnina fyrir þig.

***Öll línan á 25% afslætti.***

SKOÐAÐU RAFRÆNA ÚTGÁFU HEILSUFRÉTTA Á WWW.HEILSUHUSID.IS

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

**HVERSDAGSREGLUR**
KL. 20:10

Við höfum kynstrin öll af lögum og reglum. Þó koma á hverjum degi upp aðstæður sem við vitum ekki hvernig við eigum að bregðast við. Nú verður loksins tekist á við þetta, valinkunnu fólki hefur verið hóað saman til að setja okkur hversdagsreglur.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**NCIS**
KL. 20:35

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandarískra sjóhersins.

**NEXT OF KIN**
KL. 21:15

Mona Mirza er harmi lostin eftir að bróðir hennar er myrtur og ekki eru öll kurl komin til grafar þegar óþægileg fjölskylduleyndarmál koma upp á yfirborðið. Hörkuspennandi glæný þáttaröð sem enginn má missa af.

**THE X-FILES**
KL. 22:05

Skemmtilegir þættir með þeim Fox Mulder og Dana Scully en þau eru áfram eitt öflugasta teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar þegar kemur að rannsóknum á dularfullum og yfirnáttúrulegum málum.

**SEX AND THE CITY 2**
KL. 22:00

Önnur kvikmyndin um Carrie Bradshaw og vinkonur hennar í New York en þær stöllur kunna aldeilis að lifa hinu ljúfa lífi.

Allt þetta og meira til
á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Hell's Kitchen
**11.00** Brother vs. Brother
**11.45** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Southside with You
**14.25** The Yellow Handkerchief
**16.05** Planet's Got Talent
**16.30** Friends
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Mom
**19.50** The Big Bang Theory
**20.10** Hversdagsreglur
**20.35** NCIS
**21.20** **Next of Kin** Spennandi bresk þáttaröð sem fjallar um hina snjöllu Monu Mirza sem er harmi lostin þegar bróðir hennar er myrtur við sjálfboðaliðastörf. Til að bæta gráu ofan á svart koma í kjölfarið gömul og óþægileg fjölskylduleyndarmál upp á yfirborðið og þá sogast hún inn í atburðarás sem einkennist af svikum og undirferli til þess eins að vernda sig og fjölskylduna.
**22.05** The X-Files
**22.50** Snatch
**23.35** Real Time With Bill Maher Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bill Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundu með hinum ólíkustu gestum.
**00.55** Steypustöðin
**01.20** Burðardýr
**01.50** The Sandham Murders
**02.35** Bancroft
**03.25** Shameless
**04.20** Peaky Blinders
**05.20** Friends

## STÖÐ 2 SPORT

**09.40** Football League Show 2017/18
**10.10** Tottenham - Manchester United
**11.50** Everton - Leicester
**13.30** Haukar - Valur
**15.10** Manchester City - WBA
**16.50** Chelsea - Bournemouth
**18.30** Ensku bikarmörkin 2017
**19.00** Meistaradeildin í hestaíþróttum 2018
**22.00** Newcastle - Burnley
**23.40** Premier League World 2017/2018
**01.40** Seinni bylgjan

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.25** Valur - Selfoss
**08.55** Valur - Njarðvík
**11.00** Southampton - Brighton
**12.40** Stoke - Watford
**14.20** Tottenham - Manchester United
**16.00** Everton - Leicester
**17.40** Sheffield United - Aston Villa
**19.20** Grótta - FH
**21.00** Ensku bikarmörkin 2017
**21.30** Seinni bylgjan
**23.05** ÍR - Stjarnan

## STÖÐ 3

**18.00** Fresh off the Boat
**18.20** Pretty Little Liars
**19.05** Entourage
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Supergirl
**21.35** Arrow
**22.20** Sölumenn dauðans
**23.20** Næturvaktin
**23.50** American Dad
**00.45** Entourage
**01.15** Modern Family
**01.40** Seinfeld
**02.05** Friends
**02.30** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** K3
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Tindur
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** K3
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Tindur
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og litli
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** K3
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Tindur
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Hrúturinn Hreinn

Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 8.24, 12.25 og 16.25

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Omega Dubai Desert Classic
**12.30** Pure Silk Bahamas
**15.30** Farmers Insurance Open
**19.35** Inside the PGA Tour 2018
**20.00** Waste Management Phoenix Open

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.05** Girl Asleep
**12.25** Hitch
**14.20** Snowden
**16.30** Girl Asleep
**17.50** Hitch
**19.50** Snowden
**22.00** Sex and The City 2
**00.25** **The Gallows** Spennutryllir frá 2015 sem segir frá unglingum í framhaldsskóla sem ákveða að minnast látins nemanda við skólann, en hann dó fyrir 20 árum í miðri sýningu á leikriti sem heitir The Gallows. Til að minnast hans ákveða unglingarnir að setja leikritið upp aftur. Þeim verður hins vegar fljótt ljóst að eitthvað er ekki eins og það á að vera.
**01.45** Texas Chainsaw 3D
**03.15** Sex and The City 2

## RÚV

**16.40** Andri á flandri í túristalandi
**17.10** Eyðibýli
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Ég og fjölskyldan mín - Frederik
**18.41** Letibjörn og læmingjarnir
**18.48** Gula treyjan
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.45** Menningin
**19.55** Af fingrum fram
**20.45** Hemsley-systur elda hollt og gott
**21.10** Dánardómstjórinn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Neyðarvaktin
**23.50** Kastljós
**00.05** Menningin
**00.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**11.00** Árshátíðarmyndband kvennaskólans í Reykjavík 2018
**11.20** Síminn + Spotify
**11.40** The Bachelor
**13.10** Dr. Phil
**13.50** 9JKL
**14.15** Wisdom of the Crowd
**15.00** America's Funniest Home Videos
**15.25** The Millers
**15.50** Solsidan
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** The Mick
**20.10** Man With a Plan
**20.35** Ghosted
**21.00** 9-1-1
**21.50** Scandal
**22.35** Fargo
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** 24
**01.30** Taken
**02.15** Stella Blómkvist
**03.05** Law & Order: Special Victims Unit
**03.50** Agents of S.H.I.E.L.D.
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

bauhaus.is

# BAUHAUS®

# 30%

## AFSLÁTTUR AF ALLRI MÁLNINGU FRÁ JÖTUN NÚ UM HELGINA!

JOTUN

Afslátturinn gildir 01. - 04. febrúar 2018.
Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 * laugardaga og sunnudaga 10-18

## Heilsan okkar

**Lára G. Sigurðardóttir,** læknir og doktor í lýðheilsuvísindum

## Hvað er svona hættulegt við kannabis?

Kannabis er algengasta ólöglega fíkniefnið og flestir sem reykja kannabis er ungt fólk. Sumir telja það saklaust því í litlum skömmtum koma sjaldan fram alvarlegar aukaverkanir. En það er með kannabis eins og önnur fíkniefni, að ekki er hægt að sjá fyrir um hverjir hljóta skaða af neyslunni en almennt gildir að við mikla og langvarandi neyslu eykst hættan.

Fólk undir áhrifum kannabis getur upplifað breytta skynjun (t.d. sjá bjartari liti), aukna matarlyst, kvíða, minnisskerðingu, ofskynjanir og geðrof. Mikil ógleði og uppköst geta einnig komið fram.

Við langvarandi neyslu getur kannabis skert greind ungmenna. Þegar heilinn er að taka út þroska myndar hann sífellt ný taugamót og samkvæmt dýrarannsóknum truflar kannabis myndun nýrra taugamóta. Afleiðingarnar geta verið erfiðleikar með einbeitingu og að festa minningar í sessi. Sýnt hefur verið fram á að vitsmunagetan sem tapast kemur ekki aftur þegar kannabisneyslu er hætt. Þessi áhrif virðast ekki eiga við um fullorðið fólk.

Kannabis getur valdið öndunarfæravandamálum líkt og tóbaksreykingar og einnig hröðum hjartslætti, sem getur aukið hættu á hjartaáfalli. Kannabis getur líka valdið ofsóknaræði og geðsjúkdómum eins og geðklofa, kvíða og þunglyndi og aukinni hættu á sjálfsvígum. Jafnframt eru þeir sem nota kannabis líklegri til að fá geðrofssjúkdóma eins og geðklofa. Ef kannabis er neytt á meðgöngu eða á tíma brjóstagjafa getur það valdið þroskavandamálum hjá barninu.

Varhugavert er að styrkleiki vímugjafans THC í kannabis hefur verið að aukast jafnt og þétt síðustu áratugi, sem þýðir að sá sem byrjar að reykja kannabis í dag innbyrðir mun meira af THC en tíðkaðist t.d. á hippaárunum. Ljóst er að kannabis er skaðlegt efni sem getur haft óafturkræf og alvarleg áhrif á heilsuna. Hægt er að fá frekari upplýsingar á vefnum kannabis.is

**NIÐURSTAÐA:** Kannabis getur verið skaðlegt á nokkra vegu, meðal annars með því að auka líkur á geðsjúkdómum og valda óafturkræfri greindarskerðingu meðal ungmenna.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**

Ninna mun brátt gefa egg í von um að geta aðstoðað fólk í frjósemisvanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Talar opinskátt um eggjagjöfina

**Ninna Karla Katrínardóttir** er í miðju eggjagjafarferli vegna þess að hana langar að aðstoða fólk í frjósemisvanda við að láta draum sinn um að eignast barn rætast. Ninna Karla hefur talað opinskátt um eggjagjöf á samfélagsmiðlum og vonast til að vekja fólk til umhugsunar.

Ég byrjaði á fyrstu lyfjunum fyrir viku," segir Ninna Karla Katrínardóttir sem er í miðju eggjagjafarferli því hana langar til að hjálpa fólki í frjósemisvanda. Meðferðin getur tekið tvær til þrjár vikur og Ninna vonast til að hún skili því að tvær konur fái egg frá henni. Þess má geta að núna eru 78 konur á biðlista eftir eggi hjá LIVIO Reykjavík, sem áður hét IVF-klínikin.

„Mér finnst þetta eitthvað svo sjálfsagt. Ég á tvö börn og ætla mjög líklega ekki að eignast fleiri. Ég átti börnin mín mjög auðveldlega og mér þykir mjög leiðinlegt að allir geti ekki eignast börn sem vilja það," segir Ninna spurð út í af hverju hún vilji gefa egg. „Ég á sjálf fullt af eggjum sem ég hef ekkert með að gera. Og það eru konur sem þurfa á þeim að halda."

> **ÉG Á SJÁLF FULLT AF EGGJUM SEM ÉG HEF EKKERT MEÐ AÐ GERA. OG ÞAÐ ERU KONUR SEM ÞURFA Á ÞEIM AÐ HALDA.**

Þetta verður í annað sinn sem Ninna gefur egg. „Ég var búin að ætla að gera þetta í mörg ár en einhvern veginn frestaði þessu alltaf. En það var svo í fyrra sem vinkona mín hafði samband við mig og bað mig hreinlega um að gefa sér egg, vegna þess að hún og maðurinn hennar voru að reyna að eignast barn. Þá loksins dreif ég í þessu og gaf þeim egg, sem reyndar varð ekki að barni, því miður."

Í þetta sinn er hún ekki að gefa vinkonu egg. „Núna er ég bara að gefa egg almennt og þá fá mögulega tvær konur egg frá mér," útskýrir Ninna. Hún mun ekki fá upplýsingar um hvert eggin hennar fara en hún ætlar þó að vera svokallaður „þekktur gjafi". „Maður getur valið hvort maður er þekktur gjafi eða óþekktur. Að vera þekktur gjafi þýðir að barnið sjálft getur fengið upplýsingar um mig og leitað að mér þegar það er orðið 18 ára. Mér finnst það mjög mikilvægt að hafa þetta þannig vegna þess að við erum á Íslandi, þetta er svo lítið land. Og bara vegna þess ef barnið myndi t.d. kynnast mínum börnum," segir hún og hlær.

Ninna segist ekki vera búin að hugsa mikið út í hvernig það yrði ef barnið eða börnin sem yrðu til úr eggjum hennar kæmu svo bankandi upp á eftir tvo áratugi. „Ég veit ekki. Ég myndi örugglega bara taka því með opnum örmum. Maður þarf náttúrulega að gera ráð fyrir að það geti gerst. Maður tekur bara á því þegar þar að kemur. En ég held að það yrði bara skemmtilegt," segir Ninna glöð í bragði.

Þess má geta að þótt konur sem gefa egg fái ekki að vita hvert eggin þeirra fara þá fá þær samt upplýsingar um hvort aðgerðin hafi heppnast „Það er ágætt að fá þær upplýsingar, því þá fær maður smá svona „closure"."

### Passað vel upp á eggjagjafann

Ninna segir sjálft eggjagjafarferlið í fyrra hafa gengið vel og að það hafi ekki valdið henni miklum líkamlegum óþægindum. „Ég fann auðvitað aðeins fyrir þessu því maður er að sprauta sig með miklu af hormónum. En svo er auðvitað misjafnt hvernig þetta fer í konur. Ég var aðeins þrútin í kringum magasvæðið og varð alveg rosalega meyr, ég grét yfir öllu eins og ég væri ólétt," segir hún og skellir upp úr. „Svo á eggheimtudeginum þá varð ég smá slöpp og líka í tvo, þrjá daga eftir á. Annars fylgdu þessu ekki mikil óþægindi myndi ég segja. Það er passað vel upp á mann."

### Vill vekja fólk til umhugsunar

Ninna hefur talað opinskátt um eggjagjöfina á Snapchat og vonar að það veki aðrar konur til umhugsunar. Áhugasamir geta fylgst með Ninnu á Snapchat en notandanafn hennar er ninnakarla. „Ég vona að aðrar konur sem geta gefið egg sjái að þetta er minna mál en maður heldur," segir Ninna sem er þeirrar skoðunar að það vanti upp á upplýsingar um eggjagjöf.

„Ég held að fáir séu að pæla í þessum möguleika og maður heyrir lítið um að það vanti eggjagjafa. En það er mikil þörf á eggjum og það er tveggja ára biðlisti eftir eggi hjá Klínikinni. Það er hrikalega langur tími."

Ninna bætir að lokum við: „Mér finnst dásamlegt að hugsa til þess að ég geti gefið fólki tækifæri til að eignast barn, fólki sem er kannski búið að láta sig dreyma um að eignast barn í mörg ár."

**gudnyhronn@frettabladid.is**

# ÚTSÖLULOK

**SMÁRATORGI**
smaratorg@pier.is
5227860

**KORPUTORG**
korputorg@pier.is
5527870

**GLERÁRTORG**
glerartorg@pier.is
5227880

**SELFOSS**
selfoss@pier.is
5227890



Frá uppsetningu MH á verkinu árið 1991. Páll Óskar fór þá einnig með hlutverk Frank N Furter.

Valdimar fetar í fótspor Meatloaf og leikur Eddie.

# Hrá og hressileg költsýning

Bragi Valdimar þýddi verkið.

## Sweet Transvestite

**Textabrot úr laginu Sweet Transvestite sem Frank N Furter (Páll Óskar) flytur**

Elskurnar mínar
svona sætar og fínar
sá þið hittuð staffið mitt.
Þau eru ekkert of hress
en það er bara vegna þess
þau vantar... stöffið sitt.

Fríkið ekki út
þó að ég svona kjút.
Umbúðirnar augun blekkja.
Ég held aftur af mér
þar til myrkva fer
en þá tekur líka rekkjan að trekkja!

Því ég er djörf og djúsí drusla
frá háhæluðu Transylvaníu — aha!

Söngleikurinn Rocky Horror verður frumsýndur í mars. Ákveðið var að ráðast í að þýða allt heila klabbið upp á nýtt og til þessa verks var fenginn **Bragi Valdimar**, sá frómi textasnillingur, en honum fannst verkið erfitt en skemmtilegt.

Költ-söngleikurinn Rocky Horror verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu þann 16. mars. Páll Óskar Hjálmtýsson fer með aðalhutverkið, Frank N Furter, í sýningunni en það verður í annað sinn sem hann bregður sér í hlutverkið. Fyrsti gerði hann það í uppfærslu MH á söngleiknum árið 1991.

Valdimar Guðmundsson ætlar að tækla Eddie en Meatloaf fór með sama hlutverk í kvikmyndinni.

Aðrir leikarar eru Arnar Dan Kristjánsson sem Rocky, Björn Stefánsson fer með hlutverk Riff Raff, Brynhildur Guðjónsdóttir sem Magenta, Haraldur Ari Stefánsson sem Brad Majors, Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikur Dr. Scott, Vala Kristín Eiríksdóttir verður Columbia, Valur Freyr Einarsson sögumaðurinn og Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikur Janet Weiss.

**„ÞETTA ER NÁTTÚRULEGA HRÁTT OG HRESSILEGT, ÞAÐ ÞARF AÐ HALDA Í VIÐ ÞAÐ. SVO ER HELLINGUR AF LÖGUM – ÞAÐ ÞURFTI AÐ FINNA RÍMORÐ Í ÞETTA ALLT SAMAN.**

Með leikstjórn fer Marta Nordal, Jón Ólafsson er tónlistarstjóri, Lee Proud er danshöfundur, Ilmur Stefánsson sér um leikmynd, Filippía Elísdóttir ásamt Elínu Sigríði Gísladóttur sér um búninga og Björn Bergsteinn Guðmundsson um lýsingu. Það er svo Bragi Valdimar Skúlason sem þýðir verkið.

„Þetta gekk hægar en ég bjóst við, mér fannst það svolítið merkilegt," segir Bragi aðspurður hvernig honum hafi gengið að koma verkinu yfir á íslensku.

„Þetta er svolítið flókið, þetta verk er náttúrulega að nálgast fimmtugsaldurinn og ýmislegt þarna sem þarf að færa inn í nýja tíma. Þetta er náttúrulega hrátt og hressilegt, það þarf að halda í við það. Svo er hellingur af lögum – það þurfti að finna rímorð í þetta allt saman. Þetta var mjög gaman."

Forsala á söngleikinn hefst í dag. Fyrstu 500 miðunum sem keyptir verða á staðnum í miðasölu Borgarleikhússins fylgir miði á opna æfingu föstudaginn 23. febrúar og tækifærið til að vera í hópi þeirra fyrstu sem sjá brot úr sýningunni. Þá verður miðinn einnig á sérstökum forsöluafslætti fyrsta daginn hvort sem keypt er á borgarleikhus.is eða í miðasölunni.

stefanthor@frettabladid.is

Páll Óskar fer með hlutverk Frank N Furter.

RICHARD O´BRIEN´S
ROCKY HORROR SHOW
MIÐASALA HEFST KL. 10 Í DAG
1.000 KR. AFSLÁTTUR FYRSTA SÓLARHRINGINN
KAUPAUKI
500 FYRSTU SEM MÆTA Í MIÐASÖLUNA FÁ MIÐA Á OPNA ÆFINGU Á ROCKY HORROR. HÚSIÐ OPNAR KL. 10.
BEST AÐ BÓKA Á BORGARLEIKHUS.IS

GLAMOUR.is

Allt það
helsta úr *heimi*
TÍSKUNNAR
*á einum stað*






**Armbandsúr alveg eins og þetta sem sést hér að ofan er selt í nokkrum íslenskum vefverslunum. Úrin eru markaðssett sem íslensk hönnun og yfirleitt seld á um 20.000 krónur. Það er óhætt að segja að um mikla álagningu sé að ræða.**

# „Verður ekkert hönnuður með því að ákveða það bara“

Upp á síðkastið hafa vefverslanir verið að spretta upp þar sem kínverskur fjöldaframleiddur varningur er markaðssettur sem íslensk hönnun og seldur á uppsprengdu verði. **Halla Helgadóttir** hjá Hönnunarmiðstöðinni segir fólk oft fara frjálslega með orðið „hönnun“.

Undanfarið hefur borið nokkuð á því að fólk sé að kaupa hræódýra hluti, svo sem armbandsúr og skartgripi, í miklu magni frá Kína í gegnum vefverslanir og selja á Íslandi á uppsprengdu verði undir þeim formerkjum að um íslenska hönnun sé að ræða.

Nýjasta dæmið eru armbandsúrin frá Nora sem eru markaðssett sem íslensk hönnun. Á Facebook-síðu Nora segir meðal annars: „Öll hönnun og vöruþróun á sér stað á vinnustofu á Íslandi.“ En netverjar hafa undanfarið vakið athygli á að úrin eru keypt í netverslun í Kína og að ekki sé um íslenska hönnun að ræða.

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, segir þessa þróun slæma en huggar sig þó við að flestir séu að verða æ meðvitaðri um mikilvægi hönnunar og áhugasamari um vandaða hönnun.

„Þú verður ekkert hönnuður með því að ákveða það bara sjálfur,“ segir Halla. „Það liggur yfirleitt þriggja til fjögurra ára nám að baki því að vera hönnuður. Hönnun er starfsgrein og það að vera hönnuður er ekki það sama og að búa eitthvað til. Það er mikill misskilningur,“ útskýrir Halla sem finnst stundum eins og orðið „hönnun“ sé notað ansi frjálslega.

Halla tekur dæmi: „Eins og sagan sem ég heyrði um daginn af konu sem kaupir ódýr teppi í IKEA og klippir þau á ákveðinn hátt. Svo leggur hún gríðarlega á þau og selur sem sína hönnun.“

**Netverjar hafa undanfarið verið duglegir við að vekja athygli á því að úrin frá Nora Watches virðast fást á vefsíðum á borð við Aliexpress.**

### HLUTVERK HÖNNUNARMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS:

Hönnunarmiðstöð Íslands er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Meginhlutverk Hönnunarmiðstöðvar er að efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar fyrir samfélagið og íslenskt efnahagslíf og benda á þá miklu verðmætasköpun sem getur falist í íslenskri hönnun fyrir þjóðfélagið allt.

**„ÞAÐ LIGGUR YFIRLEITT ÞRIGGJA TIL FJÖGURRA ÁRA NÁM AÐ BAKI ÞVÍ AÐ VERA HÖNNUÐUR.**

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstövar

„Annars held ég að vitundarvakningin sé að aukast og á undanförnum árum hefur áhugi á hönnun og virðing fyrir menntun verið að færast í vöxt.“

**gudnyhronn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Máté Dalmay *mate@365.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# NÝTT

## Matardiskur
Tveir diskar.

**1.395**

41114700

## Skál
Tvær skálar.

**1.195**

41114703

## Kaffibolli
Tveir bollar með undirskál.

**1.495**

41114704

## Kanna
Tvær könnur.

**1.195**

41114705

Auglýsingin er birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda 19. febrúar eða á meðan birgðir endast.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 1.sæti 2017

# ALESSI

## Komið í takmörkuðu upplagi!

Alessi er ítalskt framleiðslufyrirtæki eldhúsvöru, stofnað 1921. Síðustu ár hefur Alessi getið sér frægðar fyrir frábært samstarf við helstu hönnuði samtímans og má þar helst nefna hinn franska Philippe Starck. Í þetta sinn bjóðum við upp á diska, kaffisett og skálar - komdu og skoðaðu fallegar vörur.

RCR CRISTALLERIA ITALIANA

**Frábært verð**

## Vínglös kristall
Ítalskur gæðakristall.
6 stykki. 210ml.

**3.995**

41114711

Russell Hobbs

## Ruslafata
50 l. Skynjari opnar - snertilaust. Svört.

TILBOÐ

**10.495**

41114717

Almennt verð: 13.995

40 l. Skynjari opnar - snertilaust. Rauð.

TILBOÐ

**9.745**

41114718

Almennt verð: 12.995

25% afsláttur

## ENN MEIRA ÚRVAL Í VERSLUN

# Nýtt blað

JKE innréttingar, Alessi, RCR kristall, ruslafötur með snertilausri opnun, tússtöflumálning, litur mánaðarins, ryksugur, háþrýstidælur, bílavörur, parket, flísar og ljós - eitthvað fyrir alla!

**Skoðaðu á byko.is**

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG HEILSUDÝNUR • CAFLAR • SA

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

# ÚTSALA

## LÝKUR Á LAUGARDAG

## EKKI MISSA AF ÞESSU

**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

ENGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

# ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
**www.betrabak.is**
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Betra BAK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR

Baldurs Guðmundssonar

## Nístingskuldi á Nýbýlavegi

Það tók mig 20 fjandans mínútur að aka niður hálfan Nýbýlaveginn í gær. Mér skilst að umferðin þennan hrollkalda janúarmorgun hafi verið á pari við andlega líðan mína eftir bílferðina; óvenju slæm.

Síðastliðið sumar sótti að mér sú þrá að eignast jeppa. Eftir að hafa reynsluekið spánnýjum 5 milljóna Land Rover Discovery-jepplingi kom babb í bátinn. Ég átti ekki 5 milljónir. Úr varð að ég sættist á þá „málamiðlun“ að kaupa reiðhjól. Niðurlægingin var yfirþyrmandi og algjör. Á þeim stað var ég andlega eftir þessa sneypuför að mér fannst ég hafa unnið varnarsigur þegar ég laumaðist til að panta mér rafknúið reiðhjól. Annað okkar hjóna tók vanalega strætó í vinnuna, áður en hjólið kom til sögunnar. Mér reiknast til að ég borgi hjólið upp á rúmlega einu ári, ef ég hjóla alla daga í vinnuna.

Frá því í ágúst hef ég hjólað í vinnuna daglega. Ég bý fyrir neðan Nýbýlaveg og hjóla niður Fossvogsdal, upp meðfram Kringlumýrarbraut og niður í Hlíðar. Ferðalagið tekur mig 10 til 12 mínútur – rafhjólum er nefnilega sama um vind og brekkur.

Á þeim tíma sem það tók mig að aka niður hálfan Nýbýlaveginn hefði ég getað hjólað í vinnuna og heim aftur. Negld dekk, ljós á hjólið, góður hlífðarfatnaður og hæfileg hreyfing gerir ferðalagið á rafhjólinu beinlínis notalegt og nær úr manni morgunhrollinum, eins öfugsnúið og það kann að hljóma.

Þar sem ég sat fastur í umferðarteppunni – og virti argur fyrir mér þreytulega og skjálfandi samborgara mína í næstu bílum – rann það upp fyrir mér að mér er fyrirmunað að skilja hvers vegna hjólreiðastígar borgarinnar eru ekki fullir af rafhjólum. Þessi Land Rover má bara eiga sig sjálfur.

*Hummusinn frá Sóma*

★GERIR KRAFTAVERK★

— FYRIR DAGLEGT BRAUÐ —

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

Opið 24 tíma
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

4BLS
BÆKLINGUR
Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TOLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 I Akureyri • Undirhlíð 2